skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur

Minningar vakna
Krambúð sem minnir á gamla tíma er opin á þorranum á Hjúkrunarheimilinu Eir.
allt 4

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Föstudagur
21. janúar 2011
17. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000



Ungur bæjarlistamaður
Birna Hallgrímsdóttir pianóleikari er bæjarlistamaður Seltjarnarness.
tímamót 20

Heimsendir í nánd
Sjónvarpsþættirnir Heimsendir verða helmingi stærri en Fangavaktin.
fólk 38

Rýnir í handboltann
Hafrún Kristjánsdóttir er orðin vön að vera ein af strákunum.
Föstudagsviðtalið 12

veðrið í dag



HLÝNANDI Suðvestan 10-18 m/s NV- og V-til á landinu og væta, annars yfirleitt hægari og þurrt eystra. Hiti 2-8 stig.

VEÐUR 4

Sjálfstæðisflokkurinn nýtur meiri stuðnings en stjórnin

Stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn eykst samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Stjórnarflokkarnir mælast með stuðning 42,3 prósenta. Framsóknarflokkurinn bætir við sig en Hreyfingin tapar fylgi.

KÖNNUN Fleiri styðja Sjálfstæðisflokkinn en Samfylkinguna og Vinstri grænn samanlagt samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnunina gætu Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur myndað meirihlutastjórn.

Rétt er að taka niðurstöðum könnunarinnar með talsverðum fyrirvara þar sem aðeins um 54 prósent þeirra sem þátt tóku í könnuninni vildu gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa yrði gengið til kosninga nú. Þetta gefur sterklega til kynna að lítið hafi dregið úr óánægju almennings með hefðbundna stjórnmálaflokka.

Sjálfstæðisflokkurinn nýtur nú stuðnings 43,4 prósenta samkvæmt könnuninni, sem er 7,8 prósentustigum meira en í könnun Fréttablaðsins í september síðastliðnum. Alls sögðust 25,8 prósent styðja Samfylkinguna, 2,6 prósentustigum meira en í september. Um 16,5 prósent styðja nú Vinstri grænn, og hefur fylgið minnkað um 9,1 prósentustig frá því í september í fyrra.

Stjórnarflokkarnir mælast með stuðning 42,3 prósenta þeirra sem gefa upp afstöðu til flokka, og fengju samtals 28 þingmenn kjörna yrðu þetta niðurstöður þingkosninga.

Framsóknarflokkurinn nýtur samkvæmt könnuninni stuðnings 11,8 prósenta kjósenda, 4,5 prósentustigum meira en í september.

Aukinn styrkur Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks opnar á möguleikann á gamalkunnu stjórnarformi. Flokkarnir gætu myndað meirihluta með 35 þingmenn yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnun Fréttablaðsins.

Samkvæmt könnuninni hrynur stuðningur við Hreyfinguna frá síðustu könnun. Um 2,1 prósent styður flokkinn nú, en 5,6 prósent studdu hann í september í fyrra. - bj / sjá síðu 4

Fylgi stjórnmálaflokkanna



FRÁBÆR SEINNI HÁLFLEIKUR HJÁ STRÁKUNUM Íslenska handboltalandsliðið fór illa með Norðmenn í seinni hálfleik, sem liðið vann 17-10. Hér fagna strákarnir frábærum sigrinum sem skilaði liðinu fullu húsi stiga inn í milliriðilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Góður sigur á Norðmönnum:

Efstir í milliriðli

HM 2011 Íslenska handboltalandsliðið átti enn einn frábæran leik á HM í handbolta í gær þegar liðið vann sjö marka sigur á Norðmönnum, 29-22. Ísland hefur aldrei áður unnið fimm fyrstu leiki sína á HM. Strákarnir fara því með 4 stig og 13 mörk í plús inn í milliriðlinum og eru efstir því Frakkar og Spánverjar gerðu jafntefli í gær og eru bæði með þrjú stig.

„Ég var afskaplega ánægður með þennan leik. Sóknarleikurinn var ekki upp á það besta í fyrri hálfleik en snarbatnaði í síðari hálfleik. Varnarleikurinn varð enn betri og markvarslan náttúrlega bara stórkostleg hjá Björgvini," sagði afar sáttur landsliðsþjálfari, Guðmundur Guðmundsson. Fyrsti leikurinn í milliriðli er gegn Þjóðverjum á morgun

- óój / sjá Íþróttir bls. 32 og 34

Fréttablaðið er nú með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.

Handtökur og húsleitir vegna fjárausturs úr Landsbankanum degi fyrir fall hans:

35 milljarða viðskipti til rannsóknar

LÖGREGLUMÁL Sérstakur saksóknari gerði í gær húsleitir á fimm stöðum, meðal annars í Seðlabanka Íslands, og handtók fjóra fyrrverandi starfsmenn Landsbankans vegna rannsóknar á 35 milljarða viðskiptum sem Landsbankinn átti 6. október 2008, daginn áður en bankinn var tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu. Alls voru á annan tug manna yfirheyrðir.

Þeir sem voru handteknir eru Jón Þorsteinn Oddleifsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri eignastýringar bankans, Þórir Örn Ingólfsson, fyrrverandi yfirmaður áhættustýringar, Hannes Júlíus Hafstein, fyrrverandi deildarstjóri fjárfestingarbanka á lögfræðisviði bankans, og Stefán Héðinn Stefánsson, fyrrverandi stjórnarformaður Landsvaka og núverandi aðstoðarforstjóri Saga fjárfestingarbanka. Þeir voru allir látnir lausir eftir yfirheyrslur í gærkvöldi.

Annars vegar snýr rannsóknin að millifærslum af reikningi Landsbankans í Seðlabankanum yfir til MP banka og Straums vegna endurhverfra viðskipta við Seðlabankann. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru 7,2 milljarðar millifærðir til Straums og 7,4 milljarðar til MP banka.

Einnig eru til rannsóknar kaup bankans á bréfum í sjálfum sér og Straumi úr sjóðum Landsvaka fyrir tæpa 20 milljarða eftir að sjóðunum var lokað. - sh / sjá síðu 10

ÍSLENSK GRATÍN
Þú finnur íslensku gratínin í **frystinum** í næstu verslun!

Fyrir krakkana! Bráðskemmtileg þorrasaga



SPURNING DAGSINS

„Ólína, eru kvótagreifarnir kyrkjunarmenn?“

„Já, þeir herða takið.“

Haft var eftir Ólínu Þorvarðardóttur, þingmanni Samfylkingarinnar, í Fréttablaðinu í gær að ekki mætti dragast lengur að koma á gagngerum breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu, það væri að kyrkja byggðirnar.

Þrítug kona liggur þungt haldin á gjörgæsludeild Landspítalans:

Í lífshættu vegna svínaflensu

HEILBRIGÐISMÁL Þrítug kona liggur nú á gjörgæsludeild Landspítala með alvarleg sjúkdómseinkenni af völdum svínainflúensu. Konan var lögð inn í fyrradag. Hún hafði ekki verið bólusett gegn inflúensunni en er með undirliggjandi áhættuþætti sem auka líkur á alvarlegum veikindum af völdum inflúensunnar.

„Það er staðfest að eitthvað á annan tug manna hefur fengið hana hér,“ segir Haraldur Briem sóttvarnalæknis. „Einnig fylgjumst við með inflúensulíkum einkennum og hafa nú verið skráð á annað hundrað tilvik. Mjög líklegt er að um svínainflúensu sé að ræða í þessum tilvikum, þar sem hún hefur verið staðfest hér.

Við erum hins vegar að vona að bólusetningin dragi verulega úr faraldrinum.“

Mikið álag er nú á gjörgæsludeildum í mörgum nágrannalöndunum vegna svínainflúensunnar sem sækir í sig veðrið, að því er Haraldur segir.

Enn sem komið er virðist inflúensan ekki hafa náð mikilli útbreiðslu í samfélaginu hér.

BÓLUSETNING Sóttvarnalæknir hvetur fólk til að láta bólusetja sig sem fyrst.

Er fólk sem ekki hefur fengið inflúensubólusetningu hvatt til að láta bólusetja sig sem fyrst, að sögn sóttvarnalæknis. - jss

Ekkert lát á flóðunum:

Þúsundir flýja undan flóðum

ÁSTRALÍA, AP Ekkert lát er á flóðunum í Ástralíu. Í gær urðu þúsundir íbúa í Kerang að flýja heimian.

Stjórnvöld í Ástralíu segja að flóðin undanfarnar vikur verði dýrustu náttúruhamfarir í sögu landsins. Þau hafa kostað þrjátíu manns lífið og stöðvuðu að stórum hluta starfsemi kolaiðnaðarins í landinu. Fyrstu vikurnar voru flóðasvæðin að mestu bundin við Queensland, en í þessari viku hafa þau helst verið í Viktoríufylki, sem er í suðausturhlutanum. - gb

Batamerki þingkonu:

Getur staðið á eigin fótum

BANDARÍKIN, AP Bandaríska þingkonan Gabrielle Giffords, sem særðist alvarlega á höfði í skotárás, sýnir batamerki. Hún stóð upp og horfði út um gluggann á sjúkrahúsi í Tucson, þar sem hún dvelur.

Ekki er þó vitað enn hvort hún getur talað eða hve vel hún sér.

Hún verður innan skamms flutt til borgarinnar Houston, þar sem hún mun gangast undir stranga andlega og líkamlega endurhæfingu. Þar mun hún þurfa að læra að hugsa og skipuleggja hlutina upp á nýtt. - gb

Skipulögð árás segir settur saksóknari

Settur saksóknari í máli ákæruvaldsins gegn níu einstaklingum segir að þeir hafi skipulagt árás á Alþingi árið 2008. Verjandi fjögurra sakborninga segir að árásartilkynning frá Alþingi hafi orðið til þess að svo fór sem fór.

DÓMSMÁL Settur ríkissaksóknari, Lára V. Júlíusdótttir, sagði í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að um fyrirfram skipulagða árás hefði verið að ræða, þegar níu einstaklingar fóru inn í Alþingishúsið 8. desember 2008.

Málflutningur stóð yfir í gærdag í héraðsdómi og lauk ekki fyrr en síðdegis.

Saksóknari fór yfir sakargiftir hvers og eins nímenninganna og rakti atburðarásina. Komið hefði árásarboð frá Alþingi. Fólk hefði verið á leið upp stiga hrópandi slagorð og hótanir um ofbeldi. Þingverðir og lögreglumenn hefðu slasast. Fólkið hefði ráðist í sameiningu að Alþingi til að trufla störf þess og hindra að þingfundur færi fram. Um skipulagt brot hefði verið að ræða og öryggi Alþingis hefði verið ógnað. Þarna hefði verið um samverknað einstaklinga að ræða og ákærðu hefðu fullframið brot með innrás.

Lára vísaði til þess að í stjórnarskrá segir að Alþingi sé friðhelgt. Fólkið hefði ráðist í sameiningu inn, rofið friðhelgi þess og starfsfrið og ógnað öryggi þeirra er inni voru. Það hefði ruðst gegn þingvörðum og lögreglu.

Síðan rakti saksóknari hvernig þau brot sem nímenningarnir eru ákærðir fyrir falla undir tilteknar hegningarlagagreinar. Brot gegn 100. grein varðar að minnsta kosti eins árs fangelsi.

Ragnar Aðalsteinsson, verjandi fjögurra sakborninga í málinu, lagði áherslu á að fólkið hefði verið í stjórnarskrárbundnum rétti til þess að hlýða á umræður á Alþingi. Réttur til friðsamlegra mótmæla félli undir mannréttindi og nyti verndar stjórnarskrárinnar.

MÓTMÆLI Allmargir mótmælendur voru mættir í Héraðsdóm Reykjavíkur skömmu fyrir hádegishlé í gær til stuðnings við nímenninganna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ragnar rakti gang atburða og sagði að árásartilkynning þingvarðar hefði orðið til þess að kallað hefði verið út allt tiltækt lögreglulið, að minnsta kosti í Reykjavík og Hafnarfirði. Alþingi hefði þannig sent röng skilaboð og talið lögreglu trú um að árás stæði yfir. Alþingi yrði að taka á sig ábyrgð á því sem þar gerðist að því leytinu til.

Þá sagði lögmaðurinn að skrifstofa Alþingis hefði kært atburðinn. Hefði hún ekki fengið umboð forsætisnefndar í þeim efnum væri kæran að engu hafandi. Þá átaldi Ragnar málsmeðferð saksóknara og benti jafnframt á að umræddur atburður hefði orðið í kjölfar hruns, neyðarlaga, óreiðu og kvíða í samfélaginu og ráðleysis stjórnvalda. Efnt hefði verið til mótmælaaðgerða og væri þessi atburður afar lítilvægur miðað við margt annað sem gerðist á þessum tíma.

jss@frettabladid.is

HANDTEKINN Meðlimir í öllum fimm stóru glæpagengjunum í New York voru handteknir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðist til atlögu gegn mafíu:

127 handteknir í aðgerðum FBI

BANDARÍKIN, AP Bandaríska alríkislögreglan (FBI) handtók í gær og ákærði 127 einstaklinga sem grunaðir eru um að vinna fyrir mafíuna. Þetta eru með fjölmennustu fjöldahandtökum í sögu FBI.

Meðal hinna handteknu eru menn sem taldir eru hátt settir meðlimir í Gambino- og Colombo-glæpafjölskyldunum í New York.

Hinir handteknu hafa verið ákærðir fyrir ýmiss konar glæpi, þar á meðal morð, spillingu, eiturlyfjasölu og fjárkúgun. Handtökurnar koma í kjölfar rannsóknar þar sem leynilegum upptökum var meðal annars beitt til að sanna sök. - bj

Grunuð um íkveikju í fjölbýli:

Brennuvargur í gæsluvarðhaldi

DÓMSMÁL Kona hefur verið úrskurðuð í gæsluvarðhald til 15. febrúar vegna gruns um íkveikju í íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi.

Í greinargerð lögreglustjóra kemur fram að eldurinn hafi verið í þriggja sæta sófa inni í stofu í íbúðinni. Eldfimum vökva hafði verið hellt í sófann.

Konan sem var ein í íbúðinni var gestkomandi þar en hafði hringt í þann sem bauð henni gistingu og sagst ætla að kveikja í íbúðinni.

Í greinargerðinni segir að konunni hefði mátt vera ljóst að íkveikja hefði í för með sér stóralvarlegar afleiðingar fyrir íbúa hússins. Refsilágmark sé tveggja ára fangelsi, en brotið geti varðað ævilöngu fangelsi. - jss

ANDLÁT

Lést vegna heilablóðfalls

Bráðabirgðaniðurstöður krufningar leiða í ljós að tónlistarmaðurinn Sigurjón Brink lést af völdum heilablóðfalls. Sigurjón varð bráðkvaddur á mánudaginn síðstliðinn. Hann lét eftir sig eiginkonu og fjögur börn.

Banaslys í Eyjafjarðarsveit:

Karlmaður varð fyrir bíl og lést

SLYS Karlmaður sem var að skokka á Eyjafjarðarbraut vestri í Eyjafjarðarsveit lést þegar hann varð fyrir fólksbifreið. Slysið átti sér stað um klukkan fimm í gærdag.

Slysið varð rétt sunnan við bæinn Litla-Hvamm, sunnan Akureyrar. Lögreglan á Akureyri rannsakar málið en gat ekki veitt frekari upplýsingar um tildrög slyssins. Málið er komið á borð rannsóknarnefndar umferðarslysa. - sv

Er þinn auður í góðum höndum?

Byrjaðu árið með Auði

- Séreignarsparnaður
- Sparnaður
- Eignastýring

Óháð staða skilar árangri

AUÐUR CAPITAL

Borgartúni 29
S. 585 6500
www.audur.is

Formaður LÍÚ og fulltrúi í samninganefnd Íslands ræddu um ESB og sjávarútveg:

Ekki skrifað undir slakan samning

EVRÓPUMÁL „Ég segi að ef við náum ekki fullnægjandi niðurstöðu þá skrifum við ekki undir,“ sagði Þorsteinn Pálsson, fulltrúi í samninganefnd Íslands gagnvart ESB, á fundi Iceland Seafood um ESB og sjávarútveg í Iðnó í gær. Hann væri því ekki einn af þeim sem lofuðu þjóðinni atkvæðagreiðslu um aðild að ESB undir öllum kringumstæðum.

Þorsteinn sagðist heldur ekki lofa því að hægt yrði í samningaviðræðum að tryggja hagsmuni sjávarútvegs að öllu leyti: „En það eru möguleikar á því og við eigum að láta á reyna.“

Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ, talaði einnig á fundinum og sagði að með aðild yrði lagasetningarvald um sjávarútveg flutt til Brussel.

„Fiskimiðin okkar yrðu sameiginleg auðlind Evrópusambandsins,“ sagði hann. Adolf lagði í framsögu sinni áherslu á að stöðugleikareglan, um að þjóð sem hefði ákveðna veiðireynslu hefði þann rétt óskoraðan áfram, yrði „geirnegld“ inn í aðildarsamning, svo henni yrði ekki breytt síðar.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, spurði framsögumennina tvo álits á nýlegum makrílveiðum Íslendinga: hvað hefði orðið um þær ef þjóðin hefði verið í ESB?

Þorsteinn svaraði því til að um deilistofna væru Íslendingar skuldbundnir til að semja við aðrar þjóðir og staða til slíkra samninga væri betri innan ESB en utan og vísaði til sterkrar stöðu Skota.

Adolf fullyrti hins vegar að innan ESB hefðu Íslendingar „ekki fengið eitt einasta kíló“. - kóþ

Á FUNDI ICELAND SEAFOOD Fyrirtækið stóð fyrir vel sóttri umræðu um ESB og sjávarútveginn í gær í tilefni „markaðsdags“ fyrirtækisins. Þar ræddi meðal annars Þorsteinn Pálsson, sem situr í samninganefnd Íslands gagnvart ESB, um stöðu mála. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Komdu á óvart á bóndadaginn!

Litríkur túlípanavöndur

1.750kr

Öllum blómvöndum og bóndadagsgjöfum fylgir

2 fyrir 1
í hádeginu
alla virka daga
spíran
bistro á 2. hæð Garðheima

2 fyrir 1
á myndina
THE WAY BACK

2 fyrir 1
af matseðli
alla daga
Austur Steikhús

meðan birgðir endast

Gefðu bóndanum gjafabréf í
Grillskóla
Gardheima og Weber

Heilsuhelgi
í Garðheimum

20% afsláttur
af öllum heilsuvörum | frá föstudegi til sunnudags

Kynningar föstudag
frá kl. 15.00 til 18.00

Heilsa | Hafkalk | Yggdrasill | Arka | Öðlingur og Ljúflingur

Guðrún Bergmann kynnir bókina Candida sveppa-sýkingar og veitir ráðgjöf

Anna Rósa grasalæknir kynnir tinktúrur, lífrænar snyrtivörur og veitir ráðgjöf

Gleðjumst | Rœktum | Grillum

Skráning á námskeið hafin á gardheimar.is

Bláberja hrákaka
350kr

spíran
bistro á 2. hæð

GARÐHEIMAR
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI
Í 19ÁR

GENGIÐ 20.01.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	116,99	117,55
Sterlingspund	187,06	187,96
Evra	157,81	158,69
Dönsk króna	21,174	21,298
Norsk króna	20,004	20,122
Sænsk króna	17,621	17,725
Japanskt jen	1,4230	1,4314
SDR	181,88	182,96

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 214,1636

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landspítalinn rekinn með 52 milljóna króna tekjuafgangi á síðasta ári:

Skorið niður um 3,4 milljarða í fyrra

HEILBRIGÐISMÁL Landspítalinn var rekinn með 52 milljóna króna tekjuafgangi á árinu 2010. Þetta kemur fram í bráðabirgðauppgjöri spítalans sem nú liggur fyrir.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítala, segir að á árinu 2010 hafi spítalanum verið gert að lækka kostnað sinn um 3.400 milljónir króna. „Það tókst með mikilli vinnu, eljusemi og fagmennsku starfsmanna. Þjónusta spítalans hefur breyst nokkuð á þessu ári en við höfum á sama tíma náð að standa vörð um öryggi sjúklinga. Þessi mikli árangur hefði aldrei náðst nema með framúrskarandi dugnaði og samheldni starfsfólks."

Heildarvelta Landspítala í fyrra var 40,1 milljarður króna og þar af nam rekstrarframlag ríkissjóðs 33,1 milljarði. Ekki var um að ræða viðbótarfjárframlag til spítalans í fjáraukalögum fyrir árið 2010.

Stærsti einstaki útgjaldaliður ársins var launagjöld upp á 25,5 milljarða sem er 1,2 milljörðum lægri en árið 2009. - shá

Upplýsingar um starfsemi Landspítalans

- Starfsmönnum fækkaði um 200 árið 2010. Þeim hefur fækkað um samtals 670 frá ársbyrjun 2009.
- Lyfjakostnaður lækkaði um 12 prósent árið 2010, um 170 milljónir króna.
- Rannsóknum (myndgreining, blóðrannsóknir og ræktanir) fækkaði um 17 prósent frá árinu 2009.
- Fæðingum fækkaði um tvö prósent og voru 3.420 (3.500 árið 2009).
- Sjúklingar sem leituðu á bráðamóttökur spítalans voru 91.482, sem er þriggja prósenta fækkun frá fyrra ári.
- Meðallegutími sjúklings styttist úr 6,9 dögum í 6,7 daga.

Ekki lengur ókeypis á söfnin:

Borgin selur menningarkort

REYKJAVÍK Ekki verður lengur hægt að fara ókeypis á Listasafn Reykjavíkur eftir 1. febrúar, þegar borgaryfirvöld áforma að rukka fullorðna um 1.000 króna aðgangseyri að safninu.

SVANHILDUR KONRÁÐSDÓTTIR

Á sama tíma tekur gildi nýtt menningarkort, sem gildir sem árskort á öll þrjú söfn Listasafnsins, á Minjasafn Reykjavíkur og gildir um leið sem bókasafnskort, segir Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs borgarinnar. Kortið mun kosta 5.000 krónur. Einnig verður boðið upp á ódýrari kort sem gilda aðeins á ákveðin söfn. - bj

Innflutningur á kjöti eykst:

Mest flutt inn af alifuglakjöti

LANDBÚNAÐUR Innflutningur á erlendu kjöti hefur aukist um 3,9 prósent á milli ára, samkvæmt nýju yfirliti Bændasamtakanna.

Á fyrstu 11 mánuðum síðasta árs nam innflutningurinn 613 tonnum en á sama tímabili árið 2009 nam hann 589 tonnum. Langmest hefur verið flutt inn af alifuglakjöti, 357 tonn, og hefur innflutningur aukist um rúm 20 prósent milli ára.

Næstmest er flutt inn af svínakjöti eða 123 tonn sem er um 18 prósenta aukning, en innflutningur á nautakjöti dregst saman um 3,2 prósent. - sv

LEIÐRÉTTING

Nafn tónskáldsins John Speight var misritað í viðtali við Kristin Sigmundsson í gær á síðu 5 í Allt.

Almenningur virðist enn afhuga stjórnmálaflokkum

Aðeins um helmingur þeirra sem tóku þátt í könnun Fréttablaðsins gaf upp stuðning við stjórnmálaflokk. Sjálfstæðisflokkur, Framsókn og Samfylking sækja í sig veðrið hjá þeim sem taka afstöðu á kostnað hinna.

FRÉTTASKÝRING

Hvað má lesa úr niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins á fylgi stjórnmálaflokka á landsvísu?

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með meiri stuðning en stjórnarflokkarnir samanlagt samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Fylgi Vinstri grænna hrynur milli kannana, og verulega dregur úr stuðningi við Hreyfinguna.

Þróun á fylgi flokkanna er ekki það eina sem lesa má úr könnuninni. Aðeins um 54 prósent þeirra sem tóku þátt í könnuninni vildi gefa upp stuðning við ákveðinn stjórnmálaflokk. Það er skýr vísbending um að almenningur virðist enn afhuga hefðbundnu stjórnmálaflokkunum eins og aðrar kannanir hafa bent til. Jarðvegurinn virðist því enn frjór fyrir ný stjórnmálaöfl.

Þátttakan var enn verri í könnun sem gerð var í september á síðasta ári, þegar hún var aðeins um 51 prósent. Í fyrri könnunum sem framkvæmdar voru á sambærilegan hátt hafa ríflega sex af tíu gefið upp hvað þeir myndu kjósa.

Þegar horft er til þeirra sem taka afstöðu til stjórnmálaflokka mælist stuðningurinn við Sjálfstæðisflokkinn langsamlega mestur. Alls segjast 43,4 prósent myndu kjósa flokkinn yrði gengið til kosninga nú. Það er aukning um 7,8 prósentustig frá könnun Fréttablaðsins í september síðastliðnum, og myndi skila 28 þingsætum.

Sjálfstæðisflokkurinn fékk 23,7 prósent atkvæða í kosningunum í apríl 2009 og er með sextán þingmenn í dag.

Stuðningur við Samfylkinguna virðist heldur á uppleið samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Nú segjast 25,8 prósent þeirra sem afstöðu tóku myndu kjósa flokkinn, en 23,2 prósent studdu flokkinn í september síðastliðnum. Samfylkingin fengi sautján þingmenn yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnun Fréttablaðsins.

Samfylkingin naut stuðnings 29,8 prósenta kjósenda í síðustu kosningum og er í dag með 20 þingmenn, og er því enn talsvert undir kjörfylgi.

Stuðningur við VG hrynur

Stuðningur við Vinstri græn hrynur milli kannana, og er talsvert undir kjörfylgi. Nú segjast 16,5 prósent myndu kjósa flokkinn, en 25,6 prósent studdu Vinstri græn í síðustu könnun. Þessi stuðningur myndi skila flokknum ellefu þingmönnum í kosningum.

Vinstri græn fengu 21,7 prósent atkvæða í kosningunum í apríl 2009 og eru í dag með fimmtán þingmenn.

Stuðningur við Framsóknarflokkinn virðist á uppleið. Nú segjast 11,8 prósent styðja flokkinn, en í september studdu hann 7,3 prósent. Flokkurinn fengi sjö þingmenn yrði þetta niðurstaða kosninga, en er með níu í dag.

Hreyfingin tapar talsverðu fylgi og myndi ekki ná manni á þing yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnun Fréttablaðsins. Aðeins 2,1 prósent sagðist myndu kjósa Hreyfinguna nú, en 5,6 prósent studdu hana í september. Hreyfingin er með þrjá þingmenn í dag. brjann@frettabladid.is

Fylgi stjórnmálaflokkanna



Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins frá kosningum 2009 til 19. janúar 2011.

Þráspurt til að auka nákvæmnina

Hringt var í 800 manns miðvikudaginn 19. janúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 53,9 prósent afstöðu.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

HELGARVEÐRIÐ
Veður verður svipað frá og með deginum í dag og fram yfir helgi. Fremur stíf suðvestanátt með heldur hlýnandi veðri og vætu á vesturhluta landsins en fyrir austan verður yfirleitt þurrt og nokkuð bjart í veðri.



HEIMURINN

Alicante	12°
Basel	3°
Berlín	0°
Billund	2°
Frankfurt	1°
Friedrichshafen	-4°
Gautaborg	0°
Kaupmannahöfn	0°
Las Palmas	21°
London	4°
Mallorca	12°
New York	0°
Orlando	20°
Ósló	-1°
París	3°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	-3°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

ÚTSALA

TAX FREE ÚTSALA

ENN BETRI KAUP!
ENN MEIRI AFSLÁTTUR!

afnemum VSK af öllum útsöluvörum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN

Fylgist þú með réttarhöldunum yfir nímenningunum sem sakaðir eru um árás á Alþingi?

Já	29,9%
Nei	70,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að auðvelda forstöðumönnum ríkisstofnana að segja upp starfsmönnum?

Segðu þína skoðun á visir.is

Staða Framtakssjóðs Íslands og áætlanir voru kynntar á hluthafafundi sjóðsins í gær:

Tveggja milljarða hagnaður af Icelandair

VIÐSKIPTI Fjárfesting Framtakssjóðs Íslands í Icelandair Group hefur skilað sjóðnum 2,2 milljarða króna hagnaði. Þetta er meðal þess sem Ágúst Einarsson, stjórnarformaður sjóðsins, kynnti á hluthafafundi hans í gær.

„Icelandair var okkar fyrsta fjárfesting á síðasta ári. Við fjárfestum þar fyrir 3,6 milljarða króna, en sú fjárfesting stendur núna í 5,8 milljörðum í bókfærðu virði," segir Ágúst. Markmið sjóðsins segir hann tvíþætt, að ávaxta fé hluthafa og taka þátt í endurreisninni. „Og hvað Icelandair varðar fóru þessi markmið algjörlega saman."

Á hluthafafundinum upplýsti Ágúst einnig að lokið hafi verið öllum enda varðandi kaup sjóðsins á Vestia, eignarhaldsfélagi Landsbankans, sem nú á fjórðungshlut í Framtakssjóðnum, á móti lífeyrissjóðunum sextán.

Ágúst segir að Húsasmiðjan verði á næstunni sett í opið söluferli og að fyrir dyrum standi endurskipulagning á fyrirtækjum innan upplýsinga- og fjarskiptageirans, sem nú heyri undir Teymi. Þau verði seld á næstu árum.

Viðræðum við evrópska fjárfestingarsjóðinn Triton segir Ágúst að ljúki fyrir mánaðamót. „Þessar tölur sem Triton nefndi voru það háar að enginn hefur slegið þær út og við vildum kanna það í þaula. En við vitum svo sem ekki með niðurstöðu á því," segir hann. Náist ekki samkomulag kunni nálgunin að verða önnur þegar frekari skref verða tekin í sölunni á verksmiðjustarfsemi Icelandic Group. **- óká**

Á FUNDI Finnbogi Jónsson framkvæmdastjóri og Ágúst Einarsson, stjórnarformaður Framtakssjóðs Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MIKIÐ ÚRVAL FÆÐUBÓTAREFNA
Á SANNGJÖRNU VERÐI

Stimpilkort sem veitir 15% afslátt

- MET-RX
- TWINLAB
- WEIDER
- SCITEC NUTRITION
- DESIGNER WHEY
- UNIVERSAL NUTRITION

Verð á kolvetnabloondum frá 1.400 kr.
Opnunartími:
mánudaga til föstudaga milli kl: 8:30-17:00
fimmtudaga 8:30-18:00
Akralind 3 201 Kópavogur sími: 545 4200 www.medico.is
MEDICO ehf.

Dularfull fartölva tengd neti Alþingis

Þingmenn kalla eftir nýrri lögreglurannsókn á því að dularfull fartölva, tengd neti Alþingis, fannst þar fyrir ári. Forsætisráðherra og forseti Alþingis vissu einar af málinu. „Öryggi er ekki það sama og leynd," sagði Þórunn Sveinbjarnardóttir.

ALÞINGI Hugsanlegt er talið að fartölvu, sem tengd var við tölvunet Alþingis og fannst í ónotaðri skrifstofu varaþingmanns á fimmtu hæð húss nefndasviðs Alþingis, hafi verið ætlað að njósna um tölvukerfi þingsins og komast yfir gögn í eigu Alþingis.

Þingvörður fann tölvuna í febrúar í fyrra. Þingmenn Hreyfingarinnar og nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru með skrifstofur á hæðinni þar sem tölvan fannst.

Vika leið frá því tölvan fannst þar til lögregla komst að þeirri niðurstöðu að rannsókn málsins og leit að eiganda tölvunnar hefði ekki borið árangur, að því er fram kom í yfirlýsingu sem Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, gaf á þingfundi í gær.

Tölvan var þannig upp sett að þegar slökkt var á henni eyddust allar upplýsingar af henni. Auðkenni höfðu verið afmáð þannig að ekki var hægt að rekja hana til eiganda.

Flestir þingmenn sem tóku til máls sögðu málið alvarlegt. Það fæli í sér grófa árás eða innrás í þingið. Gagnrýnt var að málinu hefði verið leynt þegar það kom upp. Þingmenn fréttu fyrst af þessu í Morgunblaðinu í gær. „Hverra öryggis er verið að gæta þegar leynd er slegið yfir mál af þessu tagi?" spurði Ólína Þorvarðardóttir, Samfylkingu.

„Öryggi og leynd fara ekki alltaf saman," sagði Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingu.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sjálfstæðisflokki, sagði að enginn kæmist inn í þetta húsnæði nema nota aðgangskort þingmanna eða tala við starfsmenn þingsins. Jón Gunnarsson, Sjálfstæðisflokki, og fleiri fundu að því að upplýsinga um mannaferðir hefði ekki verið leitað hjá þingmönnum og starfsmönnum þingsins: „Ég er í þarnæstu skrifstofu og það var ekki talað við mig um þetta mál," sagði Jón. Hann nefndi að Julian Assange, forsprakki Wikileaks, hefði komið sem gestur Hreyfingarinnar í skrifstofur þingsins.

Nokkrir þingmenn kölluðu eftir því að efnt yrði til nýrrar rannsóknar í stað þeirrar sem fram fór í fyrra.

Ásta Ragnheiður sagðist eingöngu hafa sagt forsætisráðherra af tölvufundinum. Tilmælum lögreglu, tölvudeildar og yfirmanna áAlþingi um meðferð málsins hefði verið fylgt í einu og öllu. Hún þakkaði þingmönnum umræður og ábendingar. Forsætisnefnd mun fara yfir málið og öryggisreglur þingsins og ráða bót á þeim ef nauðsyn krefur. **peturg@frettabladid.is**

NEFNDASVIÐ Njósnatölvan fannst í ónotaðri skrifstofu sem ætluð er varaþingmanni á fimmtu hæð í húsi nefndasviðs Alþingis, Austurstræti 10. Gengið er inn í húsið frá Austurvelli og þarf aðgangskort til að komast inn í húsið og á skrifstofuganga þess. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þingmaður Hreyfingarinnar tekur tölvufundinn á Alþingi ekki persónulega:

Málið er stormur í vatnsglasi

ALÞINGI „Fólk á að fara varlega í að draga ályktanir af einhverju sem er einungis byggt á getgátum," segir Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar. „En ég er ekki að taka þessu persónulega."

Í umræðum á Alþingi í gær var ýjað að því að þingflokkur Hreyfingarinnar, og þá sér í lagi Birgitta, sökum hennar tengsla við Wikileaks, hefði átt þátt í að fela fartölvu í skrifstofuhúsnæði Alþingis og tengja hana við tölvukerfið. Birgitta segir málið óþægilegt og þá sérstaklega að tölvan hafi fundist í skrifstofu sem er við hlið hennar eigin.

„Ég læsi [skrifstofunni minni] aldrei. Það má vel vera að einhver hafi farið þar inn og skoðað í gegnum dótið mitt. Þó að það dót sé reyndar ekki mikið," segir Birgitta. „En mér finnst þetta vera stormur í vatnsglasi, ef ég á að segja alveg eins og er. Þó að þetta sé auðvitað mjög alvarlegt mál og ólíðandi að það sé komið fyrir tölvu inni á skrifstofusvæði þingmanna."

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir engar öryggismyndavélar hafa vaktað svæðið og því sé ekki hægt að skoða neitt myndefni sem upplýst geti um mannaferðir við húsið. Tölvan, sem er lítil fartölva, hafi fundist fyrir tilviljun um miðjan dag þegar tæknimenn áttu leið inn í skrifstofuna, sem var ólæst.

„Þeir tóku tölvuna úr sambandi eftir að ákveðið var að fara með hana til lögreglunnar. Þá var auðvitað slökkt á henni, en ef til vill voru það einhver mistök," segir Helgi. „En það er ekkert sem gefur okkur vísbendingar um að gögnum hafi verið stolið. En auðvitað er ekki hægt að útiloka neitt."

Julian Assange, forsvarsmaður Wikileaks, var staddur hér á landi á þeim tíma sem tölvan fannst. Var hann, ásamt fleiri aðilum, að vinna í upplýsinga- og málfrelsislöggjöfinni. **- sv**

BIRGITTA JÓNSDÓTTIR Þingmaður Hreyfingarinnar segir að það sé ólíðandi að farið sé inn á skrifstofusvæði þingmanna og komið þar fyrir tölvu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TILBOÐ
OKKAR BESTU VERÐ !
HRINGDU NÚNA !

6.010 STK BOLTAR, RÆR OG SKINNUR
Sverleiki 3 - 12mm | Lengd 6 - 120 mm
1910 stk boltar 8.8
1.600 stk ræer
1.600 stk skinnur
900 stk brettaskinnur

49.900 m/vsk
Fullt verð 103.900
TILBOÐ

FASTLYKLASETT 12 STK.
IBTGAAE1210
Stærðir 6 - 19

LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á FÖSTUM LYKLUM

4.900 m/vsk
Fullt verð 6.900

www.sindri.is / sími 575 0000 SINDRI
Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Egill Arnason™

STÓRÚTSALA



Eikarparket
Verð frá
4.990 kr./m²



Flísar 30x60cm
Verð frá
3.990 kr./m²

Eikar innihurðir
Verð frá
47.920 kr./m²

Loftaþiljur
Verð frá
1.990 kr./m²

Við erum flutt
að Suðurlandsbraut 20

Suðurlandsbraut 20 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is
Opnunartímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 11 - 15

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hversu háa upphæð á að spara með niðurskurði í grunnskólum Reykjavíkur?*
2. *Nemendur úr hvaða framhaldsskóla eru með hæstu meðaleinkunn í Háskóla Íslands?*
3. *Hvaða skemmtikraftar voru kallaðir á teppið hjá umboðsmanni barna nýverið?*

SVÖR

1. 540 milljónir króna. 2. Verslunarskóla Íslands. 3. Audda og Sveppi

Borgarráð hefur samþykkt sameiningu skóla fyrir nemendur með fjölfötlun og þroskahömlun:

Safamýrarskóli og Öskjuhlíðarskóli sameinaðir

SKÓLAMÁL Borgarráð hefur samþykkt að sameina starfsemi Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla. Gert er ráð fyrir að nýr sameinaður sérskóli verði til húsa í Öskjuhlíðarskóla og taki til starfa næsta haust. Safamýrarskóli er sniðinn að þörfum fjölfatlaðra nemenda, en Öskjuhlíðarskóli er fyrir nemendur með þroskahömlun.

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs Reykjavíkur, segir sameininguna hafa verið lengi á teikniborðinu og hún sé unnin í góðu samráði við stjórnendur beggja skóla. „Og það er mat þeirra að þetta sé skynsamlegt," segir hún og kveður mikinn styrk í því falinn að sameiningin hafi verið samþykkt bæði í mennta- og borgarráði Reykjavíkur.

Í tilkynningu kemur fram að nú séu 80 nemendur í Öskjuhlíðarskóla og 10 í Safamýrarskóla. Í bréfi sem skólastjóri Öskjuhlíðarskóla sendi foreldrum nemenda við skólann fyrir jól kemur fram að nemendum hafi fækkað í báðum skólum síðustu ár.

Oddný segir að samþykkt hafi verið að leggja 100 milljónir króna í að breyta húsnæði Öskjuhlíðarskóla til að mæta bæði þörfum nemendanna sem annars hefðu verið í Safamýrarskóla, og til þess að mæta þeim kröfum sem gerðar verði til nýs skóla til framtíðar. Hún segir að þar til komið hafi verið upp nýrri sundlaug við Öskjuhlíðarskóla verði laugin sem er í Safamýrarskóla nýtt áfram. - óká

SAFAMÝRARSKÓLI Sérhæfð sundlaug fyrir fatlaða er í skólanum og leikur stórt hlutverk í skólastarfinu.

25% AFSLÁTTUR

Miele Tango Plus

Vinsælasta ryksugan frá Miele

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum í Þýskalandi.

Tilboð kr.: 24.900

Verðlistaverð kr.: 33.200

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Vegið að lögbundnu hlutverki grunnskóla

Foreldrar barna í Reykjavík bregðast reiðir við fregnum af enn meiri niðurskurði í skólakerfinu, segir Guðrún Valdimarsdóttir, formaður SAMFOK. Hún telur boðaðan niðurskurð gera skólum erfitt að sinna lögboðnu hlutverki sínu.

SKÓLAMÁL Frekari niðurskurður í grunnskólum Reykjavíkur gæti orðið til þess að þeir standist hvorki þær kröfur sem gerðar eru í grunnskólalögum né aðalnámsskrá. Þetta segir Guðrún Valdimarsdóttir, formaður Samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík (SAMFOK).

Þá segir Guðrún að sárlega hafi skort á samráð við fulltrúa foreldra í skólaráðum í þeim niðurskurðarhugmyndum sem menntasvið Reykjavíkur ætli skólastjórnendum að framfylgja. Vísar hún til þess að tiltekið hafi verið sérstaklega á plöggum með niðurskurðartilmælum menntasviðs sem skólastjórar fengu fyrir helgi að foreldrar ættu ekki að sjá tölurnar.

GUÐRÚN VALDIMARSDÓTTIR

„Þetta er þriðja eða fjórða árið í röð sem skorið er niður," segir Guðrún og kveður SAMFOK lengi hafa mótmælt áætlunum um niðurskurð í skólunum. „Við erum löngu komin að sársaukamörkum." Guðrún segir SAMFOK hafa lagt áherslu á að fremur yrði skorið niður í yfirbyggingu eða öðrum þáttum þar sem hagræðingin bitnaði ekki á börnunum og kennslu þeirra.

„Þetta er ekki bara menntastofnun heldur þarf að sinna mörgum félagslegum þáttum líka. Þeim er varla verið að sinna í dag og verður alls ekki hægt ef skera á meira niður." Guðrún segir stöðuna nú þannig að fyrir dyrum sé skólastarf í Reykjavík sem samræmist hvorki lögum né aðalnámsskrá. SAMFOK fundar um málið með formönnum foreldrafélaga og fulltrúum foreldra í skólaráðum á Grand Hótel Reykjavík í hádeginu í dag. „Í foreldrum er mikill hiti og reiði og búið að vera lengi. En nú er gjörsamlega allt að springa."

Í HÁTEIGSSKÓLA Meðal þess sem lagt er til við stjórnendur grunnskóla í Reykjavík í nýrri fjárhagsáætlun menntasviðs borgarinnar er að kennarar hætti að fylgja átta og níu ára börnum í kaffi og matmálstímum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Í foreldrum er mikill hiti og reiði og búið að vera lengi. En nú er gjörsamlega allt að springa.
>
> **GUÐRÚN VALDIMARSDÓTTIR**
> FORMAÐUR SAMFOK

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs Reykjavíkur, kannast ekki við að reynt hafi verið að halda upplýsingum um niðurskurð frá fulltrúum foreldra. Hún bendir á að tillögurnar hafi verið kynntar í skólaráðum fyrir helgi og þar eigi þeir fulltrúa. „Það er enginn vilji til að pukrast með neitt," segir hún.

Oddný segir hafa verið vitað að niðurskurðurinn yrði erfiður, en ekki liggi fyrir fyrr en í lok næsta mánaðar hvernig endanleg niðurstaða verði í hverjum skóla. „Nú stendur sú vinna yfir að fara yfir það með hverjum skólastjóra hvernig standa megi að málum þannig að bitni sem minnst á skólastarfinu sjálfu," segir hún og áréttar að grunnskólalög verði ekki brotin í Reykjavík.

olikr@frettabladid.is

Innheimta fráveitugjalda frá sveitarfélögum til OR og miðað við fermetrafjölda:

Fráveitugjöld í Reykjavík hækka í ár

NEYTENDUR Fráveitugjöld í Reykjavík hækka um 13 prósent á þessu ári og Orkuveitan innheimtir nú gjöldin beint í stað þess að þau séu greidd með fasteignagjöldum.

Í kynningarriti frá Orkuveitunni segir að fráveitugjald, sem áður hét holræsagjald, hafi til þessa verið miðað við fasteignamat húsa í Reykjavík. Það muni nú breytast. Eðlilegra sé að miða við stærð húsnæðis en ekki fasteignamat þess við útreikning vatnsgjalds og fráveitugjalda.

„Stærð húseignar ræður meiru um kostnað við þjónustuna en hvernig fasteignamarkaðurinn metur viðkomandi eign," segir Orkuveitan, sem boðar hækkun fráveitugjalda. „Meginskýringin er sú að borgarsjóður Reykjavíkur innheimti árið 2010 lægri gjöld af eigendum fasteigna en hann greiddi OR samkvæmt samningi um rekstur fráveitunnar."

Þá segir að eigendur stærra húsnæðis með hlutfallslega lágt fasteignamat eigi von á mestri hækkun. Fráveitugjald fyrir minni eignir geti lækkað, sé fasteignamat þeirra hlutfallslega hátt.

Samkvæmt dæmum sem Orkuveitan gefur hækkar fráveitugjald fyrir 50 til 100 fermetra íbúð í Reykjavík að meðaltali um 2.299 krónur á ári. Hækkunin fyrir 100 til 200 fermetra húsnæði er að meðaltali um 3.454 krónur. - gar

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR Hækkun fráveitugjalda leiðir til 0,92 prósenta hækkunar á tekjum Orkuveitunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI HALLDÓR BALDURSSON

m.visir.is Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.

visir.is

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • **laugard. 10–16** • **ellingsen.is**

ÚTSALA ELLINGSEN

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

30-50%
AFSLÁTTUR AF ÚTIVISTARFATNAÐI FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

30-80%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SKÓM

COLUMBIA
NEWTON RIDGE
GÖNGUSKÓR
DÖMU OG HERRA
VERÐ KR.
14.990
ÁÐUR 27.990

COLUMBIA
DASKA GÖNGUSKÓR
DÖMU OG HERRA
VERÐ KR.
24.990
ÁÐUR 37.990

30%
AFSLÁTTUR
AF SCOTT BARNAHJÁLMUM

VERÐ KR.
12.593
ÁÐUR 17.990

20%
AFSLÁTTUR
AF DEVOLD ULLARVÖRUM

DEVOLD ACTIVE
XS–XXL
DÖMU OG HERRA
VERÐ KR.
7.540
ÁÐUR 9.490

ULLARHANSKAR
ÚR ÍSLENSKRI ULL
VERÐ KR.
1.575
ÁÐUR 2.250

30%
AFSLÁTTUR
AF VARMA ULLARFATNAÐI

30-60%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚLPUM

COLUMBIA LUSTER
DÚNÚLPA FYRIR HERRA
OMNI-HEAT FÓÐRUN
VERÐ KR.
34.993
ÁÐUR 49.990

15-50%
AFSLÁTTUR
AF SKOTVEIÐIVÖRUM

TÁLFUGLAR
STOKKENDUR
VERÐ KR.
1.408
ÁÐUR 2.560

SKOTBELTI
VERÐ KR.
3.493
ÁÐUR 4.890

BROWNING PHOENIX
COMPOSITE 28” HAGLABYSSA
VERÐ KR.
149.900
ÁÐUR 199.900

30-50%
AFSLÁTTUR
AF PALLAHITURUM

CAMPINGAZ ADVANTAGE
PALLAHITARI
VERÐ KR.
29.900
ÁÐUR 44.900

30%
AFSLÁTTUR
AF GASOFNUM

ELLINGSEN
GASOFN
VERÐ KR.
19.900
ÁÐUR 29.900

30-50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM BARNASTÍGVÉLUM

CONWAY
KULDASKÓR
VERÐ KR.
4.760
ÁÐUR 6.799

20-70%
AFSLÁTTUR
AF STANGVEIÐIVÖRUM

LOOP BELLS
VÖÐLUJAKKI
VERÐ KR.
34.993
ÁÐUR 49.990

PIPAR\TBWA - SÍA

Sérstakur saksóknari rannsakar Landsbankann

35 milljarða viðskipti á degi neyðarlaganna

Fjórir voru handteknir og leitað var á fimm stöðum í gær vegna rannsóknar á millifærslum af reikningum Landsbankans daginn áður en hann fór í þrot. Meðal annars var leitað í Seðlabanka Íslands. Málið snýst um 15 milljarða millifærslur til MP banka og Straums og kaup í Landsbankanum og Straumi fyrir tæpa 20 milljarða.

STÝRÐI LANDSVAKA Stefán Héðinn Stefánsson, sem hér sést fyrir miðju, var handtekinn í gær vegna rannsóknarinnar. Hann er nú aðstoðarforstjóri Saga fjárfestingarbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÁHÆTTUSTJÓRI Þórir Örn Ingólfsson, til hægri, var leiddur á brott frá húsakynnum sérstaks saksóknara í gær eftir yfirheyrslur.

Sérstakur saksóknari handtók fjóra fyrrverandi starfsmenn Landsbankans í gærmorgun og færði þá til yfirheyrslu vegna rannsóknar á 15 milljarða millifærslum úr bankanum til MP banka og Straums, daginn sem neyðarlögin voru sett. Einnig eru til rannsóknar kaup Landsbankans á verðbréfum úr sjóðum Landsvaka eftir að sjóðunum var lokað fyrir um tuttugu milljarða.

Landsbankamennirnir fjórir

Þeir sem voru handteknir eru Jón Þorsteinn Oddleifsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri eignastýringar bankans, Þórir Örn Ingólfsson, fyrrverandi yfirmaður áhættustýringar, Hannes Júlíus Hafstein, fyrrverandi deildarstjóri fjárfestingarbanka á lögfræðisviði bankans, og Stefán Héðinn Stefánsson, fyrrverandi stjórnarformaður Landsvaka og núverandi aðstoðarforstjóri Saga fjárfestingarbanka.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stóð til að láta fjórmenningana lausa að loknum yfirheyrslum í gærkvöldi. Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjórar bankans, voru yfirheyrðir síðdegis í gær og í gærkvöldi.

Samhliða handtökunum gerði embætti saksóknara húsleitir á fimm stöðum í gærmorgun, meðal annars í höfuðstöðvum Landsvaka, ALMC (áður Straumi), MP banka og Seðlabankanum.

Stefán Jóhann Stefánsson hjá Seðlabankanum segir að menn frá saksóknara hafi mætt árla dags með húsleitarúrskurð frá héraðsdómi og rætt við nokkra starfsmenn. Enginn starfsmaður bankans mun vera grunaður í málinu.

Skuldir gerðar upp á ögurstundu

Málin tengd Straumi og MP banka snúast um endurhverf viðskipti við Seðlabankann – svokölluð ástarbréf. Slík viðskipti gengu þannig fyrir sig að stóru viðskiptabankarnir þrír leituðu til smærri fjármálafyrirtækja um lán í gegnum Seðlabankann, eftir að þeim var neitað um frekari lausafjárstuðning hjá Seðlabankanum. Smærri fyrirtækin fengu lán í Seðlabankanum og lánuðu féð svo aftur til stóru bankanna gegn veði í bréfum þeirra. Þessi viðskipti áttu stærstan þátt í tæknilegu gjaldþroti Seðlabankans.

Daginn sem Geir H. Haarde tilkynnti um setningu neyðarlaganna greiddi Landsbankinn skuldir af þessu tagi við Straum og MP banka með millifærslum af reikningi sínum í Seðlabankanum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru 7,2 milljarðar króna greiddir til Straums og 7,4 milljarðar til MP banka.

Með því móti var Straumi og MP banka gert kleift að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Seðlabankanum.

Sá gjörningur grundvallaðist á samningum á milli Landsbankans og Straums annars vegar og MP banka hins vegar, sem kváðu á um að síðarnefndu félögin gætu hvenær sem er krafið bankann um endurgreiðslu á lánunum. Sérstakur saksóknari telur hins vegar óvíst að sá sem framfylgdi þeim samningum innan Landsbankans, Jón Þorsteinn Oddleifsson, hafi haft heimild til þess á þessum tíma – þegar í raun var orðið ljóst að bankinn var ógjaldfær.

Mál Landsvaka snýst um kaup Landsbankans á bréfum í bankanum sjálfum og Straumi fyrir tæpa tuttugu milljarða króna. Þau viðskipti áttu sér einnig stað 6. október 2008, eftir að lokað hafði verið fyrir viðskipti með bréf í sjóðunum. Bæði Landsbankinn og Straumur voru að meirihluta í eigu Björgólfsfeðga.

Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is

HA?
FRUMSÝNING Í KVÖLD
SONY CENTER BÝÐUR ÞÉR FYRSTA ÞÁTTINN Í OPINNI DAGSKRÁ

Ha? er enginn venjulegur spurningaþáttur því þar gildir ekki síður að svara skemmtilega en að svara rétt. Baggalútarnir Karl Sigurðsson og Guðmundur Pálsson eru gestir þeirra Jóa G., Eddu Bjargar og Sólmundar Hólm og tryggja skemmtileg úrslit.

Ha? er sýndur á föstudagskvöldum kl. 21.00.

Sony Center

SkjárBíó VOD, SkjárFrelsi og SkjárHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Ísland+ fæst aðgangur að SkjáEinum og SkjáFrelsi.

Reykjanesbær vill Gæsluna:

Segja alla aðstöðu til staðar

REYKJANESBÆR Bæjarstjórn Reykjanesbæjar segir alla aðstöðu fyrir hendi til að Landhelgisgæslan geti flutt til Suðurnesja.

Er þar vísað í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá nóvember um mat á kostum þess að flytja gæsluna. Í bókun bæjarstjórnar segir að til staðar sé húsnæði, flugbrautir, góð hafnaraðstaða og stoðkerfi sem fullnægi þörfum gæslunnar. Samkvæmt upplýsingum úr innanríkisráðuneytinu niðurstöðu úr hagkvæmnimati að vænta í febrúar. - þj

Lögð hefur verið fram tillaga til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum:

Ítarleg áætlun um orkuskipti liggi fyrir í vor

ALÞINGI Tillaga til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum hefur verið lögð fram á Alþingi. Fram kom í máli Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra sem mælti fyrir tillögunni að markmiðið með henni væri að stuðla að uppbyggingu græna hagkerfisins með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Orkuskiptin eiga að leiða til minni losunar gróðurhúsalofttegunda, gjaldeyrissparnaðar, þekkingarauka og aukinnar atvinnu.

Fram kemur í tillögunni að hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum hér á landi sé töluvert lægra en annars staðar, eða undir einu prósenti. Fram kemur að að innan Evrópusambandsins hafi verið stefnt að því að hlutfallið næði 5,75 prósentum fyrir árið 2010.

Í tilkynningu iðnaðarráðuneytisins í gær kemur fram að til að ná hér settu marki hafi verið sett fram níu stefnumið sem lúti meðal annars að því að hvetja einstaklinga og fyrirtæki til að nýta sér orkusparandi tækni. Er þar til dæmis beitt skattaívilnunum og hagrænum hvötum. „Jafnframt er lögð mikil áhersla á fræðslu, nýsköpun og rannsóknir á sviði endurnýjanlegra orkugjafa," segir þar.

Í maí næstkomandi á svo að liggja fyrir stefnumótun, markmiðasetning og aðgerðaáætlun fyrir orkuskipti í samgöngumálum fram til ársins 2020. - óká

BORGARUMFERÐ Hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum er sagt töluvert lægra hér en annars staðar, eða undir einu prósenti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stal rúmum 30 þúsundum:

Ógnaði með hnífi og rændi

DÓMSMÁL Maður hefur verið ákærður fyrir að ógna starfsmanni í verslun með hnífi og stela 33.000 krónum.

Það var í febrúar í fyrra sem maðurinn er talinn hafa farið inn í verslunina Sunnubúð í Reykjavík, vopnaður hnífi, ógnað starfsmanni verslunarinnar með hnífnum og skipað honum að afhenda sér peninga úr sjóðsvél.

Gerð er krafa um greiðslu skaðabóta á hendur ákærða að fjárhæð 33.000 krónur. - jss

AKUREYRI

Hundrað ár frá kjöri konu

Á þessu ári verða eitt hundrað ár liðin frá því að kona var fyrst kjörin í bæjarstjórn Akureyrar. Það var Kristín Eggertsdóttir, forstöðukona sjúkrahússins á Akureyri.

Sprengjuárásir nálægt borginni Karbala í Írak kosta tugi manna lífið:

Árásum beint að pílagrímum

ÍRAK, AP Sjía-pílagrímar á leið til borgarinnar Karbala í Írak urðu fyrir tveimur sprengjuárásum í gær, nærri samtímis. Alls kostuðu árásirnar meira en 180 manns lífið.

Fyrr um daginn létust að minnsta kosti þrír af völdum sprengju sem sprengd var í borginni Baqaba.

Allt bendir til þess að herskáir súnní-múslimar, annað hvort tengdir Al-Kaída-samtökunum eða öflum sem voru hliðholl Saddam Hussein, beri ábyrgð á árásunum. Báðar árásirnar hjá Karbala voru gerðar með því að aka bifreiðum fullum af sprengiefnum upp að lögregluvarðstöðvum rétt utan við borgina.

Hundruð þúsunda sjía-múslima leggja þessa dagana leið sína til Karbala til þess að taka þátt í árlegri trúarhátíð, sem nær hámarki í næstu viku. Töluvert hefur dregið úr hernaðarátökum í Írak undanfarið, en enn eru sprengjuárásir gerðar í landinu með skelfilegum afleiðingum.

Allt frá því innrásin var gerð í Írak snemma árs 2003 hafa herskáir súnní-múslimar reglulega gert árásir á staði tengda trúarathöfnum sjía-múslima. - gb

Í HELGU BORGINNI KARBALA Tveir menn sitja sem þrumu lostnir eftir sprengjuárás sem kostaði fjölda fólks lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosið í Portúgal um helgina:

Silva spáð miklum yfirburðum

PORTÚGAL, AP Ótti við efnahagshrun vofir yfir forsetakosningum í Portúgal, sem haldnar verða á sunnudag.

ANIBAL CAVACO SILVA

Anibal Cavaco Silva hefur mikla forystu í skoðanakönnunum. Yfirburðasigur hans yrði túlkaður sem ósigur forsætisráðherrans, Jose Socrates, þrátt fyrir að forsetaembættið sé að mestu valdalaust. Socrates og Sósíalistaflokkur hans beina nú öllum kröftum sínum að því að koma í veg fyrir að landið þurfi að þiggja efnahagslega neyðaraðstoð frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. - gb

föstudagur **FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ** Hafrún Kristjánsdóttir íþróttasálfræðingur

Vön að vera ein af strákunum

Íþróttasálfræðingurinn og fyrrverandi handboltakonan **Hafrún Kristjánsdóttir** er einn sérfræðinga Stöðvar 2 Sport sem rýna í leiki landsliðsins á HM þessa dagana. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við hana um störfin mörgu, Ringelmann-áhrifin og einstakt íslenskt lið.

ÍÞRÓTTAÁHUGAMAÐUR Hafrún segir marga þætti hjálpast að við að gera íslenska handboltalandsliðið einstakt. Skýr markmiðssetning og hlutverkaskipan, vinátta og fjöldi leiðtoga í liðinu sé þar á meðal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vinabeiðnunum á Facebook hefur vissulega fjölgað mjög mikið eftir að umfjöllunin um HM fór af stað. Svo fæ ég viðbrögð víða að, til dæmis frá vinum og fjölskyldu, og svo gerist það af og til að ókunnugt fólk stöðvar mig úti á götu og vill ræða um handboltann. Margir hafa sterkar skoðanir á þessum málum og það er bara mjög fínt, mér finnst mjög gaman að spjalla við alls konar fólk um boltann. En ég get þó labbað óáreitt um göturnar ennþá," segir íþróttasálfræðingurinn og fyrrverandi handboltakonan Hafrún Kristjánsdóttir og hlær þegar blaðamaður innir hana eftir viðbrögðum almennings við nýrri stöðu hennar sem sérfræðings á Stöð 2 Sport. Þar rýnir hún í leiki íslenska landsliðsins á HM í Svíþjóð ásamt umsjónarmanninum Þorsteini Joð, Geir Sveinssyni, Loga Geirssyni og fleirum.

Stór hluti þjóðarinnar fylgist með handboltalandsliðinu í flestum sínum aðgerðum og því er ekki óeðlilegt að þeir sem mest ber á í fjölmiðlaumfjöllun um liðið lendi milli tannanna á fólki um stundarsakir. Skemmst er að minnast þess þegar Adolf Ingi Erlingsson, íþróttafréttaritari RÚV, vakti ítrekað þjóðarathygli fyrir frammistöðu sína í lýsingum og viðtölum við landsliðsmenn á EM í Austurríki snemma á síðasta ári, og það afar misjákvæða athygli. Hafrún segir viðbrögðin við hennar störfum þó hingað til hafa verið eingöngu jákvæð, með einni undantekningu.

„Ég fór í þrítugsafmæli um síðustu helgi og ein stelpa sem var gestur þar sagðist ekki þola það hvernig ég sæti í sófanum í myndverinu. „Og svo ertu nú bara eins og ein af strákunum í þessum þætti," bætti hún við í neikvæðum tón. En mér fannst það nú bara jákvætt og tók því sem hrósi," segir Hafrún. „Ég er vön að vera ein af strákunum."

> Ég fór í þrítugsafmæli um síðustu helgi og ein stelpa sem var gestur þar sagðist ekki þola það hvernig ég sæti í sófanum í myndverinu. „Og svo ertu nú bara eins og ein af strákunum í þessum þætti," bætti hún við í neikvæðum tón.

Eins og kosningasjónvarp

Aðspurð segist Hafrún hafa gríðarlega gaman af þessu nýja og tímabundna hlutastarfi sínu.

„Ég hef gaman af handbolta og þar af leiðandi skemmti ég mér vel við þetta. En ég get þó alveg viðurkennt að vinnudagarnir eiga það til að verða dálítið langir þessa dagana. Ég er í dagvinnunni minni frá níu til fimm og svo er ég mætt niður á Stöð 2 Sport klukkan sex, til að fara í smink og fleira áður en útsending hefst klukkan sjö. Svo tekur við umfjöllun klukkutíma fyrir leik og einn og hálfan tíma fyrir leik, og meðan á leiknum stendur erum við á fullu að punkta hjá okkur og klippa saman atriði sem okkur finnst eðlilegt og skemmtilegt að vekja athygli á. Dagkráin stendur alla jafna til 22.30 á kvöldin, þannig að þetta er nánast eins og kosningasjónvarp," segir hún og hlær.

Hún bætir við að oftast sé hún því ekki komin heim til sín fyrr en klukkan ellefu á kvöldin. „En ég kvarta ekki. Ég ætti nú að vera orðin vön þessu eftir að hafa spilað handbolta, með öllum þessum æfingum á skrítnum tímum, í öll þessi ár."

Hafrún segist ekki hafa verið vitund stressuð fyrir fram vegna verkefnisins og í raun hafi fátt komið henni á óvart við framleiðsluna.

„Ég hafði aðeins prófað að vera svona álitsgjafi áður, til að mynda í áramótaþætti Silfurs Egils eitt árið og nokkrum sinnum á RÚV varðandi kvennahandboltann, en aldrei svona fast í gegnum heila keppni. En ég gerði mér ekki grein fyrir því hversu rosalega mikil og flott umfjöllunin um HM í Svíþjóð yrði. Yfirleitt hefur verið um að ræða um það bil tíu mínútna umfjöllun fyrir og eftir leiki, en ég held að íslenskur handbolti hafi aldrei fengið jafn mikla, markvissa og ítarlega umfjöllun og núna. Og líklega engar íslenskar íþróttir, hvorki fyrr né síðar."

Stelpur taka líka í vörina

Hafrún hefur vakið athygli fyrir snöfurmannlega frammistöðu í sérfræðingahlutverkinu í umfjöllun Stöðvar 2 Sport og þykir mörgum góð tilbreyting að heyra skoðanir konu á karlaíþróttum, en ekki hefur verið mikið um slíkt í íslensku sjónvarpi hingað til. Fyrir leikinn gegn Austurríkismönnum á miðvikudagskvöldið var til að mynda rætt um skringilegar vígsluathafnir sem eiga sér stað þegar nýliðar í karlalandsliðinu koma fyrst inn í leikhópinn, eins og þá að þeir reyndari gefa þeim nýju hressilega rassskelli á fyrstu æfingunni, svo blæðir jafnvel undan. Hafrún upplýsti þá að slíkar athafnir væru alvanalegar í flestum liðum, bæði karla og kvenna.

„Með örfáum undantekningum gengur daglegt líf í kvennaliðum alveg eins fyrir sig og hjá karlaliðunum," segir hún. „Það er enginn eðlismunur þar á. Æfingamagnið er það sama, sömu leikkerfin eru spilað og þar fram eftir götunum. Eini munurinn er líffræðilegs eðlis, að stelpur hoppa lægra, skjóta lausar og hlaupa hægar, en þannig erum við bara gerð. Groddalegur íþróttahúmorinn er sá sami og flest annað líka."

Hafrún veigrar sér þó við að fara út í nánari útskýringar þegar hún er spurð hvort konur í íþróttum noti munntóbak í jafn miklum mæli og karlar, en notkun þess er orðin afar algeng meðal íþróttamanna eins og víða hefur komið fram.

„Ég veit ekki alveg hvað ég má segja mikið um þetta," segir hún og skellir upp úr. „En ég veit að það er ekki mikið um þetta í kvennahandboltanum, en þó eitthvað. Það er þó frekar mikið um að konur í knattspyrnu taki í vörina. Það er ekki mjög kvenlegt, það verður að segjast, og ég tek ekki í vörina. Ég prófaði það einu sinni og ég get ekki ímyndað mér að dóp sé neitt sterkara, þótt ég hafi nú aldrei prófað það. Þetta fór beint upp í hausinn á mér," segir Hafrún og skellir upp úr.

Fyrst kvenna í aðalstjórn Vals

Eins og fyrr sagði hefur Hafrún nóg að gera og viðurkennir fúslega að hún mætti vel við því að minnka við sig verkefnin. Auk þess að starfa sem sálfræðingur á geðdeild Landspítalans, þar sem hún sinnir hugrænni atferlismeðferð fyrir fólk sem þjáist af þunglyndi, kvíða og lágu sjálfsmati, stundar hún doktorsnám í greininni, heldur víða fyrirlestra um íþróttasálfræði og hefur meðal annars unnið með mörgum knattspyrnuliðum í úrvalsdeildinni að slíkum málum. Þá kennir hún við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík, situr í stjórn Sálfræðingafélagsins og einnig í aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Vals, fyrst kvenna, svo fátt eitt sé nefnt.

Lokaverkefni hennar í sálfræðinnáminu snerist um íþróttasálfræði, sem er ein margra undirgreina sálfræðinnar. „Meginmarkmið íþróttasálfræðinnar er í raun að skilja og útskýra hvernig sálfræðin hefur áhrif á allt sem fólk gerir í íþróttum, til dæmis hvernig kvíði hefur áhrif á skotnýtingu og fleira slíkt. Íþróttasálfræðin er nátengd klínísku sálfræðinni sem ég starfa við allan daginn, en hún er líka tengd vinnusálfræði, persónuleikasálfræði og félagssálfræði. Í raun er hún blanda af hinum ýmsu þáttum," segir Hafrún.

Uppalinn Framari

Eins og áður sagði lék Hafrún handknattleik með meistaraflokki Vals frá fimmtán ára aldri og þar til hún lagði skóna á hilluna fyrir tæpum þremur árum. Hún er alin upp í Breiðholtinu og hóf fyrst æfingar með hverfisliðinu Leikni en um tólf ára aldurinn stóð til að hún skipti yfir í Fram enda hún og bróðir hennar, Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður, bæði gallharðir Framarar.

„En þá tók bróðir minn til sinna ráða, sagðist ekki vilja að ég færi í Fram og bauðst til að keyra mig á fyrstu æfingarnar hjá Val svo ég þyrfti ekki að taka strætó. Ástæðan var sú að þjálfararnir hjá Val á þessum tíma voru þeir Óskar Bjarni Óskarsson, núverandi aðstoðarlandsliðsþjálfari, og Dagur Sigurðsson, fyrrverandi landsliðsfyrirliði, en sá síðarnefndi og Sigurður Kári voru saman í bekk í Versló. Bróðir minn vildi tryggja það að litla systir fengi góðan þjálfara, einhvern sem hann þekkti og gæti fylgst vel með, og ég samþykkti það. Fljótlega varð ég svo mikill Valsari að ég gat aldrei hugsað mér að skipta um lið, þótt nokkur slík tilboð bærust mér. Það er því alfarið Framaranum bróður mínum að kenna að ég varð Valsari."

Á ferlinum vann Hafrún alla titla sem í boði voru nema Íslandsmeistaratitilinn, sem fór þó á Hlíðarenda ári eftir að hún hætti. Hún viðurkennir að auðvitað hefði verið gaman að geta fagnað þeim titli sem leikmaður, en þó fylltist hún einungis gleði en ekki eftirsjá þegar vinkonur hennar unnu afrekið. „Auk þess kýs ég að líta þannig á það að ég hafi átt smá þátt í þessum titli," segir hún og glottir. „Kannski hefði ég bara átt að hætta fyrr."

Íslenska liðið er einstakt

Hún segist vera svo ánægð með karlalandsliðið í handbolta þessa dagana að orð fái því vart lýst.

„Auðvitað erum við með heimsklassaleikmenn en mörg önnur lið eru samt með sterkari leikmenn á pappírnum, til dæmis Þýskaland." Hún nefnir að íslenska liðinu takist að vinna ágætlega gegn Ringelmann-áhrifunum svokölluðu, sem er þekkt sálfræðilögmál sem gengur út á að eftir því sem fleiri bætist í hóp sem vinnur að ákveðnu markmiði minnki einstaklingsgeta hvers og eins samhliða. „Þeir virðast allir komast nálægt því að spila af fullri einstaklingsgetu, sem er einstakt. Rannsóknir hafa líka sýnt að skýr markmiðssetning skiptir mestu varðandi góða liðsheild og hlutverkaskipanin í þessu liði virðist vera mjög skýr. Svo eru þeir svo góðir vinir og margir leiðtogar innan liðsins, sem er ómetanlegt. Það hjálpast margt að."

Spurð í hvaða sæti Ísland lendi á HM segist Hafrún ekki tilbúin að skjóta á eitt ákveðið sæti. „Fyrir mótið hefði ég verið ánægð með að vera meðal sjö efstu, en eins og staðan er núna spái ég liðinu í undanúrslit. Liðið er miklu betra en ég hélt. Við gætum þess vegna orðið heimsmeistarar, en þá þarf ansi margt að ganga upp."

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

1.990,-

IKEA 365+ matardiskur
B22×L42cm. Gegnheilt birki

IKEA 365+ skál
Ø13, H6cm. Hvítt **395,-**

FÖRTRÄFFLIG ilmkerti
H7cm. Brúnt **995,-/2 í pk.**

SMARTA ofn-/framreiðslufat
B41×L26cm. Hvítt **2.490,-**

Blótum þorrann

395,-/100 í pk.

FANTASTISK servíettur
B40×L40cm. Hvítt
395,-/100 í pk.
FANTASTISK servíettu-
standur B12×L14, H17cm
Plast **395,-**

SNITTA hnífar L22cm
Ryðfrítt stál/plast
895,-/6 í pk.

1.990,-/12 í pk.

NORDBY bjóglös 39cl. Gler

RÄTTVIK snafsglös
6cl. Gler **495,-/stk.**

BONUS hnífaparasett
f/6 manns. Ryðfrítt stál
595,-/16 í pk.

IKEA 365+ matardiskur
B20×L36cm. Hvítt **1.890,-**

295,-/stk.

MJÖD bjórkrúsir
60cl. Gler

SNUDDA snúningsdiskur
Ø39cm. Gegnheilt birki **1.290,-**

BLANDA MATT skálar. Gegnheilt birki
Ø12, H6cm **995,-**
Ø20, H9cm **1.990,-**
Ø28, H13cm **3.990,-**

REKO glös 17cl
Gler **295,-/6 í pk.**

IKEA 365+ pottur
m/loki 0,6L. Ryðfrítt
stál/ál **1.890,-**

VÄNLIG kanna
1L. Gler **495,-**

Þorrabakki

m/súrmeti eða nýmeti

Einnig hægt að taka með heim!

995,-

KLACK bakki B38×L58cm
Gegnheill viður **1.490,-**

© Inter IKEA Systems B.V. 2011

IKEA®

Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

www.IKEA.is

ÞORRA MATUR Í ÚRVALI

TILBOÐ

Sviðakjammar	746 kr/kg	~~829 kr/kg~~
Súrir lundabaggar	1.399 kr/kg	~~1.998 kr/kg~~
Súrir hrútspungar	2.064 kr/kg	~~2.948 kr/kg~~
Ný sviðasulta	1.987 kr/kg	~~2.649 kr/kg~~

TILBOÐ
MYSA
98 kr/stk

TILBOÐ
HOLLT & GOTT RÓFUSTAPPA 350g
197 kr/stk

TILBOÐ
VESTFIRSKUR HÁKARL 100g
598 kr/stk

TILBOÐ
CARLSBERG LÉTTÖL
99 kr/stk

fljótlegt og þægilegt þegar mikið er að gera!

TILBOÐ
DR. OETKER PIZZUR
463 kr/stk

hugsaðu um heilsuna og taktu vítamín!

WHOLE EARTH DRYKKIR
20% afsláttur v/kassa

WHOLE EARTH DRYKKIR
20% afsláttur v/kassa

WHOLE EARTH DRYKKIR
20% afsláttur v/kassa

WHOLE EARTH DRYKKIR
20% afsláttur v/kassa

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 23. janúar á meðan birgðir endast.

FURUHNETUFYLLT KALKÚNABRINGA MEÐ HVÍTVÍNSSOÐI OG BYGGSALATI

fyrir 4 að hætti Rikku

1 kalkúnabringa
1 msk smjörvi
1 ½ skallottlaukur, saxaður
3 hvítlauksrif, söxuð
70 g furuhnetur
25 g fersk salvia, grófsöxuð
40 g fersk steinselja, söxuð
Rifinn börkur af 1 sítrónu
100 g Hagkaups maísbrauð, rifið niður í matvinnsluvél
1 egg
salt og pipar
1 msk Ítalía ólífuolía

Hitið ofninn í 190°C. Steikið skallottlaukinn og hvítlaukinn upp úr ólífuolíunni þar til þeir verða mjúkir í gegn. Bætið furuhnetunum, salvíunni, steinseljunni og sítrónuberkinum út í og steikið áfram í fáeinar mínútur, kælið augnablik og blandið saman við brauðmylsnuna. Hrærið eggið saman við og kryddið með salti og pipar. Setjið bringuna í plastpoka og fletjið hana út með kökukefli þar til að hún er orðin um 1 cm að þykkt. Smyrjið bringuna að innan með fyllingunni og rúllið upp. Bindið bringuna saman með eldhúsbandi. Berið olíu á bringuna og kryddið hana með salti og pipar. Setjið bringuna á pappírsklædda ofnplötu og steikið í ofninum í 40 mínútur.

HVÍTVÍNSSOÐ
1 msk smjörvi
½ skallottalaukur, saxaður
20 g salvíublöð
1 kjúklingakraftsteningur
1/2 flaska Blue Nun hvítvín (fæst í Hagkaup)
salt og pipar

Steikið laukinn upp úr smjörvanum. Bætið salvíublöðunum og kraftinum saman við og steikið í 2 mínútur. Hellið hvítvíninu út í og látið malla í 15 mínútur. Til hátíðarbrigða er gott að bæta 50 ml af rjóma út í.

BYGGSALAT
300 g soðið bankabygg frá Móður Jörð
½ rauður chili-aldin, smátt saxaður
½ rauðlaukur, smátt saxaður
Safi af 1 límónu
¼ vatnsmelóna, skorin í litla bita
½ hunangsmelóna, skorin í litla bita
1 tsk Maldon salt

Sjóðið bankabyggið samkvæmt leiðbeiningum á umbúðum. Blandið saman við afganginn af hráefninu og berið fram með kalkúninum.

Heill kjúklingur
ferskur

Lambalæri
kryddlegið

Ungnautapiparsteik

Hamborgarar
2 stk. 120g m/ brauði og sósu

ávöxtur í flösku

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

skoðun

greinar@frettabladid.is

Tímabær Framkvæmdasjóður ferðamannastaða:

Gestrisni í verki

Iðnaðarráðherra lagði í vikunni fram frumvarp til laga um stofnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Málefni helstu ferðamannastaða landsins hafa allt of lengi verið látin reka á reiðanum. Þar hefur ekki verið sinnt eðlilegu viðhaldi, hvað þá uppbyggingu, auk þess sem staða öryggismála er sums staðar óviðunandi. Frumvarp iðnaðarráðherra er því fagnaðarefni og gott til þess að vita að því sé vel tekið af fulltrúum allra flokka á þingi.

Áætlað er að Framkvæmdasjóðurinn hafi 240 milljónir til umráða á ári, verði frumvarpið að lögum. Fénu á að verja til þess að byggja upp, halda við og vernda ferðamannastaði, auk þess að taka á öryggismálum sem víða er ábótavant.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Fram kom í skýrslu sem Umhverfisstofnun gaf út í haust að helstu náttúruperlur þjóðarinnar væru komnar að ystu mörkum og væru í raun að tapa gildi sínu vegna gríðarlegs álags sem ekki hefur verið mætt með viðhlítandi viðbúnaði. Við þessu er nú brugðist.

Í raun er staðan sú að enginn ferðamannastaður á Íslandi er í stakk búinn til þess að taka við þeim fjölda ferðamanna sem þá sækja. Skortur á öryggisviðbúnaði leggur mikla ábyrgð á þá leiðsögumenn sem ferðamannahópum fylgja. Hættulegastir eru þessir staðir þó þeim sem ferðast á eigin vegum og því miður eru nærtæk dæmi þess að illa hafi farið.

Ferðamenn eru Íslendingum stöðugt mikilvægari tekjulind. Það liggur því í augum uppi að byggja þarf upp aðstöðu til að taka vel og forsvaranlega á móti þessum stækkandi hópi. Það er svo sannarlega vilji allra að skila þessum gestum okkar bæði heilum og ánægðum heim.

Frumvarp iðnaðarráðherra helst í hendur við frumvarp fjármálaráðherra um innheimtu farþega- og gistináttagjalda en með þeim er lagður grunnur að fjármögnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Gjöldin eiga að skila 400 milljónum króna á ári í tekjur. Auk þess að fjármagna Framkvæmdasjóðinn eiga 40 prósent þessara gjalda að renna til þjóðgarða í landinu.

Ekki eru allir á eitt sáttir um innheimtu þessara gjalda, sem á að vera í höndum þeirra sem selja gistingu og farmiða. Einnig er deilt um hvar eigi að vista Framkvæmdasjóðinn, sem samkvæmt frumvarpinu á að heyra undir Ferðamálastofu.

Hvernig sem því verður háttað, bæði varðandi vistun sjóðsins og leiðir til að fjármagna hann því vissulega hlýtur að mega skoða þá leið að innheimta aðgangseyri við vinsælustu ferðamannastaði eins og tíðkast um heim allan, þá er aðalatriðið að koma Framkvæmdasjóðnum á laggirnar fljótt og örugglega og tryggja fjármögnun hans.

Málefni helstu ferðamannaperla landsins mega ekki reka á reiðanum lengur. Þessum stöðum verður að sinna. Sumum þarf að forða frá skemmdum meðan uppbygging öryggismála er brýnasta verkefnið annars staðar. Gestrisni við erlenda ferðamenn verður að sýna í verki.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

„Ég verð aldrei fúl, en ég verð oft feimin... það er mjög skemmtilegt, þá er allt svo spennandi," segir Barbara trúður.

Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins

FRÁ DEGI TIL DAGS

Enn af fámenni

Vikið var að fámenninu á Íslandi á þessum stað í gær. Bent var á að allir vösuðust í öllu og val Landsbankamanna á lögmönnum var nefnt því til sönnunar. Annað dæmi birtist ljóslifandi í gær. Þá var sérstakur saksóknari með aðgerð í Seðlabankanum. Á meðan var formaður bankaráðs Seðlabankans, Lára V. Júlíusdóttir, í Héraðsdómi Reykjavíkur að reyna að fá níu ungmenni dæmd í fangelsi fyrir að trufla þingfund. Var málflutningur hennar alveg hreint magnaður og samlíkingin við árás pólsks glæpagengis á fólk í Breiðholti mun eflaust rata í sögubækur.

Leikrit

„Þetta mál er komið í algerar ógöngur, það eru allir í aðlögunarferli nema utanríkisráðherra sjálfur og það verður einfaldlega að taka þetta mál til gagngerrar endurskoðunar," sagði Ásmundur Einar Daðason þegar Pétur Blöndal spurði hann út í Evrópumálin á þingfundi á miðvikudag. Svona lagað heitir leikrit en þau eru stundum sett upp á Alþingi. Ásmundur og Pétur sitja í stjórn Heimssýnar. Hefur þeim líklega fundist of langt síðan rödd samtakanna heyrðist á löggjafarsamkomunni.

Forsendan

Tryggvi Þór Herbertsson kveinkar sér undan fjölmiðlum á heimasíðu sinni. Hann skilur ekki hvers vegna ekki er fjallað meira um þingræður sjálfstæðismanna. Hann lét þingið taka saman hve lengi hver þingflokkur talaði á síðasta þingi. Sjálfstæðisflokkurinn vann. „Ef við gefum okkur þá forsendu að málflutningur þingmanna Sjálfstæðismanna hafi síst átt minna erindi til fjölmiðla en annarra þingmanna má furðu sæta að ekki heyrist meira í okkur í fjölmiðlum, miðað við hve mikinn tíma þingsins við notum til að koma hugðarefnum okkar á framfæri," segir Tryggvi. Kannski forsenda hans sé röng.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR

Karlvæðing þjóðareigna

Jafnréttismál

Gunnar Hersveinn
rithöfundur

Margt er okkur hulið um kynbundið misrétti. Áratugum saman erum við slegin blindu – en svo bendir einhver á skekkjuna og misréttið verður óþægilega augljóst. Kynbundið misrétti blasir oft við þar sem völd og peningar koma við sögu.

Völd karla eru stofnanabundin og þeim er viðhaldið á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Konur eru ekki aðeins útilokaðar frá samráði í yfirráðakerfi karla heldur einnig frá þýðingarmiklum stjórnum í viðskiptalífinu og nefndum í stjórnsýslunni. Lýsandi dæmi um þetta er Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, en þar sátu einungis sérvaldir karlmenn í þau fimmtán ár sem tilgreind eru á heimasíðu forsætisráðuneytis, árin 1992-2007. Það er hrópandi kynbundið misrétti sem bitnaði á allri þjóðinni.

Verkefni nefndarinnar voru einkavæðing, útboð rekstrarverkefna og sala ríkiseigna. Hún starfaði í umboði ráðherranefndar um einkavæðingu. Ráðherrar ríkisstjórna frá 1991 fólu henni mikilsverð verkefni, til dæmis sölu bankanna, Landsímans og HS Orku. Aðferðin við einkavæðingu bankanna er nú talin ein meginástæða hrunsins 2008 og einkavæðing HS Orku skapar ósætti um eignarhald og nýtingu auðlinda landsins.

Verkefni þessarar einkavæðingarnefndar vörðuðu óhjákvæmilega þjóðina alla, konur jafnt sem karla. En kona mátti greinilega ekki eiga sæti í þessari merkisnefnd. Ekki einu sinni starfsmenn nefndarinnar voru konur nema í blálokin, þegar allt var búið, hlaut ein kona þann heiður. Einkavæðingu íslenskra þjóðareigna má því með réttu kalla einkavæðingu karla á eignum þjóðarinnar. Þetta er alvarlegt misrétti og sár móðgun gagnvart öllum sem unna jafnrétti og fyrri kynslóðum sem skópu þessar eignir. Hér var um skefjalausa valdkúgun að ræða.

Einkavæðing karla merkir greinilega einhæfni og útilokun sjónarmiða og kemur í veg fyrir samráð og jöfnuð í samfélaginu. Fimmtán ára einræði örfárra karla í Framkvæmdanefnd um einkavæðingu var greinilega ekki æskilegt, heldur ávísun á mistök, yfirsjónir, þröngsýni, spillingu og hrun.

Jafnrétti er þjóðgildi sem tvívegis hefur verið valið af visku þjóðarinnar á þjóðfundum. Hlustum á þá visku! Aldrei aftur misrétti í boði ríkisins!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Ofgreitt fyrir menntun

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Íslenska menntakerfið er ekki lélegt. Í nýlegri PISA-könnun lentu íslenskir grunnskólanemendur í tíunda sæti meðal OECD-ríkja. Það heitir bara fjári gott. Íslenska menntakerfið er hins vegar dýrt, en fáar þjóðir eyða jafnmiklu fé til menntunar barna og Íslendingar.

Miðað við hve miklu er eytt ættum að við hafa frábært menntakerfi og kennarar ættu að vera með frábær laun. Hvorugt er raunin. Laun kennara eru vel undir meðaltali OECD-ríkja, árangur íslenskra nemenda er fínn, en ekki frábær. Við erum sem sagt ekki að fá það sem við borgum fyrir.

Við greiðum af Lexus en keyrum um á Corollu.

Við þurfum því að nýta það fé sem varið er til menntamála betur. Flest af því sem þyrfti að laga er ekki flókið, en mætir allt of oft kokhraustri andstöðu frá þeim sem á endanum myndu græða mest á slíkum breytingum, kennurum, eða öllu heldur forustu kennarasamtaka. Í stuttu máli þarf að láta færri og betri kennara kenna meira.

Grunnskólinn er tíu ár. Menntaskólinn fjögur. Annað hvort af þessu á að stytta og helst jafnvel hvort tveggja. Það myndi þýða að ungt fólk kæmist fyrr í að læra það sem það sannarlega hefur áhuga á og þess utan gætum við þá fækkað kennurum. Við viljum hafa færri kennara og borga þeim meira.

Við þurfum að kenna lengur inn í sumarið. Ég veit að öllum finnst gaman að vera úti þegar veðrið er gott, en ég vil frekar að kennarar kenni meira og þéni meira heldur en að árið sé stytt og þeim gefið meira svigrúm til tekjuöflunar á öðrum vettvangi, en þannig hugmyndir skjóta reglulega upp kollinum.

Nemendalausum dögum í grunnskóla, jafnt við upphaf og endi skólaársins sem og þeim á miðri önn, þarf að fækka. Eins og flestir kennarar þekki ég það að margir vanmeta þá vinnu sem fer í undirbúning kennslu. En það eru samt takmörk fyrir því hve raunhæft og gagnlegt það er að sinna slíkum undirbúningi utan hefðbundins skólaárs. Að undirbúa kennslu nokkrum vikum áður en hún byrjar er dálítið eins og að búa sig undir sundferð. Stundum verður ekki lengra í undirbúningi komist og það þarf einfaldlega að stökkva út í laugina.

> Nemendalausum dögum í grunnskóla … þarf að fækka.

Það veldur manni annars vonbrigðum að hve miklu leyti kjarabarátta kennara hefur gengið út á það að gera starfið þægilegra. Mér er það til dæmis hulin ráðgáta hvers vegna það sé sértakt baráttumál að kennarar kenni minna þegar þeir eldast. Ekkert er að því að menn semji um lægra starfshlutfall þegar launataxti þeirra hækkar, en hvers vegna er sjálfkrafa búið að semja um þetta fyrir þá? Markmiðið ætti að vera að reyndir og góðir kennarar kenni meira, ekki minna.

Hár kostnaður menntakerfisins skrifast af einhverju leyti á hátt hlutfall ungs fólks hér á landi en það er einungis lítill hluti af skýringunni. Hlutfall starfsfólks á hvern nemanda er hátt. Þrennt kemur helst til. Bekkir eru ögn fámennari en víða gengur og gerist, töluvert hefur verið ráðið af skólaliðum og öðru starfsfólki sem passa börn í frímínútum meðan kennarar hlaða batteríin og loks hefur starfsfólki sem eyrnamerkt er ákveðnum hópum nemenda fjölgað mikið.

Sú hugmyndafræði að til dæmis fatlaðir nemendur hljóti sömu skólagöngu og aðrir er ekki ljót. En kerfið sem byggt hefur verið í kringum þá hugmyndafræði hefur verið misnotað. Eitt helsta verkfæri skólastjórnenda til að ná í fjármuni út úr kerfinu er að greina seinþroska eða ókurteis börn með einhvers konar sjúkdóm og fá þannig aukinn mannskap til að sinna þeim. Fleiri láglaunamenn.

Launamál kennara þarfnast uppstokkunar. Launin eru ótrúlega einsleit, sem skýrist af miðlægum kjarasamningum og tregðu stéttarfélaga til að leyfa meira svigrúm í samningum milli einstaka kennara og skóla. Best væri að hver kennari semdi um eigin laun við vinnuveitendur sína. Menn myndu þá byrja lágt en hækka ört eftir því sem þeir bættu við sig menntun og starfsreynslu. Afburðakennurum myndi fjölga. Hæstu laun kennara yrðu tvöföld til þreföld byrjunarlaun. Mun kennaraforystan fallast á þessar breytingar? Það efast ég því miður um.

Stjórnsýslan þarf reglufestu

Ríkisrekstur

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri BSRB

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um mannauðsmál ríkisins koma fram sláandi upplýsingar um að einungis ríflega 50 prósent stjórnenda í opinberum stofnunum nýta sér þau tæki til mannauðsstjórnunar sem þeir hafa yfir að ráða. Í staðinn fyrir að einblína á vandann, sem liggur hjá stjórnendum, er einblínt á opinbera starfsmenn og þess krafist að ferlið til að segja þeim upp verði einfaldað.

Ein af ályktunum starfshóps forsætisráðherra um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er sú að nokkuð skorti á frammistöðumat fyrir stjórnendur í opinbera geiranum. Það er miður að þeir sömu stjórnendur noti ekki slík mannauðsstjórnunartæki.

Það er hins vegar reginfirra að lausnin sé sú að veita stjórnendum færi á að reka og ráða fólk eins og þeir vilja. Skýrsla þingmannanefndar Alþingis, sem mat rannsóknarskýrsluna, segir að brýnt sé að „formleg og vönduð stjórnsýsla sé sérstaklega mikilvæg, einkum í ljósi smæðar samfélagsins“. Hér er kallað eftir formfestu. Það er einnig gert í fyrrnefndri skýrslu starfshóps forsætisráðherra: „að bæta samhæfingu og reglufestu í stjórnsýslunni“.

Samband starfsmanns og stjórnanda er ferli sem hefst við ráðningu og lýkur við starfslok. Í því getur ýmislegt komið upp á, en góður stjórnandi fylgist með starfsmanni sínum og metur frammistöðu hans reglulega. Þannig eykur hann líkurnar á því að starfsmaðurinn standi sig vel í starfi.

Allt of oft ber á því í umræðunni að fólki sé skipt upp í hópa. Það erum „við“ og „þið“ og í mestu öfgunum fara hagsmunir þessara hópa ekki saman. Opinber stjórnsýsla er okkar allra. Hún er tækið sem við höfum til að reka samfélagið. Um það tæki verða að gilda skýrar reglur og gagnsæjar, ráða verður faglega í stöður og nýta þarf starfsmannamat.

> Einungis ríflega 50 prósent stjórnenda í opinberum stofnunum nýta sér þau tæki til mannauðsstjórnunar sem þeir hafa yfir að ráða.

Hvað opinbera stjórnsýslu varðar er ekkert sem heitir „við“ og „þið“. Fólkið í henni er af heilindum að vinna að betri umgjörð um lýðræðislegt stjórnkerfi þjóðarinnar. Það er okkar allra hagur að það standi sig vel og formfesta eykur líkurnar á því. Að afnema hana eru kolröng viðbrögð við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um það sem leiddi þjóðina í þær ógöngur sem hún er í.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNDADAGURINN Í BÓNUS

EUROSHOPPER BLEIUR 100 KR. VERÐLÆKKUN

TAKMARKAÐ MAGN Á ÞESSU VERÐI

Verð nú: **1398** kr.pk

EURO SHOPPER

MIDI 56 stk. **MAXI** 50 stk. **JUNIOR** 44 stk.

498 KR. pk

ÍSLANDSNAUT ferskir **100%** ungnautahamborgarar
2 x 120g með brauði og hamborgarasósu

FERSKIR LEGGIR **598** KR.KG

BLANDAÐIR BITAR **498** KR.KG

FERSKAR BRINGUR **1898** KR.KG

FERSKIR VÆNGIR **259** KR.KG

FERSKUR KJÖRFUGL
Á FRÁBÆRU VERÐI Í BÓNUS

679 KR. 1.9 kg.

Neutral
ÞVOTTAEFNI 1.9 KG.

359 KR. 300 ml

HAMBORGARA-FABRIKKUSÓSUR 300ML

259 KR. 25 stk.

NIVEA HREINSIKLÚTAR
25 STK.

179 KR. 72 stk.

EUROSHOPPER BABYWIPES 72 stk.
10 KR. VERÐLÆKKUN

Ali

FERSKT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
598 KR./KG.

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
898 KR./KG.

FERSKUR HEILL KJÖRFUGL
639 KR.KG

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNDADAGURINN Í BÓNUS

SOÐIÐ HANGIKJÖT
2598 kr.kg.

SOÐIN LAMBASVIÐ
498 kr.kg.

TÚLIPANAR 10 STK **998** KR.

ÞAÐ KOSTAR
28 KR. AÐ SKEMMTA
SÉR HEIMA

HANDY SMOKKAR
18 STK. Í PK./ ÞRJÁR GERÐIR
498 KR.PK/28 KR.STK
ATHUGIÐ: VERJURNAR ERU SELDAR VIÐ AFGREIÐSLUKASSA

698 KR. kg

K.S FROSIÐ **LAMBASÚPUKJÖT**
1.FLOKKUR

598 KR. kg

K.S FROSNAR **SVIÐALAPPIR**

268 KR. kg

K.S FROSIN **LAMBASVIÐ**

Þú færð tvær möndlutertur fyrir
459kr.

NIVEA
STURTUSÁPA 750ml
AÐEINS **459** KR.

198 KR. 350g

KF RÓFUSTAPPA 350g

1998 KR. kg

BÓNUS SÚRIR PUNGAR

198 KR. 4 stk.

BÓNUS KORNKUBBAR TVÆR TEG.
NÝBAKAÐAR 4 stk. í poka

1898 KR. 1300g

BLANDAÐUR SÚRMATUR
SLÁTURFÉL. SUÐURL 1.3 KG.

SS SÚRMATUR

1798 KR. KG

Íslandslamb úrbeinað **lambalæri** magnókryddað í álbakka. ***TILBÚIÐ Í OFNINN, MINNI ÞRIF***

BÓNDADAGS ***STEIKIN***

98 KR. 500ml

THULE

75 KR. 500ml

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

tímamót

timamot@frettabladid.is

62 **KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR** rithöfundur er 62 ára í dag

„Stjórnvöld studdu auðmenn af heilum hug, blésu út afrek þeirra, þáðu boð þeirra, sleiktu diska þeirra, en nú eftir hrunið kenna þau þjóðinni um, þjóðin hafði verið á neyslufylliríi.“

†

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem heiðruðu minningu og sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

Kjartans Sölva Einarssonar
Hólavegi 39, Siglufirði.

Sérstakar þakkir sendum við læknum, hjúkrunarfræðingum og öðru starfsfólki á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar Siglufirði, sem og starfsfólki Heimahlynningar LSH, fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót. Guð blessi ykkur öll.

Brynja Stefánsdóttir
Herdís Kjartansdóttir **Guðmundur Þór Axelsson**
Kristrún Kjartansdóttir **Ingi Már Aðalsteinsson**
Ása Fríða Kjartansdóttir **Víglundur Pétursson**
afa- og langafabörn.

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem heiðruðu minningu og sýndu okkur samúð og stuðning við andlát og útför okkar ástkæru

Aðalheiðar Sigurðardóttur
Skólastíg 14 a, Stykkishólmi.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi fyrir frábæra umönnun.

Jófríður Sveinbjörnsdóttir
Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir
Stefán Sveinbjörnsson

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og dóttur

Þóreyjar Þorkelsdóttur
Hörðukór 1, 203 Kópavogi.

Einnig færum við læknum hennar, þeim Friðbirni Sigurðssyni og Sigurði Böðvarssyni sem og Sonju S. Guðjónsdóttur hjúkrunarfræðingi á deild 11-B á Landspítalanum við Hringbraut, okkar innilegustu þakkir, en þau reyndust henni einstaklega vel í veikindum hennar. Guð blessi ykkur öll.

Ögmundur H. Runólfsson
Sigurður Þorkell Ögmundsson **Erna Gunnarsdóttir**
Þorbjörg Hanna Ögmundsdóttir **Hafþór Hannesson**
Þorkell Sigurðsson **Þorbjörg Guðmundsdóttir**

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hrafnhildur Þórðardóttir

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði, miðvikudaginn 19. janúar. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 28. janúar kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær allt starfsfólk Hrafnistu Hafnarfirði sem kom að umönnun hennar í gegnum árin, þið eruð yndisleg.

Þórður G. Lárusson **Unnur K. Sigurðardóttir**
Halldór R. Lárusson **Guðlaug Jónasdóttir**
Lárus H. Lárusson **Rósa Hallgeirsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

ÞETTA GERÐIST 21. JANÚAR ÁRIÐ 1989

89 af stöðinni fer í loftið

Spaugstofan hóf göngu sína í sjónvarpi með þættina 89 af stöðinni í Sjónvarpinu, þetta kvöld fyrir 22 árum. Árið eftir kallaðist þátturinn 90 af stöðinni og svo Enn ein stöðin. Efni þáttanna gengur út á að rýna í fréttir og atburði liðinnar viku gegnum spéspegil og fá stjórnmálamenn og aðrir opinberir starfsmenn það gjarnan óþvegið í þáttunum. Þættirnir hafa verið á dagskrá á laugardagskvöldum og nutu strax mikilla vinsælda og urðu persónur þáttanna þjóðkunnar og heimilisvinir á skjánum.

Þar má nefna Ragnar Reykás, rónana Boga og Örvar, hinn taugaveiklaða Kristján Ólafsson og fleiri. Spaugstofuna skipuðu þeir Örn Árnason, Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Sigurður Sigurjónsson og Randver Þorláksson, allt til ársins 2007 þegar Randver sagði skilið við hópinn.

Þættir Spaugstofunnar eru nú á dagskrá Stöðvar 2.

BIRNA HALLGRÍMSDÓTTIR: BÆJARLISTAMAÐUR SELTJARNARNESS

SAMDI EITT TÓNVERK TÍU ÁRA

„Verðlaunin eru mér hvatning og hafa mikla þýðingu fyrir ungan listamann sem er að koma sér á framfæri,“ segir Birna Hallgrímsdóttir píanóleikari en hún hlaut tilnefninguna Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2011 síðastliðinn laugardag.

Birna er fædd árið 1982 og hóf píanónám fimm ára gömul við Tónlistarskóla íslenska Suzuki-sambandsins og Tónlistarskóla Kópavogs. Hún lauk námi við Listaháskóla Íslands vorið 2006. Eftir að hafa hlotið önnur verðlaun í Epta-píanókeppninni á Íslandi sama ár fór hún til náms við Royal College of Music í London, þaðan sem hún lauk meistaranámi árið 2009. Á síðasta ári dvaldi Birna í Noregi þar sem hún sótti tíma hjá Håkon Austbø.

„Það er nóg af verkefnum fram undan,“ segir Birna en hún stefnir á að gefa út geisladisk á árinu. „Ég er þegar farin að vinna í þeim verkum sem verða á diskinum og mun spila þau á tónleikum í sumar. Núna er æfingatímabil að hefjast hjá mér en fyrstu tónleikarnir hjá mér eftir jólafríið eru Mozart-tónleikar Reykjavíkurborgar hinn 27. janúar, svo hefst törnin í mars. Ég æfi á píanóið frá klukkan 8 á morgnana fram yfir hádegi og kenni svo eftir hádegi flesta daga vikunnar,“ segir hún og þakkar fyrir að eiga góða nágranna sem kvarta ekki undan píanóleiknum. „Það búa svo margir tónlistarmenn í blokkinni minni, það hittist vel á.“

Birna segir það eiga vel við sig að kenna píanóleik en hún fær til sín nemendur heim og kennir bæði við Píanóskóla Þorsteins Gauta og í Tónheimum. Hún segist yfirleitt spila klassíska tónlist en spili stundum dægurlög til að breyta til. Aðspurð segist hún ekkert fást sjálf við tónsmíðar utan einu sinni.

„Ég held að ég hafi prófað að semja tónverk þegar ég var tíu ára, það heppnaðist reyndar bara vel en ég lét samt gott heita. Ég á mér mörg uppáhaldstónskáld en Franz Liszt hefur alltaf fylgt mér. Hann á 200 ára afmæli á þessu ári svo megnið af verkunum á diskinum verður jafnvel eftir hann.”

TILNEFNINGIN ER HVATNING Birna Hallgrímsdóttir er bæjarlistamaður Seltjarnarnessbæjar 2011.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

heida@frettabladid.is

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi

Guðmundur Sigurjónsson
Glósölum 7, Kópavogi,

sem lést 18. janúar, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 28. janúar, kl. 15.00.

Eygló Olsen
Valgerður Anna Guðmundsdóttir **Steinþór Óskarsson**
Marta Elísabet Guðmundsdóttir **Þórður Vilberg Oddsson**
afabörn og langafabörn.

†

Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,

Hafsteinn Sigtryggsson
Mosfelli, Ólafsvík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands Akranesi, þriðjudaginn 11. janúar, verður jarðsunginn frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 22. janúar kl. 14.00.

Sveinbjörn Sigtryggsson
Bjarný Sigtryggsdóttir **Ríkarð Magnússon**
og aðrir aðstandendur.

Merkisatburðir

1793 Rússland og Prússland skipta Póllandi.
1899 Opel-fyrirtækið hefur starfsemi.
1918 38 stiga frost mælist á Grímsstöðum og í Möðrudal.
1924 Vladimír Lenín andast.
1925 Yfir Ísland ganga mestu flóð og fárviðri í eina öld. Miklar skemmdir urðu í Grindavík, á Eyrarbakka og í Reykjavík.
1932 Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis er stofnaður.
1976 Atli Heimir Sveinsson hlýtur Norrænu tónlistarverðlaunin.
1976 Concorde-þotan fer fyrsta farþegaflugið.
1977 Jimmy Carter, forseti Bandaríkjanna, náðar nær alla þá bandarísku hermenn sem hlupust undan merkjum í Víetnamstríðinu.
1982 Fjórir farast við björgunaraðgerðir þegar Pelagus strandar við Vestmannaeyjar.
2005 Íslendingar biðja Íraka afsökunar með heilsíðuauglýsingu í The New York Times.
2009 Mótmæli eru við Alþingi og Samfylking slítur samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn.

†

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa

Jónasar Helgasonar
frá Stórólfshvoli,
Núpalind 4 Kópavogi.

Guðrún Árnadóttir
Særún Jónasdóttir **Kjartan Sigurðsson**
Helgi Jónasson **Bodil Mogensen**
og barnabörn

Barnaheill og Afríka 20:2 - félag áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara standa fyrir Afríkudögum dagana 22.-28. janúar. Meðal dagskrárliða er ljósmyndagjörningur Páls Stefánssonar ljósmyndara en myndir hans frá Afríku verða settar upp vítt og breitt um borgina. Má þar nefna Höfðatorg, Laugar, Útvarpshúsið, Hagkaup í Kringlunni, HR og HÍ.

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Jóhanna Jónas leikkona og sælkerakokkur gefur uppskrift að eplaböku í hollari kantinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hægt að neyta og njóta án nokkurs samviskubits

Þetta er einn af mínum uppáhaldseftirréttum, ljúffengur á bragðið og að mestu laus við alla óhollustu, sem er mikill plús," segir Jóhanna Jónas, leikkona og sælkerakokkur með meiru, um eplaböku sem hún gefur hér uppskrift að.

Jóhönnu áskotnaðist uppskriftin að bökunni fyrir nokkrum árum þegar hún starfaði sem leikkona í Bandaríkjunum. Hún hefur svo smám saman verið að laga hana að eigin smekk og heilsusamlegum lífsstíl, sem er meðal annars fólginn í reglulegri hreyfingu og neyslu grænmetisfæðis.

„Ég gerðist grænmetisæta fyrir nokkru og var þá orðið ljóst að það gerði mér meira gott en til dæmis kjöt og fiskur, sem ég ákvað að taka út enda er ég nú sterkari, léttari og heilsuhraustari," segir Jóhanna, sem kveðst þó rétt eins og aðrir eiga erfitt með að halda sig alltaf á „hinni beinu braut". „Sætindin eru minn helsti veikleiki en þegar löngunin hellist yfir mig reyni ég helst að velja „holl" sætindi fram yfir önnur. Eplabakan betrumbætta fellur í þann flokk og er tilvalin fyrir þá sem vilja eitthvað sætt undir tönn án þess að vera þjakaðir af samviskubiti."

Jóhanna segist sem betur fer lifa og hrærast í umhverfi þar sem lítið er af óhollustu, en hún hóf nýverið störf sem veitingastjóri á Grænum kosti og líkar vel. „Félagsskapurinn er góður og sömuleiðis veitingarnar, sem eru útbúnar alveg eftir mínu höfði," segir hún ánægð.

roald@frettabladid.is

HIMNESK EPLABAKA

Með rjóma eða vanilluís **FYRIR 4-6**

3-4 stór rauð epli (golden delicious) eða eftir vali.
¾ bolli gróft spelt eða heilhveiti
¾-1 bolli muscovado-púðursykur eða venjulegur púðursykur
¾ bolli tröllahafrar
½ tsk. salt
¾ tsk. kanill
½ bolli mjúkt smjör eða smjörvi

Blandið þurrefnum saman og passið að ná öllum kekkjum úr muscovado-púðursykrinum.

Blandið síðan mjúku smjöri saman við þurrefnin með fingrunum svo úr verður gróf, blaut mylsna. Setjið hluta af mylsnunni í botninn á meðalstóru eldföstu móti án þess að þjappa henni. Skerið epli í litla bita og látið ofan á mylsnuna. Sumum finnst gott að setja svolítinn hrásykur á eplabitana inn á milli. Þekið svo eplin með restinni af mylsnunni og bakið við 175°C í um 40 mínútur. Gott að bera fram með rjóma eða vanilluís. Himneskt!

PIZZA

Grikkir til forna settu ost og jurtir á brauðið og helltu olíu yfir og má segja að það hafi verið fyrsti vísirinn að pitsum. Pitsur með tómatmauki eins og við þekkjum þær í dag eiga hins vegar rætur að rekja til Ítalíu.

Stærsta pitsa í heimi var búin til í Jóhannesarborg í Suður-Afríku árið 1990. Hún var rúmir 37 metrar á breidd og búin til úr 500 kílóum af hveiti, 800 kílóum af osti og 900 kílóum af tómatmauki.

Heimild: www.wikipedia.org

VERÐLAUNA OFN FRÁ TURBOCHEF

– einstök gæði og ótrúleg afköst

High h Conveyor 2020™

- tilvalinn fyrir pizzastaði, bakarí, skyndibitastaði, sportbari og veitingahús.

- bakar 60 stk. af 12-tommu pizzum á klst.

- hægt að stafla allt að 4 ofnum ofan á hvorn annan, sé einn ekki nóg.

Einstök High-h hitablásturstækni hitar matinn hraðar en nokkur önnur eldunaraðferð. Hreinsibúnaður sem TurboChef er með einkaleyfi á, hreinsar blásturinn þannig að ekki er þörf fyrir loftræstiháf.

HhC 2020 vann til verðlauna 2010, sem besti færibandaofn í heimi. *("FF&210 Best in Class Award in the Conveyor Category").* Umfjöllun um HhC 2020 ofninn er í nóvember hefti Pizza to Day.

VERÐLAUNIN ERU VEITT FYRIR:

– að hafa 30 – 50% meiri afköst en aðrir hefðbundnir færibandaofnar.

– að vera eini færibandaofninn með vottun fyrir notkun án loftræstiháfs.

– að taka lítið pláss og afkasta meir en stærri ofnar.

– bragðbetri pizzur og stöðug gæði, þrátt fyrir meiri hraða.

– að nota minna rafmagn en aðrir hefðbundnir færibandaofnar.

– að geyma mismundandi rétti í minni (pizzur, subs, borgara, steikur, lax ...)

– að vera auðveldur í notkun og einfaldur í þrifum.

Grillhöllin – Hafnarfirði
Tjarnarvöllum 15 – sími 555 6767

HREIN SNILLD!

„Ofninn er hrein snilld. Það sá ég strax, þegar ég bar hann saman við aðra færibandaofna og ég skoðaði marga. Það er stutt síðan ég tók ofninn í notkun, en ég er strax farinn að sjá sömu viðskiptavini koma aftur og aftur."

Jonni

pmt

Hafðu samband og við sendum þér bækling!
Allar nánari upplýsingar hjá okkur í síma 567 8888 og á www.pmt.is

Plast, miðar og tæki ehf. Krókhálsi 1 110 Reykjavík www.pmt.is

Olían ofan á

Auðvelt er að leika sér með góða ólífuolíu til að útbúa mismunandi pitsuolíur. Klassíska aðferðin er sú að blanda hvítlauk saman við olíuna en hana má þó gera á marga vegu og nota ýmis krydd með.

Mörgum finnst góð hvítlauksolía ómissandi þáttur í því að snæða pitsu. Heimagerðar olíur er auðvelt að gera og til eru aðferðir til að gera olíuna misbragðsterka. Mikilvægt er að muna að huga þarf sérstaklega vel að geymslu á heimagerðum olíum þar sem þær geymast ekki eins vel og verksmiðjuframleiddar olíur. Oftast er miðað við að heimagerðar olíur geymist í 2-3 vikur í ísskáp. *- jma*

PITSUOLÍUR

Krydduð hvítlauksolía

2 msk. ólífuolía
1/3 bolli jómfrúarolía
6 hvítlauksgeirar
1 tsk. balsamedik
1 tsk. parmesanostur, rifinn
smávegis af oregano, fersku eða þurrkuðu
smávegis af sjávarsalti
grein af timjan
þurrkað krydd að eigin vali (má sleppa)

Skerið hvítlaukinn smátt eða merjið í hvítlaukspressu. Mýkið hann á pönnu í örfáar mínútur við vægan hita og setjið til hliðar. Blandið hvítlauknum og jómfrúarolíunni saman í skál og setjið kryddin og parmesanostinn saman við en bíðið með balsamedikið og timjangreinina. Setjið allt saman í matvinnsluvél eða blandara eða notið töfrasprotann til að mauka allt vel saman. Setjið balsamedikið saman við, hellið í glerkrukku eða -flösku, stillið timjangreininni ofan í og látið blönduna bíða í að minnsta kosti klukkustund áður en hún er notuð.

Bragðmikil og einföld hvítlauksolía

1 stykki hvítlaukur
2-3 bollar ólífuolía

Taktu heilan hvítlauk og aðskildu geirana en ekki flysja þá. Settu geirana í eldfast mót, í minni kantinum. Yfir hvítlauksgeirana hellirðu allri ólífuolíunni og miðað er við að efsti hluti hvítlauksgeiranna standi nokkuð upp úr. Hitað í 200°C heitum ofni í 20-30 mínútur. Olían er þeim mun bragðsterkari eftir því sem hvítlaukurinn er bakaður lengur. Olían er látin kólna áður en henni er hellt í flösku eða krukku. Síið geirana frá eða hafið þá með ofan í krukkunni.

MEIRA MAGN • BETRA VERÐ

Krásir hnoðaðar úr spelti og hveitikími

Þykkar og mjúkar eða þunnar og stökkar, sjóðheitar beint úr ofninum eða af grillinu og hlaðnar gómsætum áleggstegundum að eigin vali. Kosturinn við pitsur er að þær er hægt að laga nákvæmlega að smekk hvers og eins, til dæmis með ýmsum ólíkum útfærslum á botnum sem gæti verið skemmtilegt og ögrandi að prófa heima í eldhúsi.

Ýmsar skilgreiningar eru til yfir pitsur, þetta lostæti sem upphaflega var fátækramatur en hefur náð útbreiddum vinsældum á heimsvísu. Í einni segir að þær séu gerðar úr flatbotna og oftast kringlóttum brauðbotni, með tómatsósu, osti og öðru áleggi að eigin vali en við þetta má bæta að botninn er yfirleitt gerður úr hveiti, geri og vatni. Þessi einfalda formúla hefur svo verið þróuð áfram í ýmsar áttir af ýmsum ástæðum, ýmist í tilrauna- eða heilsuskyni eða til að falla betur að ólíkum smekk. Hér eru nokkur dæmi.

roald@frettabladid.is

ÞRÍR GÓÐIR BOTNAR

Pitsubotn úr spelti

350 g spelt
1½ msk. vínsteinslyftiduft
sjávarsalt
3 msk. olía
180-200 ml vatn

Setjið þurrefni saman í hrærivél, með hnoðara, og bætið olíu og vatni síðan út í. Þegar deigið er orðið að kúlu er það tilbúið. Fjarlægið deigið þá úr hrærivélinni, fletjið út og komið fyrir á bökunarpappír í ofnskúffu og forbakið við 200 gráður í allt að fjórar mínútur. Takið pítsubotninn þá innan úr ofninum, leggið rakan klút yfir hann og látið standa í um það bil fjórar mínútur. Setjið á pítsabotninn sósu, ost og álegg að eigin vali og bakið þar til pitsan er til. Njótið svo að spordrenna þessum sælkeramat.

Pönnupitsa

(þykkur botn), dugar í allt að þrjár pitsur, fer eftir stærð pönnu.

250 g hveiti
200 g heilhveiti
1 tsk. salt
1 bréf þurrger
3 msk. ólífuolía
180-200 ml volgt vatn

Blandið öllum þurrefnum, nema þurrgerinu, saman í skál. Leysið þurrgerið upp í vatninu og bætið blöndunni út í skálina. Hnoðið saman, hellið olíu út í og hnoðið á borði þar til deigið er slétt. Setjið það þá aftur í skál og plastfilmu yfir. Ráðlegt er að láta deigið hefast í 30 til 40 mínútur. Takið það að svo búnu úr skálinni, hnoðið, skiptið í allt að þrjá hluta og fletjið út á hveitistráðu borði í kringlóttar kökur. Setjið botna (til skiptis) á olíuborna steikarpönnu og álegg að eigin vali ofan á. Pannan fer þá á heita plötu og er þar þangað til hliðarnar á pitsunni losna frá. Þá er pannan sett undir grill í ofni og pitsan bökuð í fáeinar mínútur þar til hún er tilbúin.

Pitsa úr hveitikími

30 g hveitikím
½ msk. kryddjurtir
100-150 ml vatn
1 msk. olía

Blandið saman hveitikími og kryddjurtum í lítilli skál og bætið vatni smám saman út í, hrærið þar til blandan er orðin álíka þykk og til dæmis hafragrautur. Hellið blöndunni á olíusmurðan smjörpappír á ofnplötu, í ofni sem hefur verið hitaður í 200°C. Dreifið vel og vandlega úr henni þar til deigið verður að þunnum, kringlóttum botni sem alls staðar er jafn þykkur og sléttur. Bakið í allt að tuttugu mínútur, þar til útlit er fyrir að hann sé laus við raka. Setjið álegg að eigin vali á og bakið í mest tíu mínútur.

TÖKUM HÖNDUM SAMAN OG STYÐJUM STRÁKANA OKKAR TIL SIGURS!

Hringdu núna í síma 907 1020 og þú styrkir HM liðið okkar um 2.000 kr.

Castello PIZZERIA

Óskar strákunum okkar góðs gengis á HM

Ekta eldbakaðar pizzur eins og þær eiga að vera

Alltaf ferskasta hráefnið sem völ er á

Í Hafnarfirði bjóðum við upp á speltpizzur

Hádegis Tilboð
9'' með 3 álegstegundum og coke í dós.....1090 kr.
Heimsendingar tilboð
Sór pizza með 2 áleggstegundum stór brauðstangir og 2L gos...3190 kr.
Mið pizza með 2 áleggstegundum litill brauðstangir og 1L gos...2490 kr.

Opnunartímar
Dalvegur 2, Kópavogi
Opið alla daga frá 11-1
Dalshraun 13, Hafnarfirði
Opið Sun-fim frá 11-23
Opið fös-lau frá 11-23:30

20% afsláttur af öllum sóttum pizzum

www.castello.is

Letin lætur stundum á sér kræla á föstudögum og ekki nenna allir að standa í stórræðum í eldhúsinu eftir langa vinnuviku. Á pantamat.is er hægt að panta mat frá fjölmörgum veitingastöðum. Þjónustan er ókeypis og er bæði hægt að fá heimsent og sækja.

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

VORUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR

Allar nýjar vörur

30% afsláttur

Allt að

70% afsláttur af útsölu-vörum

MINÞ

Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði

Sími 534 0073

FJÖRÐUR

www.fjordur.is

Minningar vakna þegar mætt er í krambúðina

Íslendingar taka upp á ýmsu skemmtilegu til að þreyja þorrann. Á Hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi er jafnan sett upp leikmynd sem minnir á gamla tímann. Þetta árið er þar vegleg krambúð.

„Hér höfum við byggt upp krambúð eins og þær voru á fyrri hluta síðustu aldar og safnað saman ýmsu sem var verslað með á þeim tíma," segir Sigurður Helgi Guðmundsson, framkvæmdastjóri á Hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi, sem er að ljúka við að stilla upp vörum. „Svo koma íbúarnir í smá hópum að skoða, hlusta á fróðleik og fá sér hressingu, þjóðlega bita og jafnvel snafs. Þá lifnar yfir mörgu andlitinu."

Sigurður segir hefð fyrir því að setja upp leikmynd í fræðslustofu heimilisins á þorranum til að lífga upp á þennan árstíma. „Leikmyndin minnir fólk á eitthvað frá gamalli tíð, það er nú oft það sem lengst situr í huga eldra fólks. Við byrjuðum á að setja upp baðstofu, næsta ár var það baðstofa og skemma og þriðja árið sjóarhús og hjallur." Þarna grípur blaðamaður fram í og spyr í fávísi hvað sjóarhús sé. Ekki stendur á fræðslunni. „Sjóarhús eru skemmur sem geyma verkfæri tengd sjó. Það orð lærði ég ekki fyrr en ég kom austur á firði en þar er það algengt." Í fyrra segir Sigurður Helgi hafa verið sett upp apótek á Eir og minnist orða eins íbúans. „Nú, þetta er bara alveg eins og apótekið hjá honum Kalla á Húsavík."

Þetta er í annað sinn sem krambúðin er sett upp. Hún hefur hvílt sig uppi á háalofti í tvö ár.

„Svo koma íbúarnir í smá hópum, hlusta á fróðleik og fá sér hressingu, þjóðlega bita og jafnvel snafs," segir Sigurður Helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sigurður segir starfsfólk heimilisins leggja fram vinnu og muni, því ekkert megi framkvæmdin kosta. „Við leituðum á náðir safna í borginni fyrsta árið en það er heilmikið mál og við höfum ekki gert það oftar heldur sníkjum eitt hér og annað þar."

Þeir sem sjá um daglegt tómstundastarf heimilisins halda uppi stemningu í krambúðinni á þorranum, að sögn Sigurðar Helga, og einnig kemur eldra fólkið oft með innlegg í dagskrána þegar minningarnar vakna. „Þegar barnabörnin koma í heimsókn á þorranum fer eldra fólkið með þau í fræðslustofuna að sýna þeim hvernig hlutirnir voru þegar það var ungt svo þessu uppátæki fylgir mikið líf," lýsir Sigurður Helgi og bætir við að lokum. „Vissulega er mikið haft fyrir en leikmyndirnar hafa líka skilað mörgu gleðibrosi."

gun@frettabladid.is

Bóndadagurinn er í dag!

Blóm gera kraftaverk

íslensk blóm

40 mín. kínverskt fótanudd
Verð: 5.500 kr.
50 mín. Ayurveda nudd
Verð: 5.500 kr.
Victoria Salon & Spa Laugavegi 178 Sími: 611-5500

Auglýsingasími

512 50 50

Allt sem þú þarft...

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 21. janúar 2011

TINNA BERGSDÓTTIR VAR UPPGÖTVUÐ Á SKEMMTISTAÐ

Á rúmstokknum • Nýr förðunarskóli • Tískan á rauða dreglinum • Yfirheyrslan

ÓDÝR OG GÓÐUR LASERPRENTARI

SAMSUNG

Kr. 13.950

Samsung ML-1665 A4 prentari með 1200 x 600 punkta upplausn. Prentar allt að 16 blaðsíður á mínútu. 8mb minni og USB 2. Windows og Mac.

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

Gríms fiskibollur

hollur kostur á 5 mín.

ÚTSALA • ÚTSALA

30–70% afsláttur

BOLIR/TOPPAR 990,- HETTUPEYSUR 1.990,- GALLABUXUR 3.500,-
JAKKAR 4.195,- LEGGINGS 1.195,-
TÖSKUR – KJÓLAR – PEYSUR – HÚFUR – SKART – SILLY BANDZ 100,- PK., OFL. OFL.

SOHO MARKET

SOHO/MARKET Á FACEBOOK

Grensásvegur 16 - sími 553 7300

Opið mán-fös 14–19. Laugd. 12–17

Útsala!

Allir kjólar og skokkar á hálfvirði

Stærðir 36-52

hjá Hrafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

núna

ekki missa af

FLOTTUR HÓPUR Moms-listahópurinn opnar sýningu í gallerí Kling & Bang klukkan 17.00 á morgun, laugardag. Hópurinn samanstendur af listamönnunum Munda vonda, Morra og Ragnari Fjalari.

Nýr förðunarskóli hefur starf sitt í byrjun febrúar:

HLAKKA TIL AÐ HITTA NEMENDURNA

Förðunarskólinn Beautyworld hefur verið settur á laggirnar og mun kenna á snyrtivörurnar frá Bobbi Brown. Hugmyndafræðin á bak við vörurnar er sú að hver kona geti litið út eins og hún sé með lýtalausa húð, noti hún réttan farða.

Eygló Ólöf Birgisdóttir er skólastjóri hins nýja skóla og segist hún hafa fengið fjölda fyrirspurna um hvar sé hægt að læra förðun í gegnum starf sitt sem förðunarfræðingur og því hafi hún ákveðið að stofna skólann í samstarfi við Guðrúnu Möller. „Við bjóðum upp á 14 vikna námskeið þar sem grunnurinn í förðun er kenndur ásamt „airbrush"-tækni og kvikmyndaförðun," útskýrir Eygló, sem hlakkar mikið til að hitta tilvonandi nemendur skólans.

Aðspurð segir hún næga vinnu að hafa innan þessa geira enda sé mikill uppgangur í ýmiss konar kvikmynda- og þáttagerð hér heima. „Þetta er mjög skemmtilegt starf. Ég fór sjálf út í þetta fyrir fimm árum því mig langaði að læra að farða sjálfa mig. Málin þróuðust svo þannig að ég hef nánast verið í fullu starfi við þetta frá því að ég útskrifaðist," segir Eygló glaðlega.

Skólinn hefst 7. febrúar og má fá nánari upplýsingar í síma 510-8080.

- sm

Skólastýran Eygló Ólöf Birgisdóttir er skólastjóri hins nýja förðunarskóla Beautyworld sem hefur starf sitt innan skamms. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Músa Karls Lagerfeld reynir fyrir sér í tónlist:

Sérlega slakt lag

Baptiste Giabiconi, fyrirsæta og músa Karls Lagerfeld, hefur sent frá sér sitt fyrsta danslag og ber það heitið Showtime. Lagið, og myndbandið, þykir afburðaslakt og hefur þótt hin besta skemmtun einmitt vegna þessa.

Giabiconi er andlit tískuhúsanna Chanel, Fendi og Karl Lagerfeld auk þess sem hann hefur verið fylgdarsveinn Lagerfelds undanfarin tvö ár. Pilturinn þykir einstaklega laglegur og þegar hann var eitt sinn kynntur fyrir ofurfyrirsætunni Naomi Campbell á hún að hafa sagt: „Þetta er ekki réttlátt. Allir eru með einhverja galla. Þú hefur enga."

Á uppleið Baptiste Giabiconi hefur gefið frá sér sitt fyrsta danslag. NORDICPHOTOS/GETTY

augnablikið

DÝRSLEG Margherita Maccapani Missoni, erfingi Missoni-tískuhússins, mætti í þessum flotta jakka í veislu sem haldin var í tengslum við tískuvikuna í Mílanó um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is sími 512 5432* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Útsala

ALLT JÓLASKRAUT 80%

Síðustu forvöð að kaupa jólaskraut á hlægilegu verði!



NÝTT

A WORLD OF INSPIRATION • FOR YOUR HOME •

the PIER

the PIER

SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

Tinna Bergsdóttir var uppgötvuð á skemmtistað þegar hún var nítján ára gömul. Hún segir fyrirsætustarfið hafa sína kosti og

FÉLL FYRIR INDI

Tinna Bergsdóttir er ein fremsta fyrirsæta landsins um þessar mundir og hefur meðal annars setið fyrir hjá tískurisum á borð við H&M og Levi's. Hún segir tískubransann misjafnan en nýtur ferilsins á meðan hann varir.

Viðtal: **Sara McMahon**
Ljósmynd: **Valgarður Gíslason**

Tinna var aðeins nítján ára gömul þegar hún var uppgötvuð á skemmtistað í Reykjavík og beðin um að taka þátt í fyrirsætukeppninni Face North. Hún viðurkennir að tilboðið hafi komið flatt upp á hana en ákvað að slá til eftir að móðir hennar hvatti hana til þátttöku. Tinna vann keppnina og tveimur vikum síðar var hún flutt til New York borgar og þar með hófst fyrirsætuferill hennar.

„Ég vissi ekki neitt um tísku eða fyrirsætustörf þannig að það kom mér mikið á óvart þegar ég var beðin um að taka þátt í Face North. Ég var mjög feiminn unglingur og með lítið sjálfstraust en mamma hélt að þetta gæti kannski gert mér gott og þess vegna ákvað ég að slá til," útskýrir Tinna. „Fyrstu vikurnar í New York voru erfiðar. Það flutti síðan önnur íslensk stelpa út sem var á skrá hjá sömu umboðsskrifstofu og ég. Hún var miklu vanari en ég og tók mig undir sinn verndarvæng, kenndi mér á bransann og eiginlega bjargaði mér."

Tinna segir að það skipti máli að vera laus við feimni ætli maður að landa verkefnum og þess vegna hafi hún neyðst til að koma út úr skel sinni. „Bókarinn minn var alltaf að segja mér að vera almennilegri af því að þessi feimni mín virkaði sem hroki á annað fólk. Ég fékk líka að heyra það frá öðrum fyrirsætum að ég væri ekki sú hlýlegasta. En svo kom þetta allt með tímanum og reynslunni," segir hún brosandi.

SAKNAR FJÖLSKYLDUNNAR

Tinna er uppalin í Hafnarfirði og er næstyngst af fimm systkinum. Hún segir systkinahópinn vera mjög náinn enda sé aldursmunurinn á systkinunum lítill. „Við erum öll á svipuðum aldri og mjög náin. Það eru engin leyndarmál í minni fjölskyldu. Ef maður segir einhverjum eitthvað þá er það búið að fara hringinn á mjög stuttum tíma," segir Tinna hlæjandi.

Hún viðurkennir að það geti verið erfitt að dvelja lengi frá fjölskyldu sinni en segir þau hafa verið dugleg að heimsækja hana í gegnum árin. „Auðvitað saknar maður þeirra, en þau hafa verið mjög dugleg að heimsækja mig þegar ég dvel erlendis, sem er gott."

Fyrirsætustarfinu fylgja tíð ferðalög og segir Tinna að vegna þeirra hafi hún misst af mörgum merkisviðburðum hjá fjölskyldunni. „Ætli helsti galli starfsins sé ekki sá að maður er fjarri ástvinum og þarf oft að ferðast með nánast engum fyrirvara og þá er erfitt að plana nokkuð fram í tímann. Ég hef misst af ótrúlega miklu: afmælum, fæðingum og öðrum viðburðum, sem mér þykir mjög leiðinlegt," segir Tinna.

ÓÚTREIKNANLEGT STARF

Tinna flutti til Indlands eftir sex mánaða dvöl í New York. Hún segir Indland vera einstakt land og endaði á að búa þar í rúmt eitt og hálft ár. „Ég kom heim í smá stund eftir dvölina í New York því ég var ekki viss um hvort ég vildi halda áfram í fyrirsætubransanum. Mér fannst þetta eitthvað svo klikkað líf og þurfti smá pásu til að ná áttum. Mér bauðst síðan starf á Indlandi og fannst tilboðið of gott til að hafna því. Upphaflega átti ég bara að vera á Indlandi í tvo mánuði en ég endaði á því að vera þar í eitt og hálft ár," segir hún.

Að sögn Tinnu er tískugeirinn óútreiknanlegur og hún viðurkennir að það sé undarleg tilhugsun að eiga ekki eftir að geta elst í þessu starfi. Hún hefur þó allan hug á því að starfa áfram sem fyrirsæta á meðan hún getur. „Þetta er mjög skrítinn bransi hvað þetta varðar. Ég hef reyndar fengið fleiri verkefni eftir því sem ég eldist, sem er svolítið merkilegt. Ég veit ekki af hverju það er," segir hún brosandi og bætir við: „Mér finnst reyndar minna einblínt á útlitið eitt og sér í dag, það er meira verið að leita eftir stelpum með sterk karaktereinkenni og persónuleika."

Tískuiðnaðurinn er gjarnan álitinn harður heimur af okkur sem ekki lifum og hrærumst innan hans. Innt eftir því hvort hart sé lagt að stúlkum að viðhalda grönnu vaxtarlagi segist Tinna aðeins einu sinni hafa verið beðin um að grenna sig fyrir myndatö var þá e stakt bel neitaði þ sem ég h er mín re og það e fyrirsætu orðin 25 sem mig legan vöx og spýta,

LIFIR Í N

Aðspurð að sér ve þau verk persónul alveg dre tökur fyr leiðigjarn að sýna a þreytand fær að ko Innt efti upp úr v efni þar s eyju mil símasam litlum tr með og þ

Tinna í heimþrá í því að dv fékk sky langaði sumar og vel í Lond En ætli m mig lang upp í stó

Þegar h Tinna ek er málið, í núinu í í tímann áhugi bl eitthvað framtíðin

galla en nýtur þess á meðan það varir.

LANDI

ku. „Ég vann í Tókýó í nokkra mánuði og
inu sinni beðin um að ganga með sér-
ti sem átti að minnka á mér mittið. Ég
ví og þar við sat. En þetta er eina skiptið
ef verið beðin um að grenna mig. Annars
eynsla sú að smekkur manna er misjafn
ru ekki allir sem vilja nota ofurgrannar
ur," segir Tinna. „Annars sé ég það núna,
ára, að ég get ekki lengur borðað allt það
langar til. Ég er loksins komin með kven-
xt, sem er gaman, ég var alltaf vaxin eins
" segir hún hlæjandi.

NÚINU

segir Tinna verkefnin sem hún tekur
era misskemmtileg. Skemmtilegust séu
efni þar sem hún fær tækifæri til að láta
eika sinn skína. „Sum verkefni geta verið
epleiðinleg," segir hún og hlær. „Mynda-
ir sölubæklinga geta til dæmis verið mjög
ar. Þá stendur maður bara og þarf kannski
allt að áttatíu flíkur á dag, það getur verið
li. Myndatökur þar sem persónuleikinn
oma fram eru auðvitað skemmtilegastar."
r því hvort eitthvert eitt verkefni standi
erður Tinna hugsi; „Já, það var eitt verk-
sem við dvöldum í heila viku á pínulítilli
li Taílands og Indlands. Þar var hvorki
nband né netsamband og við gistum í
ékofum. Fyrrverandi kærasti minn kom
etta var alveg yndisleg vika."

er búsett í London og segist kunna vel
borginni. Hún segist þó hafa fengið mikla
eftir tveggja ára dvöl í borginni og ákvað
velja sumarlangt á Íslandi árið 2009. „Ég
ndilega alveg nóg af stórborgarlífinu og
mikið að koma heim, upplifa íslenskt
g hvíla mig aðeins. Mér líður samt mjög
don og hyggst ekki flytja heim alveg í bráð.
aður eigi ekki eftir að enda hér að lokum,
ar í það minnsta ekki að ala börnin mín
rborg," segir hún.

ún er spurð út í framtíðaráform sín segist
ki hafa leitt hugann mikið að þeim. „Það
ég er ekki með neitt plan. Ég reyni að lifa
stað þess að skipuleggja of langt fram
. En undanfarið hefur einhver leiklistar-
ossað upp hjá mér, það væri mögulega
sem ég hefði áhuga á að fylgja eftir í
nni."

myndaalbúmið

„Þarna er ég sex ára með pabba mínum í sólinni á Flórída."

„Þarna er ég um eins árs gömul að baða mig í vaskinum heima hjá ömmu minni."

„Á þessari mynd erum við Óliver, bróðir minn, að leika okkur á ströndinni hjá ömmu á Long Island í Bandaríkjunum."

Signatures Of Nature

-náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur

Okkar vörur eru án PARABENA

10 – 30 %

afsláttur af völdum vörum

Þórunn Birna Guðmundsdóttir, Nálastungusérfræðingur, jurtaráðgjafi, næringarþerapisti, nuddari

Nature scent vörurnar frá Signatures of Nature eru í algeru uppáhaldi hjá mér. Þær eru allar úr náttúrlegustu hráefnum og aromatherapíu olíum og unnar á náttúrulegan máta sem er algert skilyrði nr. 1 fyrir mig og mína viðkvæmu húð.

Sem jurtaráðgjafi og nálastungusérfræðingur, er ég stöðugt á höttunum eftir bestu vörunum hverju sinni og geri miklar kröfur um gæði og vinnslu og að allt sé eins náttúrulegt og hægt sé.

Nature scent vörurnar uppfylla öll mín skilyrði og svo er líka alger unun að opna hverja krukku eða flösku fyrir sig því ilmurinn af olíunum senda mann í þvílíka slökun og draumaheim. Nú get ég tekið fríið og dekrið með mér heim án samvisku og með öryggistilfinningu yfir aukinni vellíðan og bættri húð.

Verslun okkar er í Smáralind 2. hæð við D-inngang | sími 511-10-09

www.signaturesofnature.is

Leighton Meester Meester hefur löngum þótt mjög smekkleg og það sannaði hún í þessum fallega kvöldkjól frá Burberry.

Tilda Swinton Hin breska Swinton var falleg í þessu ljósa dressi frá hönnuðinum Jil Sanders, sniðið er látlaust og klæðilegt.

Catherine Zeta-Jones Kjóll Zeta-Jones var stór og mikill um sig, hún kaus grænan lit líkt og Kunis.

Mila Kunis Hin smávaxna leikkona hefur slegið í gegn með leik sínum í The Black Swan. Græni liturinn klæðir hana afskaplega vel.

Golden Globe verðlaunahátíðin var haldin síðustu helgi:

FÖLIR LITIR OG EINFÖLD SNIÐ

Golden Globe verðlaunahátíðin fór fram í Los Angeles um síðustu helgi og að venju hefur mikið verið pælt í klæðnaði leikkvennanna. Pastellitir og fölir litatónar voru ríkjandi á rauða dreglinum í ár en inni á milli mátti sjá sterkari liti líkt og rauða kjóla January Jones og Christinu Hendricks. Tískuspekúlantar voru flestir sammála um að Gossip Girl stjarnan Leighton Meester og leikkonan Tilda Swinton hefðu verið á meðal þeirra best klæddu í ár. Meester klæddist föllituðum kjól frá Burberry á meðal Swinton kaus pils og skyrtu frá Jil Sanders. *- sm*

January Jones Mad Men-leikkonan tók sig vel út í þessum fallega, rauða kjól frá Versace.

Christina Hendricks Samstarfskona Jones mætti einnig í rauðum kjól á hátíðina. Hennar kjóll er þó örlítið íburðarmeiri en kjóllinn sem Jones klæddist.

NORDICPHOTOS/GETTY

BEAUTY WORLD

Fræðsla-Heilbrigði-Fegurð

www.beautyworld.is

Make up skóli Beauty-world.

Skólinn hefst 7. febrúar nk.

Hvert námskeið er 14 vikur.

Kennt verður á hinar frábæru Bobbi Brown förðunarvörur

Frábær aðstaða vistvænt umhverfi

Kennt 4 daga í viku mánudaga-fimmtudaga, 4 tíma í senn

Morgun og kvöld hópar

Skólinn kostar 429,900 kr. Innifalinn er glæsilegur vörupakki ásamt airbrush vörum.

Skólastjóri skólans er Eygló Ólöf Birgisdóttir förðunarmeistari.

Tekið er við umsóknum í skólann í síma 510-8080 eða á skoli@beautyworld.is

Beautyworld Höfðabakka 9, 110 Reykjavík Sími 510-8080 www.beautyworld.is

Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

Flugeldasýningar og raunveruleikinn

Hæ, ég er með eina skrítna spurningu. Ég er búin að vera á föstu í næstum tvö ár og stunda reglulegt kynlíf. Ég er 21 árs og þó mér finnist gaman að vera með kærasta mínum þá hef ég aldrei fengið fullnægingu. Miðað við spjall sem ég hef átt við vinkonur mínar þá er ég farin að halda að það sé eitthvað að mér. Getur verið að sumar konur fái bara ekki fullnægingu?

Svar: Þetta er alls ekki skrítin spurning, síður en svo. Í raun er spurningin heldur flókin og krefur þig um smá sjálfsskoðun. Það er afar umdeilt innan kynfræðinnar hvort til séu konur sem hreinlega geta ekki fengið fullnægingu, gefið að lífeðlislega sé allt fyrir hendi og í góðu lagi. Ég ætla því að ganga út frá því að þú getir fengið fullnægingu. Það er nokkuð algengt að ungar stúlkur hafi ekki lært á líkama sinn (staðsetning á sníp er mjög mikilvæg þekking) og kunni því ekki að fullnægja sjálfum sér. Það er því mjög mikilvægt að þú skoðir líkama þinn og kynfæri og prófir þig áfram í að finna út hvað vekur hjá þér unað. Þetta hljómar ef til vill klisjukennt, en svona er þetta bara, þú ein getur stýrt ferðinni og sjálfsfróun er svarið. Ekki láta það draga úr þér ef það tekur smá tíma að fá fullnægingu því ferðalagið er það sem skiptir máli til að komast á áfangastaðinn.

Annað sem er mikilvægt að spá í er að ef heilinn er ekki með og þú ekki í stuði þá getur verið nánast ómögulegt að verða kynferðislega æst og fullnægð. Það er því fyrsta skrefið.

Þá að sambandinu. Það er mjög algengt að konur geri sér upp fullnægingar með alls kyns stunum og öðru látbragði. Nú spyr ég mig hvernig það er í þínu sambandi? Veit kærasti þinn að þú ert ófullnægð eða gengur hann bara út frá því að allt sé sem skyldi? Hér reynir á samskipti ykkar. Þú þarft að vita hvað þér þykir gott og geta beðið um það. Svo er það annað. Fæstar konur geta fengið fullnægingu með beinum samförum. Flestar þurfa að láta örva snípinn með munnmökum fyrir eða samhliða samförum og svo með fingri eða titrara samhliða samförum. Sú umræða að til séu alls konar tegundir fullnæginga er oft á villigötum og hjálpar fáum. Snípurinn var hannaður fyrir það eitt að fullnægja og því þarf að örva hann. Það getur þú gert sjálf eða fengið kærastann með þér í lið.

Að lokum langar mig að koma aðeins inn á samræður ykkar vinkvennanna. Oft hefur fullnægingum verið lýst á mjög dramatískan hátt og þeim líkt við sprengingu sem fer um líkamann og sé eitt það undursamlegasta í veröldinni. Ekki misskilja mig, fullnægingar geta verið svakalega góðar en þær endast aðeins í nokkrar sekúndur og geta verið miskröftugar og því misfrábærar. Sumar fullnægingar komast á Richter-skalann en aðrar eru bara eins og hnerri. Þá eru fullyrðingar um raðfullnægingar og kynlíf sem endist í margar klukkustundir eitthvað ýkt og má stundum deila í slíkar sögur með þremur. Þess háttar sögur ættu því alls ekki að vekja hjá þér minnimáttarkennd. Hættu nú að lesa og farðu að njóta alls þess sem kynlíf hefur upp á að bjóða!

Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.
Netfangið er kynlif@frettabladid.is

Vítamín
Heilsuvörur

Vítamín- og heilsuvörudagar verða í
Reykjavíkur Apóteki dagana 20. – 22. janúar.

20%
afsláttur
af öllum vítamínum og heilsuvörum.

HUSK

NOW®

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

YFIRHEYRSLAN

Hrefna Hagalín, framleiðandi

Hrefna rekur framleiðslufyrirtækið Krunk ásamt Kristínu Báru Haraldsdóttur. Þær framleiddu meðal annars stuttmyndina Knowledgy sem sýnd var á RIFF í fyrra.

Háir hælar eða flatbotna skór: Þar sem ég er ekkert rosalega hávaxin eru háir skór skemmtilegir við fínni tilefni en flatbotna klárlega dags daglega upp á þægindin.

Ómissandi í snyrtibudduna: Er eiginlega ekki með neitt svar þar. Er ekki háð neinum sérstökum snyrtivörum og á ekki alltaf snyrtiveski. Tek bara tímabil, stundum á ég alls konar dót og stundum nenni ég ekkert að pæla í því.

Uppáhaldsliturinn: Rauður.

Hver eru nýjustu kaupin? Hef mjög lítið keypt síðustu mánuði fyrir utan mismunandi skemmtilega osta í útlöndum, þá helst geitaosta.

Hvað dreymir þig um að eignast? Íbúð. Land Rover Defender. Nýja tölvu. Flugvél og bát.



Væri líka til í hund og kort með ótakmörkuðum flugmiðum hvert sem er.

Hvaða lag kemur þér í gott skap? Alabama Arkansas með Edward Sharpe & The Magnetic Zeros hefur verið það lag sem hefur bjargað skapinu upp á síðkastið.

Uppáhaldshönnuður: Mundi Vondi.

Uppáhaldsdrykkurinn: Undanrenna og Caipirinha.

FACTORY OUTLET
Fákafeni 9 S. 660-1754
50% afsláttur

Við byrjum 25 ÁRA afmælisárið

MEÐ FLUGELDASÝNINGU!

Nú fer sólin að hækka á lofti og gleðin tekur öll völd á Stöð 2. Pressa 2, Steindi jr., Mannasiðir Gillz og heimsreisa Arnars og Ívars eru hluti af metnaðarfullri innlendri dagskrárgerð á afmælisári Stöðvar 2. Við bjóðum líka upp á bombur á borð við Boardwalk Empire, American Idol og njótum stundanna með gömlum vinum eins og Glee, Grey's Anatomy, Two and a half men og öllum hinum.

Tryggðu þér áskrift og skemmtu þér með okkur á nýju ári!

skemmtilegri

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR S2 S2+ S2 BÍÓ S2 BÍÓ+ S2 EXTRA S2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

Bílabúð Benna Notaðir bílar

Tökum bíla í umboðssölu

Vanta bíla á skrá og á staðinn

Sanngjörn söluþóknun

Góð þjónusta

SUBARU LEGACY OUTBACK 01/2004, ek,174 þús. 5 dyra, ssk. álf. cd, cruise og fl Verð 1,560 þús. tilboð 890 þús. stgr.

CHEVROLET AVEO 1,4 LS 07/2008, ek. 35 þús. 4 dyra, 5 gíra, abs, fjarstýrðar samlæsingar, cd, þjónustubók og fl. Verð 1.850 þús. Tilboð 1,490 þús. stgr.

FORD FOCUS 1,6 TREND 11/2004, ek. 96 þús. 5 dyra, ssk. Abs, drátarbeisli, fjarstýrðar samlæsingar, cd. Verð 1.330 þús. Tilboð 990 þús. stgr.

PORSCHE CAYENNE 4,5 TURBO 03/2003, ek. 115 þús. 5 dyra, ssk, álf. 18" leður, topplúga, loftpúðafjöðrun, hleðslujafnari og fl og fl. Verð 4.990 þús. Tilboð 3.890 þús. stgr.

TOYOTA YARIS 1,0 TERRA 06/2004, ek. 102 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, cd og fl. Verð 990 þús. Tilboð 750 þús. stgr.

PEUGEOT 206 1,4 S-LINE 06/2006 ek. 92 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, cd, fjarst. samlæsingar og fl. Nýleg tímareim. Verð 1,250 þús. Tilboð 890 þús. stgr.

Bílabúð Benna í 35 ár

Bílabúð Benna Bíldshöfða 10, s:587-1000, Bílabúð Benna Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ s. 420-3300 benni.is

BÍLAR & FARATÆKI

bilfang.is S.567 2000

DIESEL DIESEL ! Volvo V50 2.0 DIESEL STW 136 HÖ, 5 gira, leður, 17" álf, vetrar og sumardekk, GPS tæki fylgir, ek 49 þ.km, flottur bíll á staðnum verð 2980 (eftir lokun 864-8989)

DIESEL DIESEL ! Skoda Octavia Ambiente 2.0 L Diesel 140 HÖ (raketta) Leður, sjálfskiptur, lúga, ek 55 þ.km Flott græja verð 2880

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

STÓRA BÍLASALAN

Chevrolet Blazer 4x4 Árgerð 2001, ekinn aðeins 97þ.km, sjálfskiptur, mjög gott eintak sem er á staðnum hjá okkur. Verð 1.290.000kr! Raðnúmer 151371. Sjá nánar á www.stora.is. Bráðvantar bíla á staðinn vegna góðrar sölu!!!

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

Eigum til á lager nokkur 38" DEKK. Verð 20. þús stykkið!

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.
www.hofdabilar.is

100 bílasala 100bilar.is

Land Rover Range Rover Supercharged, árg. 2007, ek 81 þús.km, sjálfsk, dráttarbeisli, Einn með öllu og lítur mjög vel út! Umboðsbíll, Ásett verð 9690þús.kr, er í salnum hjá okkur,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Til sölu Land Rover freelander með topplúgu, árg'00, ek.128 þús. Í góðu lagi. Verð 690 þ. Uppl í s. 866 0784

SUZUKI GRAND VITARA 2,0 SPORT 06/2007 ekinn 78 þ. km. Sjálfskiptur, álfelgur ofl. Skoða skipti á sjálfsk. fólksbíl. Ásett verð kr.2.790.000 Upplýsingar í síma 898-1010

!!! TILBOÐ 450Þ TILBOÐ
Subaru Legacy Wagon 4x4 2.0 sjálfskiptur árgerð 2001 ek. 230 sk 2011 búið að skipta um tímareim uppl. s 777-3077.

Suzuki Balena 4X4 1.6 5 gíra ,97 árg. 11 mánaða. Ekinn 150þ.km V. 200 þús. S. 616 2597.

Opel Vectra árg. ,99, ek. 147 þús. Vél 1,6, sjsk. S. 616 2597.

Nissan Almera árg. ,98 ek. 77þ. Tveir eigendur. V. 450þ. Engin skipti. S. 866 3647.

0-250 þús.

Honda Civic árg'96, ný skoðuð, ek.190 þús. Sumar og vetrardekk. V. 240 þús. Uppl í s. 840 2200

250-499 þús.

4X4 Tilboð 380 þús!
RENAULT MEGANE SCENIC SCÉNIC RX4 2.0 árgerð 2001 ek.147 þús,5 gíra beinsk,fjórhjóladrifinn,góð heilsársdekk,dráttarkrókur,ný skoðaður 2012 og lýtur vel út!,ásett verð 650 þús TILBOÐSVERÐ 380 ÞÚS! s.841 8955

Tilboð 270 þús !!!
Daewoo Nubira 2.0 árg. 2000, ekinn aðeins 97þús, 4 dyra, beinskiptur, álfelgur, cd, billinn er skoðaður, verð 480þús, Tilboðsverð aðeins 270þús. Allar uppl. í 659 9696.

Bílar óskast

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Ósk eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., billinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma

691 9374.

ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!
Ósk eftir bíl á 0-150 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

Ósk eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810.

Ósk eftir bíl, 30-150 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 868 8565.

Jeppar

MITSUBISHI MONTERO LTD Raðnr 110498, nýskr 7/2003, ek 107.þús km einn með öllu, frábært eintak, ásett verð 2.290 þús upplýs, Toyota Kletthálsi sími 570 5070 sjá myndir á http://toyotakopavogi.is/

Sendibílar

568 5000 NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Fjórhjól

ATH CanAM 800 Ltd 2008 m öllu spil GPS hiti töskur kúla e 860km. SEM NÝTT Verð 2,3m. S. 892 7858.

Bátar

Línubalar til sölu 32 gráir,9 hvítir.Uppl. í s. 861 0096 & 581 1979.

Aukahlutir í bíla

Ósk eftir vél í VW bjöllu, gömlu gerð. Einnig sjálfskiptingu í sömu vél. S. 866 8915.

Bílaþjónusta

MOTHERS Polishes•Waxes•Cleaners

MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@mothers.is

ER BÍLLINN BILAÐUR? Almennar viðgerðir á jeppum og fólksbílum - fagfólk - fullkomið verkstæði STUTTUR BIÐTÍMI! ARCTIC TRUCKS arctictrucks.is Sími 540 4900

PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS FRÁ KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUPISS OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-Lausnir ehf. 561-8373 www.dslausnir.is

Hjólbarðar

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Varahlutir

Plasthlífar á flestar gerðir bíla - ljósahlífar - gluggavindhlífar - húddhlífar ARCTIC TRUCKS arctictrucks.is Sími 540 4900

NET-PARTAR PARTASALA NOTAÐIR VARAHLUTIR | NÝLEGA BÍLA 486 4499 486 4477 www.netpartar.is

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

BILAPARTAR.IS Notaðir TOYOTA varahlutir Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Hringbraut.is Varahlutasala
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is S.420-1200.

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99. kaupi bíla til niðurrifs. Partasala smiðjuvegi 11 sími 661 5270.

Partahúsið - S. 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja

TRJÁKLIPPINGAR
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

Trjáfellingar og runnaklippingar. Gróður og garðar ehf. Jónas garðyrkjufræðingur sími 697 8588.

TRJÁKLIPPINGAR
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s 848 9600

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

ÁRSREIKNINGASKIL
Forðastu sektir og vandamál. Láttu okkur sjá um gerð og skil ársreikninga. Ódýr og góð þjónusta. Ráðþing alhliða bókhaldsþjónusta. S. 517 7833.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Húsaviðhald

HAMRABORG ehf
Þakpappaþjónusta
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pipulagnir • raflagnir • flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

VERKKRAFTUR
Smíðavinna - Þakviðgerðir
Pípulagnir - Stífflulosun
Múrviðgerðir - Flísalagnir
Jarðvegsvinna - Hellulagnir
Trjáfellingar - Lóðavinna
Málningavinna - Sprunguviðgerðir
Tilboð þér að kostnaðarlausu
Upplýsingar í s: 820 8888

Tökum að okkur parketslípun
um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun,sólpallasmíði og sólpallaslípun. Einnig gegnheil eik til sölu. Sjáið myndir á www.parketslipar-inn.is Uppl í s. 772 8100

Viðhalds Verk ehf

Húsaviðgerðir - Nýbyggingar
Múrarar, málarar, smiðir - gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.hjalp.is

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk - Smíðavinna - Flísalagnir - Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Kristján Rúnar Sveinsson 898 4990
kristjan@flisaverk.is

Trésmíði
Öll almenn trésmíðavinna innan sem utan. 20 ára reynsla.
Tilboð/tímavinna
ALPAR slf.
Uppl. hjá Guðmundi í síma 895 6820 eða alparslf@hotmail.com

Smiður/trésmíði tekur að sér allskonar verk á kvöldin og um helgar. Uppl. í s. 777 2744.

Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

NUDD 2 fyrir 1 TILBOÐ S. 823 8280

Líkamsskrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, fótaðagerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín og næringarráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 823 8280. Gjafabréf. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboð í dag! S:6618272 og 6930348

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

The best tantric luxury messages down town. Phone numer 869 8602 any time

Nudd. Nudd. Nudd. Exclusive Whole Body Massage. S.6922126, Alena

Nudd
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

BEST MASSAGE!!!WITH TWO OR FOUR HANDS!!! 693 75 97

New whole body massage. S. 864 8449, Isabella.

Spádómar

Spásími 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður, draumar.

Hvað viltu vita á nýju ári.
Opið frá 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

Múrarar

Tökum að okkur allt múrverk, flísalagnir og almennt viðhald. Ari Oddsson ehf S. 895 0383 og 867 7704. Arioehf@ simnet.is

Rafvirkjun

Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

Trésmíði

Trésmiður getur bætt við sig verkefnum í nýsmíði, viðhaldi og endurbótun. Tilboð eða tímavinna. S. 895 9801 Óskar. oskar@sbd.is Áratugareynsla.

KEYPT & SELT

Til sölu

City Runner

Rafvespurnar komnar!
Eingönug örfáar eftir af nýju sendingunni. Sama verð og síðast. Verð 139.900kr.

City Runner ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum

Bergiðjan minigolf
9 holu minigolfvellir til sölu. Skemmtileg sett. Upplagt fyrir einstaklinga, félagssamtök, útihátíðarsamtök eða þjónustumiðstöðvar. Erum að taka niður pantanir núna. Uppl. í s. 774 6633 & 869 1690 Bergiðjan ehf Tangarhöfði 2, 110. pukinn@simnet.is Erum á facebook.

ÓDÝR PRENTHYLKI Í ALLA PRENTARA!
Prentvörur
Skútuvogi 1
Sími: 553 4000
sala@prentvorur.is

Beitu síld og beitu makríll til sölu. Upplýsingar í síma 892 0367.

Notaðar þvottavélar, ísskápar-amerískir og frystikistur-skápar yfirfarið til sölu. Gott úrval. Uppl. í s. 693 7141.

Ísskápar, frystiskápur, þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar, sjónvörp,borðtölva,stór ljósritunarvél, stólar, borð, varahlutir, hjólbarðar og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

ÞVOTTAVÉLAR
Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar og ísskápar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 12:00 - 17:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Óska eftir ssælgætisborði fyrir sjoppu. Staðgreitt. Uppl. í S: 8482566

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun

EKKI GLEYMA BÓNDANUM

PARATÆKI OG DVD SAMAN.
FULLT VERÐ 14.980
BÓNDAGSVERÐ 9.990
ALLIR SEM VERSLA FYRIR 10 ÞÚS EÐA MEIRA FÁ FRÍA DVD MYND MEÐ
TANTRA EROTISK VERSLUN
FÁKAFEN 11 - HLÍÐASMÁRI 13
s. 588 6969 & 587 6969
WWW.TANTRA.IS
Opið 10-18 mán – fös. Lau. frá 12-18. Hliðarsmári frá 12-18 á sun.

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is

Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

Herbalife, fyrir alla. www.dagamunur.is Sendið SMS 8918902 eða asta@ dagamunur.is

Nudd

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl. í 8916447 Óli

Skemmtanir



Skipstjórinn á Halastjörnunni
spilar á Bóndadaginn
föstudaginn
21. Janúar
Gylfi Ægissson og Jóhanna fyrir dansi.
Frá kl. 24-03
IRISH PUB
Reykjavíkuvegur 60, Hafnfj. S. 555 0022

Fasteignir

GARÐATORG EIGNAMIÐLUN
GARÐATORGI 7
210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is

Þóroddur S. Skaptason löggiltur fasteignasali

Rúgakur 3b

Opið hús í dag föstudag frá kl.12.00 til 13.00

Falleg og vel skipulögð 2ja herbergja 115,7 fm íbúð á fyrstu hæð með sérinngangi í Akralandinu þar af stór 21 fm geymsla við hliðina á stæðinu í bílageymslunni. Góð aðkoma, bílastæði malbikuð og stutt í margvíslega þjónustu. Áhvílandi lán frá Íbúðalánasjóði sem stendur í rúmum 22 millj.
Gústaf Adolf 895-7205, Sigurður 898-3708 og Þóroddur 868-4508.

Atvinna

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

Við leitum að góðu fólki

VÍSIR.IS og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – VÍSIR.IS

ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á VÍSIR.IS í viku

FRÉTTABLAÐIÐ

VÍSIR.IS ...ég sá það á visir.is

TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

12vikna þjálfun í eflingu hæfileika þinna og sjálfsvitundar. Hugleiðslur, skynjunaræfingar, innsæi, sjálfstraust o.fl. www.ljosmidlun.is s.898 8881

Skráning er hafin á okkar fjölbreyttu og skapandi námskeið í leirmótun. Opin vinnustofa alla virka daga. Uppl. www.leir.is og S: 564 0607 / 661 2179

HEIMILIÐ

Dýrahald

Hundagalleríið auglýsir

Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi.

S. 566 8417 Tökum visa/euro

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Til leigu hlýleg 50fm íbúð í miðbænum. laus 1 feb. 94þús.m.rafm. 8981117

2 herb. íbúð með húsgögnum og öllum húsbúnaði til leigu í Bæjarhrauni 16 Hfj. S. 899 7004.

Leiguliðar ehf Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Húsnæði óskast

Vantar 4ra herbergja íbúð í Hafnarfirði, helst á jarðhæð. Óruggum greiðslum heitið Upplýsingar í síma 661 5654.

3 manna fjsk. óskar eftir að leigja sérbýli á höfuðb.sv. frá apríl/maí langtímaleiga, gæludýr leyfð. Höfum góð meðmæli fyrri leigusala. Uppl. í s. 699 6701.

Fasteignir

Byggingarlóð undir 3 raðhús til sölu í Garðabæ

Til sölu lóð undir þrjú raðhús við Hraunprýði í Garðabæ. Samþykkt. teikn. Sökklar komnir.

Öll gjöld greidd. Frábært verð eða aðeins 18 millj fyrir allan pakkann.

Ekkert áhvíl, engin skipti. Uppl. S.895-2049

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

Veitingahús

Óskar eftir starfsfólki á veitingastað í Kópavogi.

Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt veitingahús

BROS, Norðlingaholti, Reykjavík óskar eftir að ráða starfsmann á ísaumsvél (embrodery). Reynslu er krafist. Umsóknir sendist á atvinna@bros.is.

Óskum eftir vaktstj á Culiacan. Metnaðarfullum og duglegum einstakling. Góð laun fyrir réttan aðila. Uppl. 868 8489.

Beitningamenn óskast til starfa. Upplýsingar í síma 895 2442.

Óskum eftir því að ráða til starfa vanan klippara í fulla stöðu. Áhugasamir sendi póst á gardlist@gardlist.is

Atvinna óskast

Er að bjóða fram aðstoð mínum á heimilum í t.d. þrif og eldamennsku. Kem t.d. á heimili, hótel, skóla eða fyrirtæki. S. 691 7821.

TILKYNNINGAR

Einkamál

TANTRIC LUXURY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME!! 7/ 24!SIM 869 8602.

Stefnumót.is er vandaður spjall- og samskiptavefur fyrir einhleypt fólk sem leitar nýrra kynna. Textaspjall, myndspjall, ljósmyndir, vídeó. Vefurinn er gjaldfrjáls.

Spjalldömur 908 5050
Opið allan sólarhringin, ný stúlka.

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535 9988 (kreditkort)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Samkynhneigðir karlmenn auglýsa sífellt meira á Rauða Torginu Stefnumót. Til að hlusta/svara: 905-2000 og 535-9920. Til að auglýsa frítt: 535-9922.

Djarfar konur auglýsa núna mikið á Rauða Torginu Stefnumót. Til að hlusta/svara: 905-2000 og 535-9920. Til að auglýsa frítt: 535-9922.

Karlmaður, líklega nálægt fertugu, sem er btn. af nautn og gerir annað vel, vill kynnast karlmanni sér til skemmtunar. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8437.

19 ára karlmaður,hikandi, óreyndur, óöruggur, vill kynnast karlmanni og prófa nýja hluti. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8653.

markhonnun.is

netto

Ódýrt fyrir heimilið!

ÞORRAVEISLA

GOÐI

25% afsláttur

SÚRSAÐIR HRÚTSPUNGAR
2.211 kr/kg
áður 2.948 kr/kg

GRÍSASULTA NÝ/SÚR
1.124 kr/kg
áður 1.498 kr/kg

BLÓÐMÖR SÚR
1.199 kr/kg
áður 1.598 kr/kg

LUNDABAGGAR
1.499 kr/kg
áður 1.998 kr/kg

SVIÐASULTA NÝ
1.987 kr/kg
áður 2.649 kr/kg

SVIÐASULTA SÚR
2.092 kr/kg
áður 2.789 kr/kg

Gleðjum bóndann með Þorraveislu!

HÁKARL Í TENINGUM
100 G
496 kr/pk.
áður 679 kr/pk.

25% afsláttur

MAGÁLL
1.274 kr/kg
áður 1.698 kr/kg

KJARNAFÆÐI

ÞORRABAKKI BLANDAÐUR

25% afsláttur

1.162 kr/pk.
áður 1.549 kr/pk.

GOÐI

HANGIFRAMPARTUR
SAGAÐUR

25% afsláttur

899 kr/kg
áður 1.198 kr/kg

KEA

ÞORRAMATUR
700 G FATA

1.498 kr/ds.
Tilboðsverð!

KJÖTSEL

ROAST BEEF

37% afsláttur

1.889 kr/kg
áður 2.998 kr/kg

GOÐI

KJÚLKLINGUR
FERSKUR

649 kr/kg
Tilboðsverð!

ÍSFUGL

HRÚTSPUNGAR
SÚRSAÐIR

1.998 kr/kg
Tilboðsverð!

KJÖTSEL

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavixl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda **20. – 23. jan.**
eða meðan birgðir endast

krossgáta



LÁRÉTT
2. sléttur, **6.** í röð, **8.** af, **9.** suss, **11.** fæddi, **12.** miklu, **14.** mynt, **16.** skst., **17.** poka, **18.** umhyggja, **20.** guð, **21.** faðmur.

LÓÐRÉTT
1. höfuð, **3.** frá, **4.** svölunar, **5.** til sauma, **7.** frilla, **10.** sunna, **13.** pili, **15.** útungun, **16.** bjargbrún, **19.** ónefndur.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** jafn, **6.** aá, **8.** frá, **9.** uss, **11.** ól, **12.** stóru, **14.** klink, **16.** no, **17.** mal, **18.** önn, **20.** ra, **21.** fang.
LÓÐRÉTT: **1.** haus, **3.** af, **4.** fróunar, **5.** nál, **7.** ástkona, **10.** sól, **13.** rim, **15.** klak, **16.** nöf, **19.** nn.

Láttu ekki smámálin ergja þig

BAKÞANKAR
Þórunnar Elísabetar Bogadóttur

Við tiltekt í bókaskápnum um daginn fann ég bók sem einhver hefur gefið mér fyrir nokkrum árum. Ég veit að ég keypti hana ekki sjálf, því þetta er sjálfshjálparbók og slíkar bækur eiga ekki neitt sérstaklega upp á pallborðið hér. Það var titill bókarinnar sem varð til þess að ég veitti henni athygli þá og nú, þó að hún hafi aldrei verið lesin. Já, titill pistilsins er líka titill bókarinnar.

ÞAÐ er hálfgerð þjóðaríþrótt að finna að öllu milli himins og jarðar. Hægt er að kvarta yfir ótrúlegustu hlutum. Ég leyfi mér að fullyrða að undanfarin ár hafi ómældur tími farið í kvartanir yfir því sem var, því sem er og því sem verður. Ef ekki er verið að tala um hverjir settu landið á hausinn er talað um þau sem nú stjórna landinu og hvernig bæði niðurskurður og skuldir muni koma niður á okkur í framtíðinni.

MISSKILJIÐ ekki, margt af þessu er mjög réttmætt og þarft. Ég hélt bara að hægt væri að stíga aðeins til baka og líta á heildarmyndina, svona eftir allt sem dunið hefur á okkur. Að við hefðum allavega lært hvað það er sem skiptir máli. Og í mörgu hefur þetta tekist. En það virðist líka sem hér hafi skapast undarlegt umburðarlyndi gagnvart öllu mögulegu ergelsi, litlu sem stóru.

GOTT dæmi um þetta er ergelsi fólks vegna breytinga á sorphirðunni í höfuðborginni. Þar er niðurskurður og hagræðing á dagskránni eins og alls staðar. Í stóru myndinni skiptir það samt ekki nokkru einasta máli þó að ruslið verði sótt á tíu daga fresti en ekki sjö, og að fólk þurfi að fara með ruslatunnurnar sínar að götunni. Þvert á móti þykir þetta hið eðlilegasta mál víða um hinn vestræna heim, enda litið svo á að það sé bara hluti af þátttöku í samfélagi. Fólk fer með tunnurnar og sækir þær aftur seinna sama dag. Flókið?

ÞAÐ er nóg af stórmálum í okkar samfélagi sem hægt er að einbeita sér að því að kvarta yfir. Niðurskurður á heilbrigðisstofnunum er stórmál. Handtökur bankamanna eru stórmál. Fiskveiðistjórnun er stórmál og Evrópusambandsaðild er stórmál. Í stóra samhenginu er það að fara með ruslatunnuna sína út á götu á tíu daga fresti alls ekki stórmál.

Helgar FRÉTTABLAÐIÐ blað
alla laugardaga

Gaman að verða leikari aftur

– Þorsteinn Guðmundsson skrifar handritið og leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Okkar eigin Osló.

Meðal annars efnis:

Læt lífið koma mér á óvart
– Ragnheiður Eiríksdóttir, Heiða í Unun, heldur upp á fertugsafmæli með nýrri plötu, meistararitgerð og tónleikum.

Hvað finnst Íslendingum um staðgöngumæðrun?
– Úttekt á umdeildu álitamáli og niðurstaða nýrrar skoðanakönnunar.

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

útsala

útivistarfatnaður sundfatnaður sportfatnaður íþróttaskór barnafatnaður o.fl.

30

Enn meiri útsala.
Allt að 70% afsláttur.

til 70 prósenta afslátturr

ÍSLENSKA/SÍA.IS/UTI 53271 01/11

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • www.utilif.is

ÚTILÍF

Fjarðarkaup
21. - 22. janúar

Svínakótilettur
998,kr./kg
verð áður 1.458,-/kg

Svínalundir
1.398,kr./kg
verð áður 2.198,-/kg

Fjallalamb - frosin verkuð svið
359,kr./kg
verð áður 449,-/kg

Kjarnafæði - Íslenskt heiðarlamb
1.398,kr./kg
verð áður 1.568,-/kg

FK kjúklingaleggir
799,kr./kg

FK kjúklingabringur
2.138,kr./kg

Ísfugl - kjúklingalundir frosnar
1.798,kr./kg

SS Hangiframpartur úrb.
1.833,kr./kg
verð áður 2.618,-/kg

Kjarnafæði
Blandaður súrmatur 1,3kg
2059,kr./fatan
verð áður 2.660,-/fatan

Stjörnusalat - Rófustappa
185,kr.
verð áður 248,-

CF - Taco sósa mild
198,kr.
verð áður 227,-

CF - Salsa Dip mild
297,kr.

VISA

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

www.FJARDARKAUP.is

Weetos 375g
398,kr.
verð áður 498,-

Quaker - Rug Fras 375g
398,kr.
verð áður 498,-

Quaker - Havre Fras 375g
398,kr.
verð áður 498,-

Nizza bitar 3 teg.
398,kr./stk.
verð áður 489,-/stk.

Kornmo hafrakex 225g
139,kr.
verð áður 164,-

Kaptein kex 200g
126,kr.
verð áður 148,-

Haust - Graham kex 225g
220,kr.
verð áður 259,-

Brink - Hrískökur 100g
137,kr.
verð áður 161,-

Trópí appelsínu 1L
198,kr.

Nóa kropp dökkt 150g
248,kr.
verð áður 281,-

Rúsínur dökkar 400g
398,kr.
verð áður 426,-

Nat steikingarolía 750ml
617,kr.
verð áður 686,-

ein-stök verslun

20% af auglýstum Nivea vörum

Nivea Deo rollon lotus
367,kr.
verð áður 459,-

Nivea Anti-wrinkle dagkrem
1.278,kr.
verð áður 1.598,-

Bio rúsínukex
143,kr.
verð áður 159,-

Speltkex m/berjafyllingu
298,kr.
verð áður 331,-

Toppur 2L án bragðs eða m/sítrónu
119,kr./stk.
verð áður 198,-

Tilboð gilda til laugardagsins 22. janúar

FK FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag - www.fjardarkaup.is

menning

menning@frettabladid.is

JOHAN OLIN OG AAMU SONG Núðluskórnir þeirra eru meðal þess sem er til sýnis í Spark Design Space. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Leyniverslun á Klapparstíg

Hönnuðurnir Aamu Song og Johan Olin opna í dag verslun sína, Secret Shop, í gallerínu Spark Design Space í dag. Finnsk framleiðsla og hefðir var kveikjan að hlutunum sem voru hannaðir fyrir verslunina í upphafi.

„Verslunin á sér þá forsögu að við vorum fyrir nokkrum árum beðin um að sýna í Kiasma-safninu í Helsinki [Nútímalistasafn Finna]. Við ákváðum að kynna okkur finnska framleiðslu, verksmiðjur sem enn væru starfandi og framleiddu finnskar vörur, húsgögn og föt," segir Aamu Song sem ásamt Johan Olin opnar Secret Shop í galleríinu Spark Design Space við Klapparstíg 33 í dag.

Song og Olin kynntust í Helsinki og höfðu unnið saman að mörgum verkefnum þegar sýningin í Kiasma varð að veruleika. „Við bjuggumst satt að segja ekki við því að enn væru framleiddir svona margir munir í Finnlandi. Við funduðum með framleiðendum og urðum mjög hrifin af því sem þeir voru að gera. Margar verksmiðjurnar höfðu verið í eigu sömu fjölskyldunnar í kynslóðir. Hefðir þeirra og handverk urðu okkur innblástur að vörum sem við hönnuðum og létum framleiða á viðeigandi stöðum," segir Johan Olin en sýningin sem upp úr þessu spratt hét því viðeigandi nafni Inspired by Finland. Ullarföt, kollar og skór eru á meðal þess varð til vegna sýningarinnar.

„Í kjölfarið opnuðum við Secret Shop eða Salakauppa, pínulitla verslun á besta stað í Helsinki, og því erum við verslunareigendur í dag," bætir hann við.

Olin og Song eru gestakennarar í Listaháskóla Íslands í heimsókn sinni hér á landi og kynntu sömuleiðis hönnun sína og aðferðir á fyrirlestri í Listasafni Reykjavíkur. Þau hafa farið víða með hönnun sína sem er „innblásin af hversdagslífinu," eins og segir á heimasíðu þeirra og með vænum skammti af húmor eins og blasir við þeim sem skoðar hana.

„Við höfum gaman af því sem við erum að gera og það skilar sér í hönnuninni," segir Olin. Hann er finnskur en Song er frá Kóreu, þau búa í Finnlandi en hafa líka dvalið mikið í Kóreu. „Við gerðum línu innblásna af Kóreu fyrir verslunina, það var satt best að segja allt öðruvísi. Í Kóreu er hægt að framleiða allt, sem er algjör draumur fyrir hönnuði," segir Song. „En það er líka erfitt, það verður erfiðara að ákveða hvað á að gera," bætir Olin við. Niðurstaðan varð sú að innblástur „kóresku" línunnar var menning Kóreu, meðal annars matarmenning, skór með reimum sem minna á núðlur og taska sem minnir á matarílát Kóreubúa, svo dæmi séu tekin. Þegar þau leituðu innblásturs í Belgíu varð útkoman hattur sem er ólíkur eftir því hvernig honum er snúið og þannig vísar hönnunin til hinna tveggja mál-og menningarsvæða landsins.

Fyrir utan Secret Shop vinna Olin og Song að ýmis konar hönnunarverkefnum, bæði innanhúss og utan, en auk þess hafa þau sýnt í listasöfnum víða um heim eins og lesa má um á heimasíðu þeirra www.com-pa-ny.com. Sýning þeirra í Spark Design Space stendur til 15. mars.

sigridur@frettabladid.is

Sony Center *kynnir*

SETH ROGEN JAY CHOU
CHRISTOPH WALTZ
AND CAMERON DIAZ

LÖGIN ERU BROTIN
ÞEIM TIL BJARGAR

THE GREEN HORNET

í 3D KOMIN Í BÍÓ

SMÁRA BÍÓ · LAUGARÁS BÍÓ · BORGAR BÍÓ · SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

SMS LEIKUR

VILTU VINNA MIÐA?

SENDU SMS ESL GHV Á NÚMERIÐ 1900
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!

Fullt af aukavinningum:
Tölvuleikir · DVD myndir og fleira!

9. HVER VINNUR!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

Fólk

folk@frettabladid.is

2 LISTAMENN HAFA FARIÐ BEINT Á TOPP bandaríska Billboard-listans með fleiri lög en eitt; Mariah Carey og Britney Spears. Sú síðarnefnda náði því í fjórða skipti með nýja laginu Hold It Against Me á dögunum.

Jordan í erfiðum málum

Ein frægasta glamúrfyrirsæta Breta, Katie Price, gæti verið á leiðinni með skilnað sinn og bardagakappans Alex Reid fyrir dómstóla. Skilnaðurinn er forsíðufóður fyrir bresku blöðin.

GLAMÚR Það er ekki mikill glamúr yfir skilnaði Katie Price og Alex Reid, eins þekktasta fjölmiðlapars Bretlands. Price hefur nú leitað til þekkts skilnaðarlögfræðings.

NORDICPHOTOS/GETTY

Eftir aðeins eitt ár í hjónabandi tilkynnti fyrirsætan Katie Price að hún hygðist skilja við bardagakappann Alex Reid. Reid þessi er fremur vafasamur klæðskiptingur sem hefur haft atvinnu af blandaðri bardagalist og var handtekinn, ef marka má breska blaðið The Sun, sumarið 2006 vegna gruns um innflutning á kókaíni. Þá fjallaði breska pressan ítarlega um grófa fullorðinsmynd þar sem Alex Reid sást leika í nauðgunaratriði.

Allt varð brjálað í breskum blöðum þegar kvisaðist út að þau væru skilin og ekki versnaði ástandið hjá blöðunum þegar Reid neitaði að yfirgefa heimili þeirra nema Katie greiddi honum eina milljón punda. Sannkallaður fjölmiðlasirkus myndaðist sem virðist engan endi ætla að taka.

Price hefur nú leitað til skilnaðarlögfræðingsins Fionu Shackleton, sem sá einnig um skilnað hennar og André. Price hefur augljóslega áhyggjur af auði sínum og sagði í yfirlýsingu sinni, sem að sjálfsögðu var send fjölmiðlum, að Alex Reid hefði eingöngu verið á höttunum eftir peningum og frægð.

Söguþráðurinn minnir óneitanlega á raunveruleikaþáttaseríu eða lélega sápu því breskir fjölmiðlar halda því fram að Price hafi fyrir löngu verið búin að fá nóg af Reid og viljað skilnað. Og undir lokin hafi hún hræðst þráhyggju hans gagnvart sér og ekki séð neinn annan kost en að senda frá sér yfirlýsingu um skilnaðinn, án samráðs við Reid.

The Sun hefur síðan eftir vinum bardagakappans að hann sé í sárum yfir skilnaðinum og að hann trúi því að Price hafi aldrei elskað sig. „Hún vildi bara hefna sín á Peter André, fyrrverandi eiginmanni sínum, og gera hann afbrýðisaman," hefur The Sun eftir nánum vini bardagakappans. André sá sig knúinn til að tjá sig um málið og sagðist hafa mestar áhyggjur af börnunum sínum tveim sem hann á með Katie Price. Breskir fjölmiðlar eru sannfærðir um að enn eigi eftir að hitna í kolunum í þessu máli.

freyrgigja@frettabladid.is

Leita að ofurfyrirsætu

Leitin að næstu Elite-stúlku landsins hefst á laugardag en þá munu aðstandendur Elite-skrifstofunnar taka á móti áhugasömum stúlkum á skrifstofu sinni við Klapparstíg 25-27 milli klukkan 14.00 og 17.00.

INGIBJÖRG FINNBOGADÓTTIR

„Það eru allar stúlkur á aldrinum 15 til 20 ára velkomnar, þær þurfa þó að vera yfir 170 sentimetrar á hæð," segir Ingibjörg Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri Elite-skrifstofunnar á Íslandi. Engin íslensk stúlka hefur áður hreppt eitt af þremur efstu sætunum í keppninni Elite Model of the World en Ingibjörg vonar að nú verði breyting þar á. „Við ætlum að breyta því enda er hér fjöldinn allur af gullfallegum stúlkum."

Tökulið mun fylgja þátttakendum keppninnar eftir á meðan á undirbúningi stendur og verða þættirnir sýndir á Stöð 2. **- sm**

Kaupauki
fylgir öllum blómvöndum
á bóndadaginn!
meðan birgðir endast!

tilboð
Bóndadagsvöndur
1990 kr

tilboð
10 stk
Túlipanar
999 kr

BÓNDADAGUR
er í dag

Pottaplöntuútsalan
er í fullum gangi!

tilboð
Orkidea
1999 kr

Kaupauki:
Prufa af rakspíra frá
David Beckham fylgir
öllum blómvöndum!

Kaupauki:
2 fyrir 1
í bíó fylgir
öllum blómvöndum!

Kvikmyndin
King's Speech
segir sanna sögu
Georg VI
Bretakonungs.

Góðar gjafir
fyrir bóndann
í Húsasmiðjunni!

Rafhlöðuborvél 14.4V
Power Plus, tvær rafhlöður
5245225
5.995

Höggborvél
Power Plus, 580W,
13 mm flýtipatróna
5245308
2.695

blómaval

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!



SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR Nánar á Miði.is

THE GREEN HORNET 3D	kl. 5.25 - 8 - 10.35	12
THE GREEN HORNET 3D LÚXUS	kl. 5.20 - 8 - 10.35	12
BURLESQUE	kl. 8 - 10.35	L
ALFA OG ÓMEGA 3D	kl. 3.30	L
THE TOURIST	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12
GULLIVER´S TRAVELS 3D	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	L
GAURAGANGUR	KL. 5.50	7
MEGAMIND 3D ÍSL. TAL	KL. 3.40	L
NARNIA 3 3D	KL. 3.30	7

HÁSKÓLABÍÓ Nánar á Miði.is 5%

BURLESQUE	KL. 8 - 10.30	L
GAURAGANGUR	KL. 5.50 - 8 - 10.10	7
EINS OG HINIR	kl. 6 Enskur texti	L
BARA HÚSMÆÐIR	kl. 10.15 Enskur texti	L
HVÍTAR LYGAR	kl. 5.20 Íslenskur texti	L
ÆVINTÝRI ADÉLE BLANC-SEC	kl. 8 Íslenskur texti	L
LEYNDARMÁL	KL. 10 Enskur texti	L

BORGARBÍÓ Nánar á Miði.is

THE GREEN HORNET 3D	kl. 8 - 10.10	12
BURLESQUE	kl. 8	L
ALFA OG ÓMEGA 3D	kl. 6	L
THE TOURIST	kl. 10.10	12
GAURAGANGUR	KL. 6	7

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is 5%
facebook/smarabio • Sími 564 0000

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

SAW 3D - ÓTEXTUÐ	8 og 10	16
ALFA OG ÓMEGA 3D - ISL TAL	4 og 6	L
THE GREEN HORNET 3D	8 og 10.20	12
LITTLE FOCKERS	4, 6, 8 og 10	L
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI 3D	4 og 6	L

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á
WWW.SAMBIO.IS



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

KLOVN - THE MOVIE	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	14
KLOVN - THE MOVIE	kl. 8 - 10:20	VIP
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D ísl. Tali	kl. 3:40 - 5:50	L
ROKLAND	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
YOU AGAIN	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	L
HEREAFTER	kl. 5:30 - 8 - 10:40	12
MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali	kl. 3:40	L
HARRY POTTER	kl. 8	10
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 10:40	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

TANGLED-3D ísl tal	kl. 5:50	L
YOU AGAIN	kl. 8	L
ROKLAND	kl. 10:10	12
KLOVN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	14

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D ísl. Tali	kl. 3.30 og 5.45	L
GREEN HORNET-3D	kl. 5 - 8 og 10.40	12
KLOVN: THE MOVIE	kl. 5.45 - 8 og 10.15	14
ROKLAND	kl. 8 og 10.30	12
GUILIVERS TRAVEL-3D	kl. 3.30 og 5.45	L
HEREAFTER kl.	kl. 8	12
TRON: LEGACY-3D	kl. 10.40	10
MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali	kl. 3.30	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:50 - 9 - 10:10	14
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D M/ ísl. Tali	kl. 4:10 - 6:20	L
TANGLED-3D (Ótextuð) M/ Ensku	kl. 3:40 - 8	L
YOU AGAIN	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L
MEGAMIND M/ ísl. Tali	kl. 3:40	L

EKKERT VESEN Ramses skýtur ekki á aðra rappara á nýju plötunni og segir þá verða að standa saman. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óskabarn þjóðarinnar

Rapparinn Ramses fagnar útgáfu fyrstu breiðskífu sinnar í kvöld. Hann blandar saman rappi og popptónlist á plötunni, sem hann segir nauðsynlegt ætli menn að fá eitthvað út úr harkinu.

„Ég er búinn að dunda mér við þetta í tíu ár og er loksins að gefa út alvörubreiðskífu," segir rapparinn Ramses, sem var þó gefið nafnið Guðjón Örn Ingólfsson.

Ramses hefur sent frá sér plötuna Óskabarn þjóðarinnar. Hann segist fara um víðan völl á plötunni ásamt því að rappa digurbarkalega um sjálfan sig. Eins og rapparar gera.

Er þetta svo kryddað með *kellingum* og djammi?

„Jájá. Það er nokkuð um það og um hvað lífið er ljúft með þeim. Svo fjalla ég um rappsenuna á Íslandi og ýmislegt annað. Það er erfitt að sigta eitthvað eitt út."

Hipphopp-tónlist hefur upp á síðkastið blandast saman við hefðbundna popptónlist í ríkari mæli en áður þekktist. Áhrifin hafa rekið land á Íslandi sem kom berlega í ljós á frábærri sólóplötu Erps Eyvindarsonar, Blaz Roca, sem kom út fyrir síðustu jól. Þá hafa rapparar á borð við Didda Fel og Emmsjé Gauta blandað saman rappi og popptónlist með góðum árangri. En er sama uppi á teningnum hjá Ramsesi?

„Já. Ég gerist sekur um það. Platan er svolítið poppuð. Hún er partívæn."

Er nokkuð að því?

„Nei. Það er bara flott. Maður verður að gera það. Stefnan er svona og ef maður ætlar að fá eitthvað út úr þessu þarf maður að fara í þessa átt í bland við gamla, góða fílinginn."

Spurður hvort hann skjóti á aðra rappara á plötunni segist Ramses vera voðalega lítið í því. „Allavega á þessari plötu," segir hann. „Ég nenni ekki að standa í því. Þetta er svo lítil og veik sena eins og er að mér finnst að fólk eigi frekar að standa saman í staðinn fyrir að skjóta á hvert annað."

Ramses heldur útgáfutónleika í Risinu (gamla Glaumbar) í kvöld klukkan 23. 500 krónur kostar inn á tónleikana, en ef sex stelpur mæta saman í hóp fá þær frítt inn. DJ Kocoon er plötusnúður kvöldsins og á meðal þeirra sem koma fram ásamt Ramsesi eru Diddi Fel, Mælginn, Orri Err og KáEffBé.

atlifannar@frettabladid.is

Tónlist ★★★

Óskabarn þjóðarinnar

Ramses

Frelsari fæddur?

Ramses er listamannsnafn Guðjóns Arnar Ingólfssonar, rappara úr Kópavoginum. Óskabarn þjóðarinnar er hans fyrsta plata í fullri lengd, en hann hefur verið að rappa síðan 1997 og sendi frá sér EP-plötuna Fátækari en þú árið 2003. Auk þess að kenna sig við egypska faraóa gengur Guðjón undir nafninu Hr. Skítsama.

Óskabarn þjóðarinnar er að mörgu leyti flott plata. Taktarnir grúva vel og Ramses hefur fínt flæði. Hann á líka góða spretti í textunum. Það eru tvö þemu sem ganga í gegnum plötuna. Annars vegar rappar Ramses um það hvað hann er sjálfur frábær og hins vegar um stelpurnar sem hann hefur verið með eða ætlar að vera með. Nema hvort tveggja sé. Þetta sjálfshól er auðvitað ekkert nýtt í rappheiminum og hjá Ramsesi er það algjörlega yfirkeyrt og oft bráðskemmtilegt. Ramses er ekki bara „kaldari en Svalbarði" og „undrabarn" heldur líka „frelsari fæddur" og „framtíðin eins og Gylfi Þór Sigurðsson". Myndin sem Ramses dregur upp af kvenkyninu er að sama skapi einföld og orðbragðið sem hann notar oft það gróft að það hæfir ekki dagblaði eins og Fréttablaðinu. En þó að hann sé ekki að flækja málin mikið hvað efnisinnihald textanna varðar kemst hann oft vel að orði og samlíkingarnar sem hann notar eru margar frábærar. Hann er líka skemmtilega uppfærður. Ólafur Skúlason, John Terry og Guðmundur í Byrginu koma allir við sögu … Ánægjuleg undantekning er lagið Manstu gamla daga þar sem Ramses rifjar upp horfinn tíma. Gott lag.

Í laginu Leikmanna líf vitnar Ramses í Gin & Juice sem á vel við því það er einhver partístemning yfir þessari plötu sem minnir á vesturstrandarrappið á blómaskeiðinu. Á heildina litið fín plata. Góð innkoma hjá Ramsesi.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Rapparinn Ramses, „Strákurinn úr hverfinu", með fína frumsmíð.

RICKY GERVAIS Grínistinn býst ekki við því að kynna Golden Globe aftur.

Hættur að kynna Globe

Ricky Gervais býst ekki við því að kynna Golden Globe verðlaunin í þriðja sinn. Spurður hvort hann myndi taka að sér verkefnið ef hann yrði beðinn um það sagðist grínistinn ekki reikna með því. „Ég sagðist ekki ætla að gera þetta í annað sinn en núna held ég að tvö skipti séu nóg," sagði hann. Mörgum þótti Gervais ganga of langt í grínninu. „Ég get ekki beðið eftir því að þeim sem fannst ég ganga of langt sjái uppistandssýningarnar mínar. Þeir munu fara yfir um." Á meðal þeirra sem hafa stutt við bakið á Gervais er Playboy-kóngurinn Hugh Hefner, sem var einn þeirra sem hann gerði grín að.

CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

HERBERGI Í RÓM (HABITACION EN ROMA) (L)	18:00, 22:00
SÚÐBYRÐINGUR (FRUMSÝNING) (L)	20:00
HINIR DAUÐU (THE DEAD)(L)	20:10
UPPÁTÆKI (MICMACS)(L)	18:10, 20:10, 22:10
EINHVERSSTAÐAR (SOMEWHERE)(L)	18:10, 20:10, 22:10
THE NEXT THREE DAYS(12)	18:00

MUNIÐ ADGANGSKORTIN!
Allt að 37% afsláttur

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

ANNE HATHAWAY Leikkonan spreytir sig á Kattarkonunni í The Dark Knight Rises. NORDICPHOTOS/GETTY

Kattarkonan Hathaway

Anne Hathaway mun leika Selinu Kyle og hennar annað sjálf, Kattarkonuna, í þriðju Batmanmyndinni, sem nefnist The Dark Knight Rises. Hathaway, sem er 28 ára, fylgir þar í fótspor Michelle Pfeiffer og Halle Berry sem hafa báðar spreytt sig á sama hlutverki. „Hathaway verður frábær viðbót við leikaraliðið okkar á sama tíma og sagan okkar er að verða að veruleika," sagði leikstjórinn Christopher Nolan. Tom Hardy, sem lék í mynd Nolans, Inception, leikur illmennið Bane í The Dark Knight Rises. Christian Bale verður sem fyrr í hlutverki skikkjuklæddu hetjunnar. Myndin er væntanleg í bíó 20. júlí á næsta ári.

Ný ævintýramynd frá Luc Besson sýnd

Frönsk kvikmyndahátíð er hafin í Háskólabíói og stendur hún yfir til 3. febrúar. Hátíðin heldur svo áfram í Borgarbíói á Akureyri 12. til 16. febrúar.

Nýjasta mynd leikstjórans Luc Besson, Ævintýri Adèle Blanc-Sec, er sýnd á hátíðinni. Hún byggir á vinsælum teiknimyndum eftir Jacques Tardi. Allt er á öðrum endanum í París árið 1912. 136 milljóna gamalt flugeðluegg hefur klakist út á hillu í náttúrugripasafninu Jardin des Plantes. Risaeðla er komin á ról og borgarbúar eru skelfingu lostnir. Hin unga og skelegga fréttakona Adèle er þó hvergi bangin og lendir í alls kyns óvæntum ævintýrum.

Besson vakti fyrst athygli með myndunum Subway árið 1985 og The Big Blue sem kom út þremur árum síðar. Vinsæl mynd um leigumorðingjann Nikitu fylgdi svo í kjölfarið, auk hinnar vel heppnuðu Leon.

Besson reyndi fyrir sér í Hollywood með endurgerð Nikitu sem nefndist Point of No Return, hasarmyndinni The Fifth Element með Bruce Willis í aðalhlutverki og svo stórmyndinni Joan of Arc árið 1999. Sú síðastnefnda olli miklum vonbrigðum í miðasölunni og síðan þá hefur Besson ekkert leikstýrt í Hollywood. Þess í stað hefur hann einbeitt sér að framleiðslu og handritaskrifum, aðallega heima í Frakklandi.

Á meðal annarra áhugaverðra mynda á kvikmyndahátíðinni er opnunarmyndin Bara húsmóðir með Catherine Deneuve og Gérard Depardieu í aðalhlutverkum og hin hrífandi Velkomin sem sló í gegn í Frakklandi árið 2009.

- fb

LUC BESSON Nýjasta mynd Besson byggir á vinsælum teiknimyndum eftir Jacques Tardi. NORDICPHOTOS/GETTY

BÍTIÐ
MEÐ HEIMI OG KOLLU
ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50
Morgunhanarnir Heimir og Kolla vakna eldhress í bítið með fjölbreyttan dægurmálaþátt á léttum nótum. Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálunum, íþróttunum og öllu hinu strax í bítið.
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VERTU MEÐ VIÐSKIPTIN Í RASSVASANUM
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
m.visir.is Fáðu Vísi í símann og iPad!
Meiri Vísir.
VÍSIR.IS

Pssst!
Ertu með Internetið hjá Símanum?
Þá getur þú hlustað á Bestu lögin í tölvunni á 0 kr. í dag.
Þú finnur Bestu lögin á bestulogin.siminn.is

Frábærir föstudagar með Símanum
Það er Síminn
siminn.is
Á ekki við um 3G nettengingu með netlyklum. Greiða þarf mánaðargjald fyrir nettengingu skv. gjaldskrá.
ENNEMM / SÍA / NM44851

Pssst!
Ertu með Sjónvarp Símans?
Í dag getur þú leigt nýja mynd og fengið aðra á 0 kr.
Nýjar myndir eru merktar með stjörnu.
Frábærir föstudagar með Símanum
Það er Síminn
siminn.is
SkjárBíó næst ekki á einstaka svæðum á landsbyggðinni
ENNEMM / SÍA / NM44851

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ fer nú í fyrsta sinn með fjögur stig inn í milliriðil á stórmóti en strákarnir okkar hafa þrisvar sinnum farið með þrjú stig – á EM í Austurríki í fyrra, á EM í Sviss og á EM í Svíþjóð 2002.

TEKIÐ VEL Á NORÐMÖNNUM Ólafur Stefánsson, Ingimundur Ingimundarson og Alexander Petersson taka hér vel á Norðmanninum Börge Lund í gær. Samheldni íslensku varnarinnar var frábær eins og sést vel á þessari mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Norðmenn eru hrokagikkir

Ingimundur Ingimundarson heldur áfram að fara á kostum á HM í handbolta og hann var magnaður í miðri vörninni gegn Noregi í gær. „Diddi“ barðist grimmilega og var í miklu stríði við Norðmenn allan leikinn.

HM 2011 Það var ótrúlega skemmtilegt að fylgjast með varnaruxanum Ingimundi Ingimundarsyni gegn Noregi í gær. Hann var í stanslausum slagsmálum við norsku leikmennina allan leikinn og virtist skemmta sér konunglega.

„Þetta var skemmtilegt og sérstaklega þar sem þetta eru Norðmenn. Ég er líklega vinsælasti maðurinn í Noregi núna – eða ekki,“ sagði Ingimundur og hló við. „Það mótiveraði mig aukalega að spila gegn Noregi. Þekki aðeins til þeirra og þeir eru hrokagikkir inn við beinið. Þetta var virkilega skemmtilegt og sérstaklega út af úrslitunum.“

Enn eina ferðina fór Ingimundur á kostum í íslensku vörninni en það hefur verið hreinn unaður að fylgjast með frammistöðu hans og Sverre hér í Svíþjóð.

„Mér fannst vörnin vera þétt svona 80-90 prósent af leiktímanum. Við ætluðum ekki að breyta neinu í hálfleik og vissum að við myndum hrista þá af okkur á endanum,“ sagði Ingimundur en hann slóst mjög grimmilega við Myrhol og Löke. Voru ófáar skeytasendingarnar á milli þeirra allan leikinn.

„Ég tek ofan fyrir Löke. Hann er líklega eini karlmaðurinn í þessu landsliði. Er ekki vælandi og tuðandi allan helvítis leikinn. Hann spilar eins langt og hann kemst og virðir að andstæðinguinn gerir það líka. Það er meira en margir aðrir í hans liði.“

Þessi Noregsleikur gleymist seint og það er ótrúlegt að fylgjast með þessu stórkostlega íslenska liði þegar það dettur í gírinn eins og í gær.

„Þetta var sigur liðsheildarinnar og gaman að sjá Bjögga í markinu. Norðmennirnir urðu bara hræddir við hann. Hornamaðurinn þorði ekki einu sinni að skjóta á Bjögga, setti boltann frekar í markstangirnar. Hann varði ótrúlega bolta. Þetta var virkilega sætt. Það er ekki hægt að neita því.“

Henry Birgir Gunnarsson og Valgarður Gíslason

fjalla um HM í Svíþjóð
henry@frettabladid.is - valgard.gislason@365.is

KR og Keflavík unnu góða útisigra í Iceland Express deild karla í körfu í gær:

Grindvíkingar upp í toppsætið

KÖRFUBOLTI Grindvíkingar komust á topp Iceland Express deildar karla með sannfærandi ellefu stiga sigri á Tindastól, 77-66, í Röstinni í Grindavík í gærkvöldi.

Grindavíkurliðið fór upp fyrir Snæfellinga með þessum sigri en Hólmarar geta endurheimt toppsætið með sigri á Njarðvík á morgun. KR-ingar og Keflvíkingar hafa líka byrjað nýtt ár af miklum krafti og unnu bæði lið góða útisigra í gær.

Grindvíkingar hafa unnið vel úr mótlæti í upphafi ársins og eru búnir að vinna sex leiki í röð í Iceland Express deildinni. Þrjá þá síðustu hafa þeir spilað Kanalausir eftir að bandaríski leikmaðurinn Brock Gillespie sveik þá og sá til þess að þeir hafa verið án Kana í öllum leikjum sínum á árinu 2011.

Páll Axel Vilbergsson átti frábæran leik og var með 26 stig, 11 fráköst og 5 stoðsendingar. Páll Axel hitti úr 10 af 14 skotum sínum í leiknum.

MAGNÚS ÞÓR GUNNARSSON Er kominn aftur í Keflavík frá nágrönnunum í Njarðvík og var sjóðheitur í Garðabænum í gær. Magnús skoraði alls sjö þrista í leiknum en hér skorar hann tvö af 26 stigum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Magnús Þór Gunnarsson var í stuði í tíu stiga sigri Keflavíkur, 102-92, á Stjörnunni í Garðabæ. Stjarnan var 26-17 yfir eftir fyrsta leikhlutann en þá var komið að þætti Magnúsar, sem skoraði 26 stig í síðustu þremur leikhlutunum.

Magnús er nýgenginn til liðs við Keflavík frá nágrönnunum í Njarðvík. Thomas Sanders var stigahæstur Keflvíkinga með 32 stig og hefur leikið það vel í sínum fyrstu leikjum með liðinu að þeir hafa ekki fundið fyrir því að Lasar Trifunovic, stigahæsti leikmaður deildarinnar, hefur ekkert spilað í þremur fyrstu leikjum ársins.

KR-ingar byrja nýja árið af miklum krafti en liðið vann sannfærandi 32 stiga sigur á Haukum, 106-74, og hefur því unnið alla fjóra leiki ársins 2011 í deild (3) og bikar (1).

Marcus Walker átti stórleik hjá KR og skoraði 35 stig, þar af 15 þeirra í fyrsta leikhlutanum. Pavel Ermolinskij var með 12 stig, 8 fráköst og 8 stoðsendingar. Semaj Inge skoraði 22 stig fyrr Hauka.

- óój

GOÐI
ÞORRAMATUR

Íslenzkur matur að fornum sið

Íslenski þorramaturinn á sér aldalanga hefð sem gekk í endurnýjun lífdaga á nítjándu öld þegar tekið var að halda þorrablót að nýju. Þorramatur er eitt af því sem er mest ekta við Ísland. Íslendingar gæða sér á þorramat alla daga þorrans.

Goði – þjóðlegur um þorrann

ÚRSLITIN Í GÆR

HM 2011 í Svíþjóð

A-RIÐILL

Egyptaland - Barein	26-27
Þýskaland - Túnis	36-26
Frakkland - Spánn	28-28

LOKASTAÐAN

Frakkland	**5**	**4**	**1**	**0**	**159-106**	**9**
Spánn	5	4	1	0	139-110	9
Þýskaland	**5**	**3**	**0**	**2**	**151-125**	**6**
Túnis	5	1	0	4	114-137	2
Egyptaland	**5**	**1**	**0**	**4**	**115-139**	**2**
Barein	5	1	0	4	105-166	2

B-RIÐILL

Brasilía - Japan	32-33
Ísland - Noregur	29-22
Austurríki - Ungverjaland	30-32

LOKASTAÐAN

Ísland	**5**	**5**	**0**	**0**	**157-119**	**10**
Ungverjaland	5	4	0	1	148-133	8
Noregur	**5**	**3**	**0**	**2**	**139-139**	**6**
Japan	5	2	0	3	141-161	4
Austurríki	**5**	**1**	**0**	**4**	**144-148**	**2**
Brasilía	5	0	0	5	131-163	0

MILLIRIÐILL 1

Spánn - Noregur	**Laugardag**
Þýskaland - Ísland	Laugardag
Frakkland - Ungverjaland	**Laugardag**

STAÐAN

Ísland	**2**	**2**	**0**	**0**	**61-48**	**4**
Frakkland	2	1	1	0	58-51	3
Spánn	**2**	**1**	**1**	**0**	**54-52**	**3**
Ungverjaland	2	1	0	1	52-55	2
Þýskaland	**2**	**0**	**0**	**2**	**47-56**	**0**
Noregur	2	0	0	2	45-55	0

C-RIÐILL

Alsír - Ástralía	27-18
Króatía - Danmörk	29-34
Serbía - Rúmenía	28-38

LOKASTAÐAN

Danmörk	**5**	**5**	**0**	**0**	**181-117**	**10**
Króatía	5	3	1	1	148-109	7
Serbía	**5**	**2**	**1**	**2**	**139-139**	**5**
Alsír	5	2	0	3	100-109	4
Rúmenía	**5**	**2**	**0**	**3**	**100-109**	**2**
Ástralía	5	0	0	5	77-180	0

D-RIÐILL

Suður-Kórea - Slóvakía	31-26
Argentína - Síle	35-25
Pólland - Svíþjóð	21-24

LOKASTAÐAN

Svíþjóð	**5**	**4**	**0**	**1**	**142-112**	**8**
Pólland	5	4	0	1	143-123	8
Argentína	**3**	**1**	**1**	**1**	**133-114**	**7**
Suður-Kórea	5	2	1	2	137-128	5
Slóvakía	**5**	**0**	**1**	**4**	**128-156**	**1**
Síle	5	0	1	4	117-167	1

MILLIRIÐILL 2

Króatía - Argentína	Laugardag
Serbía - Svíþjóð	Laugardag
Danmörk - Pólland	Laugardag

STAÐAN

Danmörk	**2**	**2**	**0**	**0**	**69-56**	**4**
Argentína	2	1	0	1	50-46	2
Svíþjóð	**2**	**1**	**0**	**1**	**46-48**	**2**
Pólland	2	1	0	1	45-47	2
Króatía	**2**	**0**	**1**	**1**	**53-58**	**1**
Serbía	2	0	1	1	51-59	1

Iceland Express deild karla

Stjarnan - Keflavík 92-102 (41-42)

Stig Stjörnunar: Jovan Zdravevski 24, Renato Lindmets 23, Justin Shouse 22/5 fráköst/12 stoðsendingar, Kjartan Atli Kjartansson 9, Fannar Freyr Helgason 8, Marvin Valdimarsson 5, Daníel G. Guðmundsson 1.

Stig Keflavíkur: Thomas Sanders 32, Magnús Þór Gunnarsson 26, Hörður Axel Vilhjálmsson 16/9 fráköst/7 stoðsendingar/5 stolnir, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 9, Þröstur Leó Jóhannsson 8, Halldór Örn Halldórsson 3, Gunnar Einarsson 3, Gunnar H. Stefánsson 3, Jón Nordal 2.

Grindavík - Tindastóll 77-66 (44-35)

Stig Grindavíkur: Páll Axel Vilbergsson 26/11 fráköst/5 stoðsendingar, Guðlaugur Eyjólfsson 15/6 stoðsendingar, Þorleifur Ólafsson 13/4 fráköst, Ryan Pettinella 8/9 fráköst, Ólafur Ólafsson 8/4 fráköst, Ómar Örn Sævarsson 4/6 fráköst, Ármann Vilbergsson 3.

Stig Tindastólls: Hayward Fain 20/9 fráköst/5 stolnir, Helgi Rafn Viggósson 18/6 fráköst, Dragoljub Kitanovic 15, Sean Kingsley Cunningham 6/8 fráköst/5 stoðsendingar, Svavar Atli Birgisson 4, Friðrik Hreinsson 3.

Haukar - KR 74-106 (27-59)

Stig Hauka: Semaj Inge 22/5 fráköst, Örn Sigurðarson 13/5 fráköst, Haukur Óskarsson 10, Davíð Páll Hermannsson 8, Gerald Robinson 7/9 fráköst, Sveinn Ómar Sveinsson 6/5 fráköst, Emil Barja 4/4 fráköst/6 stoðsendingar, Óskar Ingi Magnússon 2, Sævar Ingi Haraldsson 2.

Stig KR: Marcus Walker 35, Pavel Ermolinskij 12/8 fráköst/8 stoðsendingar, Brynjar Þór Björnsson 10, Hreggviður Magnússon 10, Finnur Atli Magnússon 8, Ólafur Már Ægisson 8, Fannar Ólafsson 6/6 fráköst, Jón Orri Kristjánsson 5, Skarphéðinn Freyr Ingason 5, Páll Fannar Helgason 5, Martin Hermannsson 2.

Guðmundur Guðmundsson og Þórir Ólafsson eftir sigurleikinn á móti Norðmönnum í gærkvöldi:

Höldum næsta markmiði fyrir okkur

HM 2011 „Ég var afskaplega ánægður með þennan leik. Það var hart tekist á og bæði lið fórnuðu sér. Þetta var gríðarlega fastur varnarleikur. Sóknarleikurinn var ekki upp á það besta í fyrri hálfleik en snarbatnaði í síðari hálfleik. Varnarleikurinn varð enn betri og markvarslan var náttúrlega bara stórkostleg hjá Björgvini," sagði afar sáttur landsliðsþjálfari, Guðmundur Guðmundsson.

„Það var okkar markmið að fara með hámarksstigafjölda í milliriðil og má upplýsa það núna. Nú tökum við annað markmið sem við höfum út af fyrir okkur. Þar gildir samt áfram það sama, að taka einn leik í einu. Nú fáum við enn sterkari andstæðinga og þar verður bitist um hvern einasta punkt."

Hornamaðurinn Þórir Ólafsson skilaði enn einum fínum leik í hús í gær og var brosmildur eftir leik.

„Við vorum grimmir allan leikinn og það fór í pirrurnar á þeim. Við náðum að berja á þeim og í sókninni vorum við klókari. Við vissum að við fengjum færi þó svo að þeir hafi reynt að slátra okkur. Vorum þolinmóðir og létum boltann ganga," sagði Þórir.

„Vörnin var náttúrlega stórkostleg. Sverre og Diddi vinna þvílíka vinnu og Bjöggi kemur svo með. Þessi leikur var mikil slagsmál. Þeir voru búnir að pumpa þetta upp í blöðunum en við sýndum að við erum betri." - hbg

TAKK FYRIR MIG, DIDDI Guðmundur Guðmundsson fagnar með strákunum eftir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslensku skylmingaþrælarnir vógu Norðmenn

Leikur Íslands og Noregs í Linköping í gær minnti meira á góðan bardaga en handbolta lengi vel. Þar reyndust íslensku skylmingaþrælarnir mun sterkari. Þeir unnu alla leiki riðilsins og fara í milliriðil með fullt hús.

Heimsmeistarakeppnin Í HANDBOLTA 2011

MEÐ VINSTRI Aron Pálmarsson skoraði nokkur gullfalleg mörk í gær – þar á meðal þetta hér er hann vippaði yfir Steinar Ege í marki Norðmanna með vinstri hendi. Eitt af afar fáum sem hann skorar þannig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Strákarnir okkar eru engum líkir. Þeir eru ekki bara frábærir í handbolta heldur kunna þeir að berja frá sér þegar þess þarf. Norðmenn reyndu að vera með stæla við þá í gær en áttu ekkert í íslenska liðið þegar á hólminn var komið. Eftir harðan bardaga framan af reiddu íslensku strákarnir til höggs með afli og eftir lágu Norðmenn óvígir.

Lokatölur í gær voru 29-22 eftir að jafnt hafði verið í hálfleik, 12-12. Þetta var einhver harðasti leikur sem undirritaður hefur séð og gaf hvorugt liðið nokkuð eftir í þeim efnum. Í stöðunni 20-18 skildu aftur á móti leiðir. Ísland skoraði átta mörk gegn einu frá Norðmönnum á sjö mínútna kafla og slátraði leiknum.

Varnarleikurinn, markvarslan, grimmdin, baráttan og vinnslan í síðari hálfleik var með hreinum ólíkindum og það er magnað að halda þessu sterka norska liði í aðeins tíu mörkum í síðari hálfleik. Norðmenn áttu nákvæmlega engin svör við varnarleik íslenska liðsins. Ef þeir komu síðan skoti á markið varði Björgvin en hann varði eins og berserkur í síðari hálfleik.

Sverre og Ingimundur eru að verða eitt besta varnarpar heims og Alexander Petersson er ekki mikið síðri við hliðina á þeim. Þessir þrír hafa allir átt algjöra stórleiki hér í Svíþjóð. Allir aðrir eru einnig að skila frábærri varnarvinnu.

Róbert Gunnarsson stóð heldur betur í ströngu í þessum leik og var magnaður. Skoraði flottasta mark mótsins og fiskaði hvert vítakastið á fætur öðru. Norsku varnarmennirnir áttu fullt í fangi með hann og réðu ekki við verkefnið. Frábært að sjá Róbert í svona formi.

Snorri Steinn Guðjónsson var einnig algjörlega frábær. Stýrði sóknarleiknum eins og hershöfðingi og skoraði mikilvæg mörk. Aron átti frábæra innkomu, Alexander er alltaf stórkostlegur og hefur eingöngu átt stórleiki á þessu móti. Svona mætti áfram telja því það lögðu allir sín lóð á vogarskálarnir og árangurinn talar sínu máli.

Fimm sigurleikir í röð, fullt hús og inn í milliriðil með fjögur stig. Staða liðsins er afar vænleg og þetta íslenska lið er til alls líklegt. Miðað við stöðuna sem liðið er búið að koma sér í verða það mikil vonbrigði að komast ekki í undanúrslit og leika til verðlauna þriðja mótið í röð.

Ef strákarnir halda aftur á móti áfram að spila eins og þeir hafa gert hingað til hef ég ekki neinar áhyggjur af framhaldinu. Þetta íslenska lið hefur alla burði til þess að endurskrifa íslenska handboltasögu í Svíþjóð.

Ísland-Noregur 29-22 (12-12)

Mörk Íslands (Skot): Snorri Steinn Guðjónsson 7/3 (11/3), Alexander Petersson 5 (8), Aron Pálmarsson 4 (9), Guðjón Valur Sigurðsson 3 (6), Ólafur Stefánsson 3 (6), Þórir Ólafsson 3/1 (4/2), Róbert Gunnarsson 2 (2), Ingimundur Ingimundarson 1 (1), Arnór Atlason 1 (3), Björgvin Páll Gústavsson 0 (1).

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 21 (42/3, 50%), Hreiðar Levy Guðmundsson 0 (1/1). **Hraðaupphlaupsmörk:** 9 (Guðjón Valur 2, Alexander 2, Ólafur 2, Róbert, Ingimundur, Þórir) **Fiskuð víti:** 5 (Róbert 4, Guðjón Valur) **Brottvísanir:** 10 mínútur

Henry Birgir Gunnarsson og Valgarður Gíslason
fjalla um HM í Svíþjóð
henry@frettabladid.is - valgard.gislason@365.is

Ótrúlegur endasprettur hjá Spánverjum gegn Frökkum í A-riðli sem breytir landslaginu í milliriðli Íslands:

Ísland í efsta sætinu í milliriðlinum

HM 2011 Ísland er eitt í efsta sæti milliriðils 1 eftir að Spánverjar náðu ótrúlegu jafntefli gegn Frakklandi í lokaleik A-riðils. Ísland hlaut fullt hús stiga í B-riðli og fer því með fjögur stig með sér í milliriðilinn.

Frakkland og Spánn voru bæði með fullt hús stiga fyrir leik liðanna í gær. Þar sem þau skiptu með sér stigunum í honum fara bæði lið með þrjú stig í milliriðilinn. Ungverjar koma næstir með tvö en Þýskaland og Noregur eru með ekkert. Ísland mætir Þýskalandi í fyrsta leik í milliriðlinum á laugardaginn.

Frakkar voru með unninn leik í höndunum í gær og sex marka forystu, 27-21, þegar rúmar átta mínútur voru eftir. Jose Hombrados varði þá vítakast fyrir Spánverja og leikurinn snerist einfaldlega við. Frakkar skoruðu ekki mark á síðustu fimm mínútunum og Spánverjar náðu að minnka muninn.

Gestgjafar Svía tóku sig saman í andlitinu í gær og unnu góðan sigur á Pólverjum í D-riðli. Á sama tíma vann Danmörk sigur á Króatíu og er eina liðið, auk Íslands, sem fer með fullt hús stiga í milliriðlakeppnina.

Riðlakeppninni lauk í gær og má sjá úrslit úr öllum riðlunum, auk stöðunnar í báðum millriðlunum eins og hún er nú, í úrslitayfirlitinu hér til hliðar. - esá

ÓTRÚLEG ÚRSLIT Frakkar töpuðu óvænt stigi í leiknum gegn Spáni í gær. Hér eru Nikola Karabatic og Ruben Garabaya að takast á. NORDICPHOTOS/AFP

jakkaföt, jakkar,
buxur, sokkar,
nærföt...

bolir í mörgum
litum og gerðum

BÓNDADAGURINN ER Í DAG!

20% AFSLÁTTUR

af öllum herrafatnaði, herraskóm og herrailmum

föstudag til sunnudags

skyrtur, bindi,
belti og fleira...

allir flottustu
herrailmirnir...

treflar, húfur,
hanskar og
yfirhafnir
í miklu úrvali

spariskór,
gönguskór,
hversdagsskór,
inniskór,
sportskór...

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 23. janúar.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

dagskrá

> Laura Linney

„Þegar ég var í skóla reyndi ég alltaf að plata kennarana mína til þess að leyfa mér að leika ritgerðirnar mínar, í stað þess að skrifa þær."

Laura Linney leikur unga konu sem þarf, með aðstoð bróður síns, að sjá um aldraðan föður sinn eftir að ástkona hans fellur frá í gamansömu verðlaunamyndinni The Savages sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20.

VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR Á EKKI TIL ORÐ

Tvær úr Tungunum í Latabæ

„Gunna systir glennti sig í geysihröðum ræl, rann svo beint á rassgatið og snéri sig á hæl." „Ha? Rass-gatið?" át fjögurra ára skottan upp eftir söngtextanum sem glumdi í útvarpinu í bílnum, og skellihló auðvitað. Við höfðum stillt á Útvarp Latabæ meðan við vorum á ferðinni milli staða en lagaval á þeirri stöð kemur mér margoft á óvart. Stöðin er ætluð yngstu hlustendunum en sönglínur eins og, „…frá lassarónum upp í snobbaðar kerlingar", úr laginu Austurstræti, eiga það jafnvel til að dynja á eyrum. Innihald þessa annars ágæta lags, Tvær úr Tungunum, fjallar í grófum dráttum um vergjarnar og veðurbitnar sveitastúlkur sem, fullungar eða fjórtán ára, demba sér á djammið í borginni. Og skemmta sér vel! Þiggja meðal annars far með bláókunnugum manni, velta til og frá á dansgólfinu og láta öllum illum látum.

Kannski ekki það sem fjögurra ára og yngri ættu að meðtaka svona rétt á meðan ekið er milli staða.

Ég gaf svo sem efni ætluðu börnum aldrei gaum áður en ég þurfti þess. Nú verð ég margoft vör við illa hugsað barnaefni.

Ég íhugaði að skipta um stöð en gerði það svo ekki, skottan hló og hló og ég treysti á að fjögurra ára barnshugurinn væri of upptekinn af því að hafa heyrt orðið „rass" í útvarpinu að línurnar sem á eftir fylgdu síuðust ekki inn. „Við erum útvaxnar á ýmsum stöðum, rauðbirknar og freknóttar, klofnar upp að herðablöðum kafloðnar og kiðfættar…"

SJÓNVARPIÐ

16.30 Mér datt það í hug
17.05 Átta raddir (2:8) (e)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Otrabörnin (5:26)
18.22 Frumskógarlíf (13:13)
18.27 Danni (3:4) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 Lögin í söngvakeppninni (e)
20.20 Útsvar Spurningakeppni sveitarfélaganna. Lið Árborgar og Ísafjarðarbæjar eigast við. Umsjónarmenn: Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.
21.25 Frægðarbrautin (Glory Road) Þetta er saga þjálfarans Dons Haskins og körfuboltaliðs Texas Western-skóla sem hann kom í úrslit háskóladeildarinnar í Bandaríkjunum árið 1966, en liðið var eingöngu skipað blökkumönnum.
23.25 Taggart – Uppljóstrarinn (Taggart - Grass) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.15 Olnbogabörn (El orfanato) Kona flyst með fjölskyldu sína á æskuheimili sitt og lætur sig dreyma um að opna þar hæli fyrir munaðarlaus fötluð börn. Áður en langt um líður er sonur hennar farinn að eiga samskipti við ósýnilegan vin. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
02.00 Lögin í söngvakeppninni (e)
02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 La Bamba
10.00 Pay It Forward
12.00 G-Force
14.00 La Bamba
16.00 Pay It Forward
18.00 G-Force
20.00 The Savages
22.00 The Fast and the Furious
00.00 The Green Mile
03.05 Cemetery Gates
04.35 The Fast and the Furious

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 60 mínútur
11.00 Til Death (1:15)
11.25 Auddi og Sveppi
11.50 Mercy (14:22)
12.35 Nágrannar
13.00 Making Over America With Trinny & Susannah (2:7)
13.45 Oliver!
16.05 Barnatími Stöðvar 2
17.10 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (1:22)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Auddi og Sveppi
19.50 Logi í beinni
20.35 American Idol (1:45) Vinsælasti skemmtiþáttur veraldar snýr aftur í tíunda skiptið. Níu sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn um allan heim. Búast má við miklum breytingum í þessari þáttaröð þar sem Simon Cowell og Kara DioGuardi hafa sagt skilið við dómarasætin. Í þeirra stað koma Steven Tyler, söngvari Aerosmith, Jennifer Lopez. Einn virtasti tónlistarframleiðandi heims, Jimmy Lovine, aðstoðar keppendur.
22.00 American Idol (2:45)
22.45 The Brothers Solomon Gamanmynd sem fjallar um tvo ljúfa en félagslega hefta bræður sem reyna að finna draumastúlkuna til að uppfylla óskir pabba þeirra um að eignast barnabörn.
00.15 Brothers of the Head Áhrifamikil leikin kvikmynd í heimildarmyndarstíl um síamstvíbura sem kynnast öllum hliðum rokkheimsins þegar þeir reyna að slá í gegn með hljómsveit sinni Bang Bang.
01.50 The Valley of Light
03.30 The Wind That Shakes the Barley
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Ísland - Noregur
16.40 Austurríki - Ungverjaland Útsending frá leik Austurríkis og Ungverjalands í B-riðli.
18.05 Ísland - Noregur Útsending frá leik Íslands og Noregs í B-riðli.
19.30 Samantekt Þorsteinn J. og gestir hans fara yfir gang mála á HM í handbolta í Svíþjóð.
20.30 La Liga Report Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.
21.00 Main Event Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
21.50 European Poker Tour 6
22.40 Ísland - Noregur
00.05 Austurríki - Ungverjaland
01.30 Samantekt

SPORT 2 *enski boltinn*

16.00 Sunnudagsmessan
17.00 West Ham - Arsenal
18.45 Stoke - Bolton
20.30 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
21.00 Premier League Preview 2010/11 Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu. Allar helstu breytingarnar á liðunum skoðaðar, viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara og stuðningsmenn teknir tali.
21.30 Premier League World 2010/11
22.00 Ronaldo Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldo eða „Rögnvald reginskyttu" eins og hann hefur stundum verið kallaður hér á landi. Ronaldo sýndi frábæra takta með Barcelona og Inter meðal annars og sýndi hvers hann var megnugur á HM 1998 og 2002.
22.30 Premier League Preview 2010/11
23.00 Man. City - Wolves

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (96:175)
08.45 Rachael Ray (172:175)
09.30 Pepsi MAX tónlist
15.50 Rachael Ray (173:175)
16.35 Dr. Phil (97:175)
17.20 Seven Ages of Marriage
18.15 Life Unexpected (7:13)
19.00 Melrose Place (12:18)
19.45 The Ricky Gervais Show (11:13)
20.10 Got To Dance (3:15) Got to Dance er raunveruleikaþáttur sem hefur farið sigurför um heiminn.
21.00 HA? NÝTT! (1:12) Nýr íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi í léttum dúr með áhorfendum í sal. Umsjónarmaður þáttarins er leikarinn góðkunni Jóhann G. Jóhannsson en liðstjórarnir þau Edda Björg og Sólmundur Hólm fá góða gesti sér til aðstoðar. Stigin skipta ekki öllu máli í þessum þætti heldur leitin og leiðin að svarinu. Höfundur spurninga er Stefán Pálsson.
21.50 The Bachelorette (3:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem ung og einhleyp kona fær tækifæri til að finna draumaprinsinn í hópi 25 myndarlegra piparsveina.
23.20 30 Rock (7:22)
23.45 The L Word (5:8)
00.35 Saturday Night Live (2:20)
00.40 Dr. Phil (93:175)
01.20 Whose Line Is It Anyway? (15:39)
01.45 Human Nature
03.25 Jay Leno (180:260)
04.55 The Ricky Gervais Show (11:13)
05.20 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

09.20 Bob Hope Classic (2:5)
13.10 Golfing World (4:240)
14.00 Bob Hope Classic (2:5)
17.00 Golfing World (4:240)
17.50 Golfing World (5:240)
18.40 PGA Tour - Highlights (2:45)
19.35 Inside the PGA Tour (3:42)
20.00 Bob Hope Classic (3:5)
23.00 Golfing World (5:240)
23.50 ESPN America

EXTRA

19.30 The Doctors
20.15 Smallville (10:22) Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 NCIS: Los Angeles (22:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington.
22.35 Human Target (12:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja og tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst. Grínspenna í anda Chuck, Louise og Clark og Quantum Leap. Þættirnir koma úr smiðju McG sem er einmitt maðurinn á bak við Chuck og Charlie's Angels myndirnar en þættirnir eru byggðir á vinsælum myndasögum.
23.20 Life on Mars (8:17) Bandarískur sakamálaþáttur sem fjalla um lögregluvarðstjórann Sam sem lendir í bílslysi í miðri morðrannsókn og vaknar upp sem lögreglumaður snemma á 8. áratugnum.
00.05 Smallville (10:22)
00.50 Auddi og Sveppi
01.30 The Doctors
02.10 Fréttir Stöðvar 2
03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Föstudagsþátturinn Með Hildu Jönu Gísladóttur.
Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.

INN

20.00 Hrafnaþing Heimastjórnin
21.00 Ævintýraboxið Stefán Drengsson og félagar
21.30 Heilsuþáttur Jóhönnu Dr. Sigmundur og Sóley Elíasdóttir leikkona tala meðal annars um eiturefni í umhverfinu

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR STÖÐ 2 STÖÐ 2+ STÖÐ 2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ+ STÖÐ 2 EXTRA STÖÐ 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 20.35
American Idol
Glæný þáttaröð af vinsælasta skemmtiþætti veraldar. Rokkguðinn Steven Tyler, söngvari Aerosmith, og söngdívan Jennifer Lopez setjast í dómarasæti en Simon Cowell og Kara DioGuardi eru horfin á braut. Sýndir eru tveir þættir í senn, innan við sólarhring eftir að seinni þátturinn er frumsýndur í bandarísku sjónvarpi.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt að morgni dags. **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð (Tvær sögur úr safni Jóns Helgasonar) **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Tilraunaglasið Þáttur um vísindi og tækni. **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Höll minninganna eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. Þórhallur Sigurðsson les. (15:20) **15.25** Heiðursdoktorahátíð **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

12.30 Deal or No Deal **13.05** Deal or No Deal **13.45** Whose Line Is It Anyway? **14.10** Whose Line Is It Anyway? **14.35** Only Fools and Horses **15.05** Only Fools and Horses **15.35** Doctor Who **16.25** New Tricks **17.15** Deal or No Deal **17.50** Deal or No Deal **18.25** Only Fools and Horses **19.00** Only Fools and Horses **19.30** The Catherine Tate Show **20.00** The Office **20.30** Mistresses **21.20** Lead Balloon **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.15** Whose Line Is It Anyway? **22.40** New Tricks **23.30** My Family **00.00** The Catherine Tate Show

DR 1

11.10 Portræt af en fotograf **11.30** By på Skrump **12.00** Dig og mig **12.30** Den lille forskel **13.00** Vores Liv **13.30** Sølvsmeden **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.05** Aftenshowet **15.00** Noddy **15.10** Ih! siger den lille bamse **15.15** Babar **15.30** Det kongelige spektakel **15.40** Peddersen og Findus **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** Det søde liv **17.00** Tæt på dyrene på krybskyttejagt **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt med VM Håndbold **20.35** Tolken **22.35** Rob Roy

NRK 1

12.00 NRK nyheter **12.05** Sport i dag **15.00** NRK nyheter **15.10** Sport i dag **15.25** V-cup hopp **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.40** Norge rundt **19.05** Lyngbø og Hærlands Big Bang **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Sporløst forsvunnet **22.05** Kveldsnytt **22.20** Elskerinner **23.10** Pop-perler fra 60-tallet **00.05** Sognepresten **00.35** Country jukeboks u/chat **03.00** Dansefot jukeboks m/chat

SVT 1

11.50 Hipp Hipp **12.20** Veronica Mars **13.05** Rebecca och Fiona **13.20** Skidskytte. Världscupen Oberhof **15.00** Rapport **15.05** Party animals **15.55** Antikrundan **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Spanglish **23.10** The Pacific **00.00** Monica Zetterlund - Underbart är kort **01.30** Veronica Mars **02.15** På spåret **03.30** Debatt

★★★★ Mbl
„Sýningin er afskaplega litrík og skemmtileg. Skoppa og Skrítla eru vel skrifaðar persónur og Linda og Hrefna hafa alveg sérstakt lag á yngstu áhorfendunum."
„... enn ein fjöður í hatti þeirra vinkvenna."
Þ, Mbl

★★★★ Fbl
„Þær Linda Ásgeirsdóttir og Hrefna Hallgrímsdóttir sem sigrað hafa hjörtu barna í gervum Skoppu og Skrítlu ..."
EB, Fbl

Aðeins örfáar sýningar - Tryggðu þér miða núna
Laugard. 22. og sunnud. 23. janúar - kl. 14
Sunnud. 30. janúar - kl. 14
Laugard. 5. febrúar - kl. 14
Miðaverð aðeins kr. 2.200.

Miðasölusími **568 8000** | borgarleikhus.is

www.skoppaogskritla.is
facebook

emmessís

Borgarleikhúsið

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM
Smiðjuvegi 2
Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16

Löggiltir dýnuframleiðendur
– Starfandi í 60 ár

FÖSTUDAGSLAGIÐ

„Loser með Beck klikkar aldrei og Never There með Cake er alveg súper.“

Sigurður Eyberg tónlistarmaður.

Menningarvitar vilja menningarfréttir

„1. desember var sýnt fram á að skapandi greinar eru með umsvif á við sjómenn og bændur samanlagt og það er bara synd að RÚV skuli ekki sinna þessum hluta nægjanlega vel,“ segir Hallgrímur Helgason rithöfundur. Hann skorar á listamenn að fylla pósthólfið hjá Páli Magnússyni útvarpsstjóra og Sigrúnu Stefánsdóttur dagskrárstjóra með áskorun um að koma á fót sérstökum menningarfréttum með svipuðu sniði og íþróttafréttir hafa verið.

Hallgrímur segir þessa hugmynd ekki vera nýja af nálinni. „Þetta viðraði Benedikt Erlingsson í haust og í framhaldi af því sendi ég þennan póst til útvarpsstjóra og dagskrárstjóra en fékk ekkert svar. Ég heyrði svo Katrínu Jakobsdóttur menningamálaráðherra segja að menningarfréttir mættu vera meiri og betri og ákvað að láta kné fylgja kviði.“

Hallgrímur hefur stofnað sérstaka grúppu á Facebook undir nafninu Menningarfréttir í útvarp og sjónvarp og þar er hægt að nálgast bréf Hallgríms en meðal þess sem þar kemur fram er að dagskrárstjórinn og útvarpsstjórinn myndu „skora feitt hjá þjóðinni með því að innleiða MENNINGARFRÉTTIR við hlið Íþróttafrétta í lok hvers fréttatíma“. - fgg

VILJA MENNINGARFRÉTTIR Hallgrímur Helgason hvetur kollega sína úr menningarlífinu til að senda útvarpsstjóra og dagskrárstjóra RÚV tölvupóst þar sem skorað er á þau að koma á fót sérstöku menningarfréttahorni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



RAGNAR BRAGASON: BÚIÐ AÐ SKRIFA HLUTVERK FYRIR JÓN GNARR

Heimsendir helmingi stærri en Fangavaktin

„Þetta er svo stór sería. Það er alveg gríðarlegt magn af fólki sem birtist, við erum með heilan geðspítala,“ segir leikstjórinn Ragnar Bragason.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu vinna Ragnar og félagar hans í Vaktagenginu, þeir Pétur Jóhann Sigfússon, Jörundur Ragnarsson og Jóhann Ævar Grímsson að sjónvarpsþáttunum Heimsendir, sem gerast á geðsjúkrahúsi. Jón Gnarr, félagi þeirra, hefur öðrum hnöppum að hneppa þessa dagana, en þeir eru samt búinn að skrifa fyrir hann lítið hlutverk. „Nú þurfum við að semja við ritarann hans og sjá hvort það sé hægt að finna tíma til að fá hann í upptökur,“ segir Ragnar. „Það er ekki hægt að gera þetta án þess að það sjáist allavega í hann.“

Eru nýju þættirnir stærri en Fangavaktin?

„Ég myndi segja að Heimsendir væri helmingi stærri. En þættirnir gerast meira og minna allir á þessum spítala.“

Óvíst hvar þættirnir verða teknir upp, en upptökur hefjast í júní. Þættirnir verða svo frumsýndir á Stöð 2 í haust. Samstarf félaganna hefur verið gríðarlega farsælt, en þrátt fyrir það segir Ragnar það alls ekki vera auðvelt að byrja á nýjum þáttum.

„Síðast vorum við að byggja á grunni sem varð til í Næturvaktinni,“ segir hann. „Í þetta skipti erum við að búa til nýtt gallerí frá grunni. Rannsóknar- og forvinnan hefur verið mikil, sérstaklega út af umfjöllunarefninu. Við vorum að kynna okkur þennan heim; staðreyndir og hluti sem tengjast heimi þeirra sem glíma við geðsjúkdóma.“

Og hafið þið hitt geðsjúka í þessari vinnu?

„Mjög marga. Við erum búnir að hitta mjög marga sem hafa glímt við geðsjúkdóma og marga sem hafa unnið í þessu kerfi. Geðlækna, iðjuþjálfa, sálfræðinga – við erum búnir að vinna mjög mikla heimavinnu.“

Ragnar og félagar leita nú að stelpu á aldrinum 13 til 15 ára til að fara með eitt aðalhlutverkanna. „Hún á að leika dóttur Péturs Jóhanns,“ segir hann og bendir áhugasömum á að senda póst á stelpa@sagafilm.is.

atlifannar@frettabladid.is

FARSÆLT SAMSTARF Allt sem Vaktargengið hefur snert undanfarin misseri hefur breyst í gull. Jón Gnarr tekur ekki þátt í framleiðslu nýju þáttanna, en þó hefur verið skrifað fyrir hann lítið hlutverk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SPAUGSTOFUMENN Í NÝJU ÞÁTTUNUM

Spaugstofumennirnir Karl Ágúst Úlfsson og Sigurður Sigurjónsson eru í hlutverkum í Heimsendi. „Við erum að grínast með hvort við þurfum ekki að taka restina og troða inn,“ segir Ragnar.

Spaugstofan er með vinnuaðstöðu við hliðina á skrifstofu Ragnars, Péturs Jóhanns, Ævars og Jörundar. „Þeir eru að vinna Spaugstofuna í næsta rými og ég fór allt í einu að pæla: „Já, þessir strákar.“ Og fór að sjá þá í einhverjum öðrum hlutverkum en þeir eru í í Spaugstofunni. Þeir fá þennan stimpil á sig að vera Spaugstofan, en ástæðan fyrir því að þeir fóru í Spaugstofuna á sínum tíma var að þeir voru klárir gaurar sem vissu hvað þeir voru að gera. Það er mjög gaman að vinna með þeim. Þetta eru eðaldrengir.“

Þá fannst Ragnari vera kominn tími á *kommbakk* hjá Karli Ágústi Úlfssyni. „Maðurinn er goðsögn síðan í Lífsmyndunum á níunda áratugnum,“ segir hann. Á meðal annarra leikara í Heimsendi eru Jörundur Ragnarsson, Pétur Jóhann Sigfússon, Halldór Gylfason, Nína Dögg Filippusdóttir, Halldóra Geirharðsdóttir, Brynhildur Guðjónsdóttir, Margrét Helga Jóhannsdóttir og Lára Jóhanna Jónsdóttir.

RIFF bíður eftir ríkisstyrk

„Þetta er bara bull. Hún er ekki búin að slátra hátíðinni,“ segir Hrönn Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, RIFF.

Ritstjórinn fyrrverandi og bloggarinn Jónas Kristjánsson skrifaði á síðu sinni að hátíðin yrði ekki haldin á þessu ári og að Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefði slátrað henni með því að undirrita ekki meðmælabréf með styrkbeiðni til Evrópusambandsins.

Hrönn vísar þessu á bug og segir að hátíðin verði haldin í haust. RIFF hefur þegar fengið vilyrði hjá Reykjavíkurborg fyrir átta milljón króna styrk eins og undanfarin ár. Ríkið hefur einnig samþykkt að styrkja hátíðina áfram en ekki er ljóst hversu há upphæðin verður. Á síðasta ári nam styrkurinn átta milljónum króna. Viðræðurnar við ríkið hafa tekið töluverðan tíma en málið mun skýrast á allra næstu dögum.

HRÖNN MARINÓSDÓTTIR Framkvæmdastjóri RIFF segir að hátíðin verði haldin í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

RIFF hefur einnig sótt um svokallaðan Media-styrk til Evrópusambandins og fær svar við beiðninni í febrúar. Hátíðin hefur einu sinni fengið Media-styrk, eða árið 2009, og nam hann sex og hálfri milljón. Hrönn segir umfang næstu RIFF-hátíðar, sem verður sú áttunda í röðinni, ráðast af því hversu háa styrki hún fær. „Grunnurinn undir starfseminni hefur verið þessi styrkur frá Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytinu. Við bindum miklar vonir við að fá áfram svipaða upphæð. Ég er bjartsýn á að ráðherra taki skynsamlega ákvörðun í þessu máli,“ segir hún og fullyrðir að peningurinn sem hafi verið lagður í hátíðina komi allur til baka og rúmlega það. - fb

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

ÚTSALA

Gula húsið • Faxafeni 8 • Gula húsið • Faxafeni 8 • Gula húsið • Faxafeni 8

40% af völdum skóm

Lægsta verðið:
Áður 990
594°

Dömubolir

Stærðir XS-XL, í ýmsum gerðum og litum

Aðeins 479 °

Handklæði

50x60 / 50x90 / 70X140

Aðeins 99 °

Herrabolir

Stærðir XS-XXXL, ýmsir litir

Aðeins 479 °

Leggings

Stærðir S/M, M/L, 16, 18

Aðeins 990 °



Sæng og koddasett

Með pólýester fyllingu

Aðeins 990°

Opið 11-19 alla daga vikunnar nema sunnudaga 12-17 / Sími 534 4451

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

NÝTT ÍSLENSKT

GOSVERKSMIÐJAN ★ KLETTUR
www.gosogvatn.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tilnefndur í fjórða sinn

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur kvikmyndagerðarmaðurinn **Egill Örn Egilsson** eða Eagle Egilsson náð mikilli og góðri fótfestu í bandaríska sjónvarpsiðnaðinum. Egill hefur að undanförnu unnið með stórmyndaframleiðandanum Jerry Bruckheimer og leikstýrir meðal annars sjónvarpsþáttaröðinni Chase sem sýnd er á Stöð 2. Egill er hins vegar þekktastur fyrir að stjórna upptökunum á sjónvarpsþáttaröðinni CSI:Miami og er tilnefndur í fjórða sinn til fagverðlauna samtaka kvikmyndatökumanna í Bandaríkjunum, ASC, fyrir þátt sinn í lögfræðidramanu Dark Blue. - fgg

Jón Leifs og Ruslana

Eitt laganna sem verður frumflutt í Söngvakeppni sjónvarpsins annað kvöld hefur vakið sérstaka athygli. Það er mikill óður til Eyjafjallajökuls í flutningi **Matta Matt** úr Pöpunum og Elsu Bjargar Káradóttur. Lagið heitir þeim lýsandi titli Eldgos. Helsti poppspekingur landsins, **Dr. Gunni**, minnir á lagið á Feisbúkk-síðu sinni og einhverjir kynnu að segja að hann hitti naglann þráðbeint á höfuðið með þessari lýsingu: „Jón Leifs að elskast kröftuglega með Ruslönu í æfingahúsnæði Metallica.“ - sh

Mest lesið visir.is

1. Milljarðar millifærðir daginn sem neyðarlög voru sett
2. Pilturinn fundinn – losaði sig við hnífinn
3. Engin ákvörðun tekin um Eurovision – Sjonni tók upp...
4. Nemendur úr Verzló með hæstu einkunn
5. „Það er alltaf von, ég ætla ekki að missa hana“

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

MEIRI FRÓÐLEIKUR

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. visir.is

Fyrstur kemur fyrstur fær

ÚTSALA

Takmarkað magn

Gerið gæða- og verðsamanburð

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA

PROFLEX

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi

Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**

10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)

BOAS
Leður hægindasófi 3 sæta **169.900**
Svefnsófi **169.900**
Hægindastóll **79.900**

20-70% AFSLÁTTUR
Skiptidýnur, útlitsgallaðar dýnur og sýningardýnur.
Lök, hlífðardýnur, pífur, sængurverasett og fleira.

Svefnsófi
með tungu hægri/vinstri og geymslu Svefnflötur 140x200
Tveir litir, verð **199.000**
Nú 99.500

Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00